


skoðun 16

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




Landið heillar
*Styrmir Bjarnason tekur fallegar myndir úr fisvél.*
allt 1





# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
19. apríl 2011
92. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001-2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Málefnið er mér kært
*Björt Ólafsdóttir er nýkjörin formaður Geðhjálpar.*
**tímamót 26**

## Dýrt jafntefli
*Man. Utd. missteig sig í gær gegn Newcastle og hleypti Arsenal og Chelsea í baráttuna á nýjan leik.*
**sport 46**




## Helga í háloftin
*Leikkonan Helga Braga útskrifast sem flugfreyja.*
**fólk 50**

## veðrið í dag




**HLÝJAST ALLRA AUSTAST** í dag má búast við SV-áttum, víða 5-10 m/s en suðlægari og 10-15 m/s við suðausturströndina. Rigning eða slydda í fyrstu en síðar skúrir eða él. NA-til verður bjart með köflum.
**VEÐUR 4**

# Kvótakerfinu breytt í tveimur skrefum

**Til greina kemur að skipta áformuðum breytingum á fiskveiðistjórnunarkerfinu upp, leggja hluta fram á þingi í vor og láta stór álitamál gerjast í umræðu í sumar. Uppboð á tilteknum aflaheimildum kunna að hefjast í haust.**

**STJÓRNMÁL** Til skoðunar er hvort hyggilegt sé að vinna að breytingum á lögum um stjórn fiskveiða í tveimur skrefum í stað eins, eins og að var stefnt.

Vinna við nýtt frumvarp hefur tekið mun lengri tíma en áætlað var. Í fyrstu var stefnt að framlagningu þess á haustþingi. Í janúar boðaði Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, að frumvarpið yrði lagt fram í febrúar og fyrir helgi lýsti Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra því yfir að það yrði lagt fram í maí.

Starfið er að sönnu flókið og viðamikið og – samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins – flóknara og viðameira en talið var. Nú er unnið að hagfræðilegri úttekt á þeim leiðum sem stjórnvöld vilja fara.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til Samtaka atvinnulífsins sem samtökin hafa birt segir að þau ætli að „brjóta upp forgang núverandi kvótahafa að lokuðu kerfi og reisa skorður við að þeir geti fénýtt þá sameign landsmanna sem fiskimiðin eru með því að leigja eða selja öðrum veiðiheimildir á himinháu verði“. Um leið stefna þau að því að „skapa sjávarútveginum traust rekstrarskilyrði til lengri tíma, auka þjóðhagkvæmni greinarinnar og treysta atvinnufrelsi og jafnræði innan hennar“.

Meðal þess sem er til skoðunar er hvort unnt sé að leggja fram frumvarp á næstunni sem miðar að því að uppboðsmarkaður með tilteknar aflaheimildir verði settur á laggirnar þegar nýtt fiskveiðiár hefst 1. september. Beðið yrði með stór álitamál á borð við afnotatíma á aflaheimildum, hlutdeild heildarafla í sérstökum pottum og breytingar á framsali aflamarks þar til í haust. Í sumar gæti hins vegar farið fram umræða um málin á breiðum vettvangi, meðal annars með tilliti til niðurstöðu áðurnefndrar hagfræðilegrar úttektar.

Ekki ríkir eining meðal þingmanna stjórnarflokkanna um hve langt eigi að ganga í breytingum á kerfinu. Einstaka þingmenn Samfylkingarinnar vilja ganga langt en innan VG eru sterk öfl sem vilja fara varlega í breytingar. **- bþs**




**MEISTARAR** Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, fær hér flugferð frá lærisveinum sínum í gær. KR varð Íslandsmeistari í körfuknattleik í gær eftir öruggan sigur á Stjörnunni. KR vann einvígi liðanna 3-1. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Keyrði undir áhrifum áfengis og varð tveimur stúlkum að bana á síðasta ári:

# Dæmdur í tólf mánaða fangelsi

**DÓMSMÁL** Tvítugur maður hefur verið dæmdur í tólf mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir að aka undir áhrifum áfengis, langt yfir leyfilegum hámarkshraða, og verða tveimur stúlkum, sem voru farþegar í bílnum, að bana.

Atvikið átti sér stað í Reykjanesbæ í apríl á síðasta ári. Stúlkurnar tvær voru ekki í bílbelti þegar bifreiðin valt. Þrjár stúlkur voru í bílnum og slasaðist sú þriðja alvarlega.

Í framburði mannsins kom fram að hann myndi lítið eftir ökuferðinni sökum ölvunar. Viðurkenndi hann að hafa fundið til áfengisáhrifa og þreytu við aksturinn. Að mati sérfræðinga var bílnum ekið á um 114 kílómetra hraða.

Níu mánuðir af tólf mánaða dómnum eru skilorðsbundnir til tveggja ára. Maðurinn var að auki sviptur ökuréttindum í þrjú ár. **- sv**





**GAUKUR OG JÓN GNARR** Félagarnir eru á leið til New York þar sem þeir munu sýna Gnarr á Tribeca-hátíðinni.

Gnarr á Tribeca:

# Sýnd á virtri hátíð í New York

**FÓLK** Heimildarmyndin Gnarr, sem fjallar um leið Besta flokksins í borgarstjórn, verður sýnd þrívegis á kvikmyndahátíðinni Tribeca í New York um páskana. Leikstjórinn Gaukur Úlfarsson, Jón Gnarr borgarstjóri, Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Besta flokksins, og framleiðendur myndarinnar verða viðstödd hátíðina.

„Það er mjög gleðilegt að komast inn á svona stóra og flotta hátíð,“ segir Gaukur en Tribeca er ein stærsta kvikmyndahátíð heims. „Ef þú ert ekki að gera Hollywood-stórmynd er þetta leiðin til að fanga athyglina.“

Að Tribeca-hátíðinni lokinni verður Gnarr sýnd á stærstu heimildarmyndahátíð Norður-Ameríku, Short Docs, í Toronto í Kanada. **- fb /** **sjá síðu 50**

Í árekstri við flutningabíl:

# Alvarlegt slys á Norðurlandi

**SLYS Alvarlegt umferðarslys varð á Norðurlandsvegi um Víðidal við bæinn Jörfa á áttunda tímanum í gærkvöldi.**

**Flutningabíll og fólksbíll rákust saman og slasaðist ökumaður fólksbílsins alvarlega og var hann fluttur á Sjúkrahúsið á Akureyri. Ökumaður flutningabílsins slapp ómeiddur. Lögregla, sjúkrabílar og tækjabíll komu á vettvang og var vegurinn lokaður fyrir umferð í rúman klukkutíma. Ekki fengust nánari upplýsingar hjá lögreglu um tildrög slyssins. - sv**








OPIÐ 24 TÍMA
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni
Office1

## SPURNING DAGSINS



*Atli, heldurðu að þú gætir haldið pókerfeisinu ef þú hittir Lady Gaga?*

„Ég myndi allavegana reyna að halda því, en er ekki viss um að það tækist."

Atli Freyr Arnarson rær öllum árum að því að því að verða aðstoðarmaður stórstjörnunnar Lady Gaga.

Tímamótadómur Héraðsdóms Reykjavíkur gæti komið mörgum fyrirtækjum til bjargar:

# Milljarðar í húfi eftir gengislánadóm

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur komst í gær að þeirri niðurstöðu að gengistryggðir fjármögnunarleigusamningar væru ólöglegir.

Milljarðar króna og hundruð starfa eru í húfi, sagði Árni Jóhannsson, forstöðumaður mannvirkjasviðs Samtaka iðnaðarins, í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Samningar sem þessir voru gerðir á sínum tíma til að fjármagna kaup fyrirtækja á atvinnutækjum, svo sem flutningabílum, gröfum og öðrum tækjum.

Fyrirtækið Kraftvélaleigan gerði slíkan samning við Íslandsbanka en í úrskurði héraðsdóms segir að samningurinn hafi verið gengistryggður lánssamningur í íslenskum krónum og því ólöglegur.

Árni sagði í samtali við Stöð 2 að mörg fyrirtæki væru í vandræðum sökum neikvæðrar eiginfjárstöðu. „Þetta getur örugglega hjálpað mjög mörgum þeirra til að snúa þeirri þróun við í jákvæða eiginfjárstöðu og vonandi er að þau nái áttum sínum og geti byggt sig upp að nýju," sagði Árni.

Íslandsbanki, sem hefur gert um fjögur þúsund slíka samninga, hyggst áfrýja málinu til Hæstaréttar, en Árni vonast til að niðurstaða verði komin í byrjun sumars. **- þj**



**TÍMAMÓTADÓMUR** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að gengistryggðir fjármögnunarleigusamningar vegna vinnuvéla væru ólögmætir. Dómurinn gæti haft mikil áhrif á framkvæmdir og iðnað í landinu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fólk í Þverholti telur húsgrunn slysagildru

**Stórt byggingasvæði við Þverholt hefur staðið óhreyft frá hruni. Fólk á svæðinu óttast slys á börnum sem sækja á svæðið til að leika sér. Dýrt er talið að laga svæðið en Landsbankinn leitar að samstarfsaðilum til að klára uppbygginguna.**

**SKIPULAGSMÁL** „Ég horfi á krakkana leika sér á svæðinu og hef af því þungar áhyggjur að hérna verði slys fyrr en seinna. Í grunninn safnast mikið vatn og verður því best lýst sem stöðuvatni innan bæjarmarkanna," segir Þórleifur V. Friðriksson, prentsmiðjustjóri Hjá GuðjónÓ í Þverholti 13.

Við Þverholt 15 stendur svæði eins og það var þegar jarðvinnu lauk árið 2008 en Byggingafélag námsmanna hugðist reisa 400 stúdentaíbúðir á lóðum við Þverholt og Einholt. Svæðið er nú í eigu Landsbankans.

Böðvar Jónsson, framkvæmdastjóri Byggingafélags námsmanna, segir félagið annast svæðið fyrir Landsbankann en hann sér ekki í fljótu bragði hvað er hægt að gera til að gera svæðið öruggara en nú er. Svæðið hafi verið girt af og dælur settar upp til að dæla vatni úr grunninum þegar það hafi safnast upp.

Þórleifur segir að þrátt fyrir að dælt sé upp úr grunninum dugi það ekki til. Grunnurinn fyllist hraðar en dælt sé og fyrr en varir séu komin börn til að leika sér. Að því hafi hann ítrekað orðið vitni.

Þórleifur segir ástandið á svæðinu bagalegt því vegna framkvæmdanna á sínum tíma hafi meirihluta Þverholtsins verið breytt í einstefnugötu. Það geri rekstur fyrirtækis eins og stórrar prentsmiðju ekki auðveldari. Hann spyr hvort ekki megi taka til á svæðinu; loka grunninum og gera Þverholtið þannig úr garði að auðveldara sé fyrir fólk og fyrirtæki að sinna sínum daglegu störfum.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar, tekur undir að óviðunandi sé hvernig skilið hafi verið við svæðið. „Það er ekki hægt að fullyrða hvað þetta mun bíða svona lengi en það kostar líklega tugi milljóna að koma þessu í eitthvert nothæft ástand; fylla holuna og ganga frá þessu." Hvað hættur varðar á byggingarsvæðinu segir Magnús að hann sé „sæmilega rólegur yfir þessu, en ekki meira en það. En það er niðurdrepandi að þetta þurfi að vera svona og þetta væri betur eini staðurinn. Þeir eru því miður miklu fleiri."

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir bankann hafa reynt að fá samstarfsaðila til að byggja svæðið upp. Komið hafi til greina að halda áfram með verkefnið eins og það var hugsað en hingað til hafi sú leit verið árangurslaus. Reginn, dótturfélag Landsbankans sem fer með umsýslu og ráðstöfun fasteigna og fasteignafélaga, tekur sennilega við svæðinu, að sögn Kristjáns. Reginn mun reyna að þróa verkefnið áfram undir sínum hatti. **svavar@frettabladid.is**



**BYGGINGAREITUR VIÐ ÞVERHOLT 15** Eins og sjá má safnast mikið vatn í grunninn. Börn sækja inn fyrir girðinguna og er óttast að slys geti orðið, þar sem vatnið verður mjög djúpt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> En þetta er niðurdrepandi að þetta þurfi að vera svona og þetta væri betur eini staðurinn. Þeir eru því miður miklu fleiri.
>
> **MAGNÚS SÆDAL SVAVARSSON**
> BYGGINGAFULLTRÚI REYKJAVÍKURBORGAR



**AKUREYRI** Maðurinn sem hefur verið ákærður er búsettur á Akureyri, en slysið átti sér stað rétt sunnan við bæinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Manndráp af gáleysi:

## Undir áhrifum við stýrið og ók á skokkara

**LÖGREGLUMÁL** Maður á þrítugsaldri hefur verið ákærður fyrir manndráp af gáleysi. Maðurinn var undir áhrifum fíkniefna þegar hann ók á skokkara á Eyjafjarðarbraut í janúar síðastliðnum með þeim afleiðingum að hann lést.

Í þvagi ökumannsins, sem er fæddur árið 1986, fundust leifar af kannabisefni. Því er hann ákærður fyrir umferðarlagabrot og fyrir manndráp með gáleysislegum akstri.

Maðurinn sem lést hét Gísli Ólafur Ólafsson. Hann var 49 ára gamall og til heimilis á Akureyri. **- sv**

Sænskt dómsmál:

## Raðnauðgari fundinn sekur

**SVÍÞJÓÐ 24 ára karlmaður var í gær fundinn sekur um þrettán árásir á konur í Örebro, þar af þrjár nauðganir.**

**Maðurinn var handtekinn í október síðastliðnum, en þá hafði lögregla um fimm ára skeið rannsakað röð kynferðisglæpa í borginni.**

**Alls var maðurinn, Niklas Eliasson, ákærður fyrir þrjár nauðganir, níu tilraunir til nauðgunar og tvö tilfelli af kynferðislegri áreitni.**

**Eliasson mun nú gangast undir geðrannsókn, en dóms er fyrst að vænta í málinu í júní.** **- þj**

Mikill fjöldi jarðskjálfta:

## Rúmlega 1.000 skjálftar í mars

**NÁTTÚRA Alls mældust 1.090 jarðskjálftar undir landinu og á hafsvæðinu í kringum Ísland í marsmánuði. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.**

**Stærstu skjálftarnir urðu norður á Kolbeinseyjarhrygg; sá stærsti náði stærð 4 á Richter-kvarða. Stærsti skjálftinn á landinu varð við Kleifarvatn og mældist 3,5 að stærð.**

**Í febrúarmánuði urðu hátt í 2.000 skjálftar undir landinu og á hafsvæðinu í kringum Ísland. Mest var virknin við Krýsuvík.** **- sv**

Ber fyrir sig minnisleysi:

## Dæmdur fyrir árásir á stúlkur

**LÖGREGLUMÁL** Rúmlega tvítugur karlmaður var dæmdur fyrir líkamsárás gegn tveimur stúlkum með ársmillibili í gær. Maðurinn nefbraut aðra stúlkuna í september árið 2009 þegar hann réðst á hana að tilefnislausu. Seinni árásin var í júlí á síðasta ári, þegar maðurinn hrinti stúlku í götuna með þeim afleiðingum að hún hlaut yfirborðsáverka á handlegg, tognun í olnboga og mjóbaki.

Maðurinn sagðist muna lítið eftir atvikunum þar sem hann væri með athyglisbrest og gleymdi auðveldlega því sem kæmi fyrir hann. Hann var dæmdur í níu mánaða fangelsi, en fresta skal fullnustu sjö mánaða refsingarinnar. **- sv**

**SKÓLAMÁL**

### Kristín kjörin í stjórn

Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, var í vikunni kjörin í stjórn samtaka evrópskra háskóla. Þetta þykir eitt mesta virðingarembætti sem íslenskum háskóla hefur hlotnast, en í samtökunum eru 850 háskólar frá nær 50 löndum.






Þingmaður Sjálfstæðisflokks krefst þess að frumvarp verði dregið til baka:

# Afturför frá núverandi lögum

**ALÞINGI** Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir nýtt frumvarp um upplýsingalög sem nú liggur fyrir Alþingi, meingallað. Sigurður Kári krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka og samið verði nýtt frá grunni.

„Ef lögin væru í gildi núna eins og lagt er til, þá mætti búast við því að mikilvægum upplýsingum í tengslum við Icesave-málið kynni að vera lokað og ekki upplýst um þær fyrr en 2120," sagði Sigurður Kári við fréttastofu Stöðvar 2 í gærkvöld. Hann sagði frumvarpið afturför frá þeim upplýsingalögum sem nú eru í gildi og hafi reynst mjög vel.

Breyting laganna hefði í för með sér að þjóðskjalavörður gæti ákveðið að loka fyrir aðgang almennings að gögnum í allt að 110 ár. Markmið breytinganna er þó að tryggja upplýsingarétt og tjáningarfrelsi. Þessi ákvæði þess hafa verið harðlega gagnrýnd, meðal annars af Sagnfræðingafélaginu og borgarskjalaverði.

Í umsögn Blaðamannafélags Íslands um frumvarp forsætisráðherra kemur fram að ef lögin hefðu verið í gildi undanfarin misseri, hefði Árbótarmálið til að mynda ekki komið upp á yfirborðið. **- sv**



**SIGURÐUR KÁRI KRISTJÁNSSON** Þingmaðurinn krefst þess að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra taki frumvarp um breytingar á upplýsingalögum til baka. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Verðsprengja
aðeins í dag!
tílboð
10stk
Páskaliljur
799
PÁSKAR
í Blómavali
tílboð
allt að 100sm
Sýpris
1499kr
Páskaskreyting
999kr
Forsythiu
greinar
699kr
Blómvendir
á betra verði!
Blómaportið
Alla páskana
blómaval
heillandi heimur
Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík

## GENGIÐ 19.04.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,50 | 114,04 |
| Sterlingspund | 185,05 | 185,95 |
| Evra | 161,94 | 162,84 |
| Dönsk króna | 21,712 | 21,840 |
| Norsk króna | 20,852 | 20,974 |
| Sænsk króna | 18,146 | 18,252 |
| Japanskt jen | 1,3746 | 1,3826 |
| SDR | 180,51 | 181,59 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

216,9294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lagafrumvarp lagt fram um rétt fólks til upplýsinga í umhverfismálum:

# Réttur almennings aukinn

**UMHVERFISMÁL** Lagt hefur verið fram lagafrumvarp á Alþingi um aukinn rétt almennings til þess að fá upplýsingar í umhverfismálum. Tilefnið eru viðbrögð stjórnsýslunnar og vandkvæði sem urðu innan hennar þegar upp kom díoxínmengun í nokkrum sorpbrennslustöðvum á Íslandi. Þá varð ljóst að styrkja þyrfti rétt almennings til upplýsinga og herða á frumkvæðisskyldu stjórnvalda til þess að veita upplýsingar og vernda almenning.

Flutningsmenn frumvarpsins eru Ólína Þorvarðardóttir, Mörður Árnason, Birgitta Jónsdóttir, Skúli Helgason og Ólafur Þór Gunnarsson.



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

Í kjölfar frétta um mikla díoxínmengun frá sorpbrennslustöðinni Funa ákvað umhverfisnefnd Alþingis að skoða nánar þá löggjöf um umhverfismál og upplýsingaskyldu stjórnvalda er snýr að mengunarmálum. Niðurstaðan varð sú að kveða þurfi skýrar á um frumkvæðis- og viðbragðsskyldu stjórnsýslustofnana í íslenskri löggjöf og um rétt almennings til þess að vernda lífsgæði sín. Þeir lagabálkar sem komu sérstaklega til skoðunar voru lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lög um mengunarvarnir, og lög um upplýsingarétt um umhverfismál.

Flutningsmenn vonast til þess að með lagabreytingunum verði staða almennings gagnvart stjórnvöldum og skylda stjórnvalda tryggð, sem og að tryggður verði réttur fólks til að búa við heilsusamleg skilyrði og varðveita lífsgæði sín. **- shá**

Vinstri græn á Akranesi:

# Ásmundur hætti á þingi

**STJÓRNMÁL Félagsfundur VG á Akranesi skorar á Ásmund Einar Daðason að segja af sér þingmennsku þar sem hann hafi fyrirgert trausti þeirra sem kusu lista VG í síðustu kosningum.**

**Fundurinn harmar að Ásmundur Einar, Atli Gíslason og Lilja Mósesdóttir hafi sagt sig úr þingflokki VG, greitt atkvæði með vantrauststillögu á ríkisstjórnina sem VG á aðild að og stillt sér þar með upp sem andstæðingar hennar.** **- bþs**

Samtök íslenskra fiskimanna:

# Harma óbreytt fyrirkomulag

**SJÁVARÚTVEGUR** Samtök íslenskra fiskimanna harma þá ákvörðun stjórnvalda að halda fyrirkomulagi strandveiða óbreyttu á milli ára.

Í ályktun segir að fyrir síðustu kosningar hafi stjórnarflokkarnir lofað frjálsum handfæraveiðum og í þeim anda hafi fjölmargir fjárfest í bátum og búnaði. Ekkert annað en gjaldþrot blasir við þessum hópi fólks vegna blekkinga stjórnmálamanna, segir í ályktuninni.

Samtökin krefjast þess að stjórnvöld aflétti nú þegar „ólögmætum hömlum á handfæraveiðar" og segja engin vistfræðileg, hagfræðileg eða siðfræðileg rök hníga til annars. **- shá**

Nefnd um heilbrigðismál:

# Slæmt ástand á Suðurlandi

**HEILBRIGÐISMÁL Ófremdarástand ríkir í heilbrigðisumdæmi Suðurlands vegna fjölda veikra einstaklinga sem eru á biðlistum eftir hjúkrunarrýmum. Er þetta ályktun samráðsnefndar heilbrigðisumdæmis Suðurlands, sem sett var fram á fundi með rekstraraðilum hjúkrunarheimila hinn 14. apríl síðastliðinn.**

**Á fundinum kom fram að á sama tíma og þörf íbúa eftir hjúkrunarrýmum ykist væri hjúkrunarrýmum á svæðinu fækkað. Nú væru 27 einstaklingar í bið eftir hjúkrunarrýmum í umdæminu.** **- sv**

## LEIÐRÉTTING

Ranglega var sagt í Fréttablaðinu í gær að húsvörður í Háskólabíói hefði verið ákærður fyrir að slá eign sinni á farsíma sem tapaðist í húsnæði bíósins. Hið rétta er að starfsmaðurinn var almennur starfsmaður, ekki húsvörður.

# Íbúar á Þórsgötu æfir vegna aðgerðaleysis borgarinnar

**Íbúar á Þórsgötu hafa ítrekað sent yfirvöldum bréf vegna Baldursgötu 32, sem hefur staðið auð í sex ár og brann 2008. Yfirvöld hafa í tæpt ár beitt dagsektum, sem skipta nú milljónum og eru komnar í innheimtu.**

**SKIPULAGSMÁL** Íbúar á Þórsgötu 12 í Þingholtunum hafa ítrekað sent borgaryfirvöldum bréf vegna niðurnídds húss við Baldursgötu 32. Húsið er í eigu fasteignafélagsins Baldursgötu ehf. sem er jafnframt skráður eigandi fyrir Baldursgötu 34, sem er í útleigu. Fyrirtækið hefur í tæpt ár verið beitt dagsektum af borgaryfirvöldum, sem eru nú komnar í innheimtu og skipta milljónum, samkvæmt upplýsingum frá byggingafulltrúa borgarinnar.

Baldursgata 32 hefur staðið auð í um það bil sex ár. Húsið brann árið 2008 og hefur ekkert verið gert til þess að endurbæta það.

Einar Logi Vignisson, íbúi á Þórsgötu 12, segir ólíðandi að borgaryfirvöld aðhafist ekkert í málinu. Hann segir mikla slysahættu og sjónmengun stafa af húsinu og ekkert hafi verið að gert, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli íbúa.

„Borgin hefur það alveg í hendi sér að rífa húsið og senda félaginu reikninginn. Það hlýtur bara að vera hægt," segir Einar.

Magnús Sædal Svavarsson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar, segir mál sem tengist mannvirkjum sem þessum flókin og ekkert eitt sé hægt að gera til þess að kippa þeim í liðinn. Verið sé að beita fyrirtækið Baldursgötu ehf. dagsektum, sem séu nú komnar í innheimtu. Fyrirtækið sé að brjóta ákvæði byggingareglugerðar með því að vera með mannvirki í niðurníðslu. Hins vegar geti yfirvöld líklega ekki rifið húsið að óbreyttu.

## Kort af Þingholtunum í Reykjavík




Baldursgata 32 snýr að mörgum nærliggjandi götum, eins og Freyjugötu og Þórsgötu. Borgaryfirvöld sendu hundruð aðvörunarbréfa árið 2008 til eigenda húsa sem talin voru í niðurníðslu og hótað var að beita dagsektum ef ekkert yrði að gert. Fasteignafélagið sem á Baldursgötu 32 hefur verið beitt sektum í tæpt ár, sem eru nú komnar í innheimtu.

„Dagsektirnar eru málsmeðferð sem búið er að samþykkja. En ég held að [Baldursgata ehf.] sé komið í gjaldþrotameðferð, sem gerir það að verkum að veðin á húsinu færast yfir á lóðina, verði það rifið," segir Magnús. „Þá standa fáar byggingar undir þeim kostnaði sem því fylgir."

Gangi eigendur Baldursgötu ekki frá dagsektunum á næstunni fer eignin á uppboð.

„Það er sorgarsaga sem tengist svona mannvirkjum," segir Magnús. „Og það er komið að því að við fáum einhverja niðurstöðu í þetta mál."

sunna@frettabladid.is

> Borgin hefur það alveg í hendi sér að rífa húsið og senda félaginu reikninginn. Það hlýtur bara að vera hægt
>
> EINAR LOGI VIGNISSON
> ÍBÚI Á ÞÓRSGÖTU 12



# Hundruð bygginga í miðborg niðurnídd

**Skipulagsnefnd Reykjavíkurbogar sendi hundruð aðvarana til húseigenda árið 2008 vegna niðurníddra bygginga. Hótað var dagsektum ef ekkert yrði að gert. Enginn hefur verið sektaður og segir byggingafulltrúi marga hafa tekið sig á.**

**SKIPULAGSMÁL** Ítarleg úttekt var gerð á ástandi húsa í miðborginni árið 2008. Þeir eigendur bygginga þar sem endurbóta var krafist skiptu hundruðum, segir Magnús Sædal Svavarsson, byggingafulltrúi hjá Reykjavíkurborg.

Húseigendur fengu bréf heim þar sem óskað var eftir því að þeir gengju betur frá húsum sínum, ellegar yrði dagsektum beitt. Engar sektir hafa þó verið sendar út, nú þremur árum síðar, sökum þess ástands sem skall á skömmu eftir úttekt borgarinnar.

„Við tókum miðborgina fyrst í gegn, því þar er mjög víða pottur brotinn," segir Magnús. „Við förum kerfisbundið yfir svæðið og sendum út bréf þess efnis að ef menn sinntu ekki málum, gæti verið gripið til þvingunaraðgerða í formi dagsekta. En það hefur enn ekki verið tekið á þeim málum."

Magnús segir að dagsektum verði aldrei skellt á fyrirvaralaust, en hafi ekkert verið aðhafst verði hvert og eitt tilvik metið fyrir sig og tillögur um tímafrest lagðar fram fyrir viðkomandi aðila. Eigendur hafi þó andmælarétt. Ef slíku sé beitt verði málið lagt fyrir borgaryfirvöld. Sé úrskurður yfirvalda sá að eigandi þurfi að sinna endurbótum á húsi sínu hafi viðkomandi 30 til 40 daga til að sinna málum.

„Ýmsir tóku sig þó til þegar við sendum út bréfin," segir Magnús. „En það sem þarf að gerast er að við Íslendingar förum að haga okkur eins og siðaðar þjóðir og halda mannvirkjum okkar við. Við verðum að fara að taka okkur á."

Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs, segir sífellt verið að vinna í því að bæta ásýnd miðborgarinnar. Það hafi ekki þótt vænlegt til árangurs að beita dagsektum í því árferði sem nú er í samfélaginu, en verið sé að skoða hinar ýmsu leiðir til þess að bæta ástandið.

„Þetta er orðin hálfgerð sorgarsaga," segir Páll. „Þessi hús eru mestmegnis í eigu bankanna eða undir vernd þeirra á einn eða annan hátt."

Páll segir þó vissulega tvinnast inn í þetta varanlegri lausnir á skipulagsmálum heldur en einfaldlega að bæta ásýnd einstakra húsa. Samantekt um eignarhald á húsunum liggi fyrir og verið sé að útfæra hvernig sanngjarnast væri að leysa úr vandanum.

sunna@frettabladid.is

RÚSTIR EINAR Baldursgata 32 í Reykjavík er rústir einar eftir mikinn bruna. Ekkert hefur verið aðhafst varðandi endurbætur á húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

PÁLL HJALTASON

MAGNÚS SÆDAL SVAVARSSON

**UMFJÖLLUN FRÉTTABLAÐSINS Í GÆR**
Fréttablaðið fjallaði um fjölda bygginga í miðborg Reykjavíkur í gær sem yfirvöld töldu svo illa farnar að eigendur voru skyldaðir til þess að gera endurbætur. Lítið hefur þó gerst síðan 2008 þegar aðvaranirnar voru sendar út. Afar fáum dagsektum hefur verið beitt.




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**PÁSKASPÁIN** Línur eru farnar að skýrast í páskaspánni. Það verður lægðagangur næstu daga, suðlægar áttir með úrkomu S- og V-til en þó léttir til inn á milli. NA-lands verður besta veðrið, hitinn allt að 10°C, bjart með köflum og úrkomulítið.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 20° |
| Basel | 23° |
| Berlín | 22° |
| Billund | 18° |
| Frankfurt | 23° |
| Friedrichshafen | 25° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 22° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 21° |
| Orlando | XX° |
| Ósló | 17° |
| París | 24° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# Góð framtíð fyrir fermingarpeningana

**Fermingarpeningarnir** eru grunnurinn að reglubundnum sparnaði margra. Það er einfalt að byrja að spara reglulega, þú setur þér skýr markmið og ákveður hve háa upphæð þú vilt spara mánaðarlega.

## Taktu þátt í fermingarleik Landsbankans!



**Leggðu grunn að fjárhag framtíðarinnar með því að ávaxta fermingarpeningana vel.**

Ef þú leggur 20.000 kr. eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans færðu flotta tösku frá Landsbankanum að gjöf.

Einn heppinn þátttakandi vinnur iPad 2. Dregið verður 30. júní 2011.

Komdu við í næsta útibúi, hringdu í 410 4000 eða stofnaðu til reglubundins sparnaðar í Einkabankanum á landsbankinn.is.

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA NBI HF. (LANDSBANKINN), KT. 471008-0280

**KJÖRKASSINN**



*Ert þú ennþá á negldum dekkjum?*

| | |
|---|---|
| Já | 37,9% |
| Nei | 62,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hafa fréttir af brotum fyrirtækja á samkeppnislögum áhrif á neytendahegðun þína?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

vísir

EES hefur virkað vel, segir í nýrri skýrslu um Ísland og EES-samninginn:

# Ísland er á bólakafi í Evrópusambandinu

**EVRÓPUMÁL** Ísland er að stórum hluta orðið aðildarríki Evrópusambandsins og tekur í gegnum EES og Schengen-samningana meiri þátt í sumu starfi þess en nokkur formleg aðildarríki gera. Svo segir í nýrri skýrslu um Ísland og EES-samstarfið sem dr. Eiríkur Bergmann Einarsson gerði fyrir norska rannsóknarnefnd um Evrópumál, sem starfar í umboði norska þingsins.



EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

Þar má lesa að Íslendingar leggi meiri áherslu á að halda í formlegt fullveldi sitt að lögum heldur en að geta tekið ákvarðanir um eigin mál í Evrópusamstarfinu.

Skýrslan um Ísland og EES er hluti af væntanlegri Evrópuskýrslu nefndarinnar, sem á að vera leiðarljós í ákvarðanatöku norska ríkisins um samskipti Noregs og ESB.

Eiríkur rekur þar hvernig þjóðernishyggja og sérstök söguskoðun landsmanna hafi gert fullveldisumræðuna og tilfinningar henni tengdar fyrirferðarmiklar á Íslandi.

Hann bendir á að síðan 1994 hafi EES-samningurinn nær ekkert verið endurskoðaður. Áhrif Íslands á samstarfið séu sama sem engin núorðið. Meirihluti íslenskrar lagasetningar í sumum málaflokkum komi beint frá Brussel. Eiríkur telur EES-samninginn hafa virkað vel og þjónað sínum tilgangi, en hljóti að vera í stöðugri endurskoðun.

- kóþ

Doktorsnemum fjölgar mikið:

# Metfjöldi við doktorsnám í HÍ

**MENNTUN 554 stunda nú doktorsnám við Háskóla Íslands, þar af 307 konur. Aldrei hafa fleiri stundað doktorsnám við skólann.**

**Af þessum hópi eru 123 erlendir doktorsnemar frá 37 þjóðlöndum, en erlendum nemum hefur fjölgað stöðugt síðustu ár.**

**Á síðastliðnu ári brautskráðust 36 doktorar frá Háskóla Íslands, flestir frá raunvísindadeild og læknadeild, en stefnt er að því að brautskráningar á þessu ári verði 65 talsins.**

**- þj**






# Átök á lokafundinum um skólasameiningar

**Lokaumræðan um sameiningar í skólakerfi Reykjavíkur teygðist fram á nótt. Oddný Sturludóttir segir umdeildar breytingar oft hafa sannað sig. Oddviti sjálfstæðismanna segir meirihlutann vinna gegn hagsmunum almennings.**



**UMDEILDAR SAMEININGAR** Foreldrar og fagfólk fjölmenntu á áhorfendapallana í Ráðhúsinu í gær og létu andstöðu sína í ljós. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**SKÓLAMÁL** „Ég skil áhyggjur foreldra en það verður að hafa í huga að aðrar þær leiðir sem hægt hefði verið að fara hefðu gengið á starfið með börnum og þjónustustig leikskólanna. Við verðum að forgangsraða í þágu allra nýju leikskólaplássanna, og það gerðum við, en til þess að ná því markmiði verður að fara í nauðsynlegar og skynsamlegar skipulagsbreytingar. “

Þetta sagði Oddný Sturludóttir, formaður menntaráðs Reykjavíkurborgar, í samtali við Fréttablaðið í gær, en þá stóð yfir mikill og langur átakafundur í borgarstjórn þar sem umdeildar tillögur um sameiningar í skóla- og leikskólakerfi borgarinnar voru til lokaumræðu.

Fundi var enn ólokið þegar blaðið fór í prentun, en fastlega má búast við að tillögurnar hafi verið samþykktar, en um þær hafa ríkt miklar deilur allt frá því að starfshópur um samrekstur og sameiningar í skólakerfinu var skipaður í nóvember.

Í tillögunum sem borgarráð samþykkti í deginum áður felst meðal annars að grunnskólinn Ártúnsskóli, leikskólinn Kvarnaborg og frístundaheimilið Skólasel verða sameinuð í eina stofnun auk þess sem grunnskólarnir Korpuskóli og Víkurskóli, Borgaskóli og Engjaskóli og loks Álftamýrarskóli og Hvassaleitisskóli verða sameinaðir um áramót. Þá verður Foldaskóli að safnskóla fyrir unglingabekki úr Húsaskóla og Hamraskóla frá og með haustinu 2012.

24 leikskólar verða sameinaðir í 11 í sumar og hafinn verður undirbúningur að sameiningu frístundaheimila og grunnskóla um alla borg.

Jafnframt lá fyrir borgarstjórn tillaga um að sameina menntasvið borgarinnar við leikskólasvið og tómstundahluta íþrótta- og tómstundasviðs.

Minnihlutinn deildi hart á hugmyndirnar og sakaði Hanna Birna Kristjánsdóttir, oddviti sjálfstæðismanna, meirihlutann um að virða skoðanir starfsfólks og foreldra að vettugi.

„Í stað þess að vinna með almenningi, er unnið gegn hagsmunum þeirra og viðhorfum,“ segir Hanna Birna í fréttatilkynningu. „Um leið er ein mikilvægasta og viðkvæmasta þjónusta borgarinnar – þjónustan við börnin – sett i uppnám. Meirihluti sem starfar þannig á ekkert erindi við borgarbúa eða þeirra hagsmuni.“

Oddný sagði í samtali við Fréttablaðið að ekki væri að undra að tillögurnar væru umdeildar. „En reynslan sýnir okkur að umdeildar breytingar í skólamálum hafa jafnan sannað gildi sitt. Þetta hefur verið erfitt mál, en það hefði verið mun verri forgangsröðun að lengja biðlistana eða velja flatan niðurskurð, í stað þess að skoða skipulagsbreytingar.“

**thorgils@frettabladid.is**











Nýr kjarasamningur SA og verkalýðsfélaganna vegna Elkem undirritaður:

# Laun hækka um átta prósent

**KJARAMÁL** Nýr kjarasamningur Samtaka atvinnulífsins (SA) og verkalýðsfélaganna vegna Elkem var undirritaður í gærmorgun. Samningurinn gildir til þriggja ára.

Laun starfsmanna félaganna geta samtals hækkað um tæp 8 prósent á þessu ári, að teknu tilliti til desember- og orlofsuppbóta, og um 14,7 prósent á samningstímanum, ef sami árangur næst í bónusmálum og síðustu ár.

Verkalýðsfélag Akraness (VLFA) lagði til á mánudag að gerður yrði kjarasamningur til þriggja ára. Í tilkynningu frá félaginu kemur fram að samningurinn sé afturvirkur og því munu starfsmenn fá greitt frá 1. janúar 2011. Einnig hafi verið ákveðið að greiða starfsmönnum ein föst mánaðarlaun aukalega, vegna góðrar afkomu fyrirtækisins.

Kjarasamningurinn gildir um störf félagsbundinna starfsmanna hjá Elkem Ísland ehf. og er svonefndur vinnustaðarsamningur milli SA, fyrir hönd fyrirtækisins, og fimm verkalýðsfélaga. Samkvæmt vinnulöggjöfinni ber öllum félagsmönnum að greiða atkvæði um breytingar á kjarasamningnum. Í samningnum, sem gildir til 31. janúar 2014, felast almennar launahækkanir upp á 4 prósent á þessu ári, 3,3 prósent árið 2012 og 3 prósent árið 2013. Auk þess eru gerðar þrjár breytingar á bónuskerfinu. Bónushámarkið var áður samtals 10 prósent, en samið var um hámark samtals 13,5 prósent.

- sv



**SAMTÖK ATVINNULÍFSINS** Samið var um þriggja ára kjarasamning SA og fimm verkalýðsfélaga vegna Elkem í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



SKEMMTILEGAR SUMARGJAFIR
Sumardagurinn fyrsti er á morgun!
Sett 2.999kr
Kjóll 2.999kr v.á. 3.999
Peysa 3.999kr
Húllahringur Verð frá 599kr
Leggings 1.999kr v.á. 2.999
Bolur 999kr
Bolur 1.999kr v.á. 2.499
Buxur 3.999kr v.á. 4.999
Bolur 1.999kr v.á. 2.999
Buxur 2.499kr
Buxur 3.999kr v.á. 4.999
Buxur 2.999kr
Skór 2.490kr
Skór 2.999kr
Bolti Verð frá 599kr
Skór 2.490kr
Skór 2.490kr
JD BUG
Gæða hlaupahjól
Smíðuð úr flugvélaáli
Aðalhlutir úr áli
Þolir 100 kg
Aðeins 3,5 kg
6" dekk
JD BUG Hlaupahjól með 6" dekkjum 11.499kr
Flugvélaál
Þolir 100 kg
Aðeins 2,8 kg
4" dekk
Með dempara
JD BUG Hlaupahjól með dempara 9.499kr
Ballerína 3.990kr
Skór 3.999kr
Skór 2.490kr
Skór 3.999kr
WADER
Sandsett 7 hlutir 799kr
WADER
Sandsett 6 hlutir 3.499kr
WADER
Sandsett 5 hlutir 799kr
WADER
Skóflur Verð frá 99kr
CROSS
Rocky 20" 29.999kr
CROSS
Alissa 24" 34.999kr
VAXTALAUST LÁN Í 4 MÁNUÐI!
RALEIGH
Avenue 26" 49.999kr
Allt úrvalið fáanlegt í Skeifu, Smáralind, Kringlu og Garðabæ.
Minna úrval í öðrum verslunum. Gildir til 25. apríl á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver sigraði í forsetakosningum í Nígeríu?*
2. *Hvað heitir nýr formaður Geðhjálpar?*
3. *Hvaða lið berjast um Íslandsmeistaratitilinn í handknattleik karla?*

**SVÖR:**
*1. Goodluck Jonathan. 2. Björt Ólafsdóttir. 3. Akureyri og FH.*

Töluverður árangur hefur náðst í að hefta útblástur mengandi efna í Vestmannaeyjum:

# Díoxín mælist enn allt of mikið í Eyjum

**UMHVERFISMÁL** Magn díoxíns í útblæstri sorpbrennslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum er enn hátt yfir viðmiðum, samkvæmt mælingu sem gerð var í mars. Mælingar benda til að árangur hafi náðst í að hefta útblástur þeirra mengandi efna sem getið er um í starfsleyfi stöðvarinnar, en ryk er þó enn yfir mörkum.

Bæjaryfirvöld í Eyjum sendu frá sér tilkynningu í gær í tilefni fundar sem fulltrúar áttu með Umhverfisstofnun vegna mengunarmælinga. Þar var rætt um mælingar á díoxíni í sauðfé sem unnar voru af Matvælastofnun. Þær mælingar sýndu enga mengun miðað við þau gildi sem fengust í mælingum á kjöti sem fóru fram víðs vegar um landið 2003 og 2004.

Í viðbót við þau viðmið sem gefin eru í starfsleyfi Sorporkustöðvarinnar var mælt brennisteinsdíoxíð, vetnisflúoríð, nituroxíð og díoxín. Í öllum tilvikum eru mælingar innan viðmiða ef frá er skilin mæling á díoxíni, sem enn er hátt yfir viðmiðum.

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að áfram verði unnið að úrbótum með sérstaka áherslu á að ná niður rykmengun. Til þess að flýta þeirri vinnu og gera hana markvissari hefur Vestmannaeyjabær samið við Þór Tómasson, sérfræðing hjá verkfræðistofunni Mannviti.

Á yfirstandandi ári mun Vestmannaeyjabær draga úr heildarlosun allra mengandi efna um að minnsta kosti sextíu prósent. Meðal þess sem unnið er að er frekari flokkun sorps, kaup á auknum mengunarvörnum við útblástur, umbætur á brennsluferli og fleira, segir í tilkynningu.

- shá



**SORPBRENNSLA Í EYJUM** Díoxín mælist enn tugfalt yfir þeim mörkum sem nýjum sorpbrennslum er gert að uppfylla. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR








**ALDNIR LEIÐTOGAR** Raúl Castro, sem er að verða sjötugur, næstráðandinn Ramiro Valdés, sem orðinn er 78 ára, og varnarmálaráðherrann Julio Casas Regueiro. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Leiðtogarnir á Kúbu boða breytta tíma

**Raúl Castro er tekinn við af bróður sínum Fidel sem leiðtogi Kommúnistaflokksins á Kúbu. Kommúnistaflokkurinn hefur samþykkt að auka verulega frjálsræði í viðskiptum. Valdatími leiðtoga verði takmarkaður við fimm ár.**

**KÚBA, AP** Fidel Castro bauð sig ekki fram í leiðtogakjöri Kommúnistaflokksins á Kúbu í gær. Þess í stað var bróðir hans, Raúl, kosinn leiðtogi flokksins.

Raúl hefur stjórnað landinu frá því Fidel veiktist fyrir meira en fjórum árum. Fidel hefur nýlega upplýst að í reynd hafi hann ekki stjórnað flokknum heldur síðan 2006, þótt hann hafi formlega verið skráður leiðtogi flokksins þar til nú.

Á flokksþingi, sem nú er haldið í fyrsta sinn í fjórtán ár, hafa komið fram hugmyndir um margvíslegar breytingar á skipulagi efnahagsmála og stjórnmála á Kúbu.

Kommúnistaflokkurinn hefur samþykkt 300 tillögur í efnahagsmálum, sem eiga að gefa efnahagslífið frjálst. Ekki er vitað nákvæmlega í hverju þessar breytingar verða fólgnar en ljóst er að íbúum landsins verður nú í fyrsta sinn gert heimilt að kaupa sér húsnæði og stunda frjáls fasteignaviðskipti.



**CASTRO GREIÐIR ATKVÆÐI** Fidel Castro skoðar atkvæðaseðil fyrir leiðtogakjör í Kommúnistaflokknum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þá lagði Raoul til að valdatími helstu embættismanna landsins yrði takmarkaður við fimm ár.

Bróðir hans, sem ríkti í nærri hálfa öld, segist vera fylgjandi því: „Ég er hrifinn af hugmyndinni," sagði Fidel. „Þetta er mál sem ég hef lengi velt fyrir mér."

Öllum að óvörum kom Fidel á þingið og uppskar dynjandi lófatak frá þúsund flokksfulltrúum í stórum ráðstefnusal í höfuðborginni Havana.

Hann skrifaði blaðagrein sem birtist á mánudag, þar sem hann sagði nýja kynslóð leiðtoga flokksins þurfa að bregðast við breyttum aðstæðum í heiminum, stunda sjálfsgagnrýni og taka alla hluti til endurskoðunar.

Þrátt fyrir yfirlýsingar um breytingar voru það háaldraðir félagar Castros sem kosnir voru í helstu leiðtogaembætti flokksins. Raúl er sjálfur að verða sjötugur og Jose Ramon Machado Ventura, sem kosinn var varaforseti flokksins, er orðinn áttræður. Þá var Ramiro Valdés, sem er 78 ára, kosinn í þriðju valdamestu stöðuna.

gudsteinn@frettabladid.is











Hálfrar aldar neyðarlög numin úr gildi vegna þrýstings frá mótmælendum:

# Stjórnin hótar mótmælendum

**SÝRLAND, AP** Ríkisstjórn Sýrlands samþykkti í gær að aflétta neyðarlögum, sem hafa verið í gildi í landinu í nærri hálfa öld. Um leið varaði stjórnin mótmælendur við því að halda áfram mótmælum gegn Bashar Assad forseta.

Assad sagði að nú hafi mótmælendur ekki lengur neina ástæðu til mótmæla. Haldi þeir engu að síður áfram að mótmæla gæti hann litið á það sem tilefni til frekari hörku gegn þeim. Hann hefur sagt mótmælin jafnast á við uppreisn. Átök lögreglu við mótmælendur hafa, að sögn mannréttindasamtaka, kostað á þriðja hundrað manns lífið.

Neyðarlögin setja fjölmiðlum strangar skorður, veita víðtækar heimildir til hlerana og heimila handtökur án undangengins dómsúrskurðar.

Stjórnin samþykkti einnig að ríkisöryggisdómstóll landsins, sem hefur dæmt í málum pólitískra fanga, verði lagður niður. Einnig voru samþykkt lög sem heimila friðsamleg mótmæli.

Þing landsins á formlega eftir að samþykkja breytingarnar, en ekki er við öðru að búast en það verði gert þegar þingið kemur næst saman í byrjun maí.

- gb



**TVEIR HINNA LÁTNU BORNIR TIL GRAFAR** Átökin í Sýrlandi undanfarnar vikur hafa kostað meira en 200 manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

# SÁTT

Fagmennska í stóriðju snýst um sátt. Sátt á hnattræna vísu og sátt við samfélagið í kring. Sátt við stjórnvöld, viðskiptavini og starfsfólk. Sátt við lífríki náttúrunnar og það jafnvægi sem ávallt þarf að ríkja á milli nýtingar náttúruauðlinda til verðmætasköpunar og verndunar þeirra fyrir ágangi og eyðileggingu.

Elkem á Íslandi nýtur góðs af þekkingu og metnaði í baklandi sínu hjá Elkem AS sem með vönduðum verkferlum og öflugu þróunarstarfi leitar víðtækrar sáttar um starfsemi sína víða um heim. Eftir ríflega þrjátíu ára rekstur verksmiðjunnar á Grundartanga er Elkem á Íslandi stolt af því að vera á meðal flaggskipanna í flota Elkem. Með öryggi og fagmennsku að leiðarljósi leggjum við mikilvægt lóð á vogarskálar sáttar um framleiðslu hágæða málmblendis fyrir heimsbyggðina alla.

Elkem
Ísland

Elkem Ísland | Grundartanga | 301 Akranes | elkem@elkem.is | elkem.is

zebra





Hrunið hafði mikil áhrif á líðan bankastarfsmanna samkvæmt nýrri könnun:

# Helmingur óttast atvinnuleysi

**ATVINNUMÁL** Um helmingur starfsfólks bankanna óttast atvinnuleysi. Rúm 40 prósent hafa upplifað breytingar á starfi sínu síðan í bankahruninu. Þetta kemur fram í nýrri könnun Vinnueftirlits ríkisins, Samtaka starfsfólks í fjármálafyrirtækjum, Háskóla Íslands og Rannsóknastofu í vinnuvernd á líðan, heilsu og vinnuumhverfi starfsfólks í bönkum og sparisjóðum.

Einnig kemur fram í könnuninni að yfir 90 prósent starfsmanna telja að þau geti haldið vinnunni næstu tólf mánuði, óski þau eftir því.

Mjög fáir hafa orðið fyrir aðkasti vegna vinnu sinnar í banka eða sparisjóði eftir hrun, eða rúm tvö prósent. Þá er yfir helmingur starfsmanna stoltur yfir því að vinna í banka eða sparisjóði.


**UPPGJÖRSFUNDUR** Hlufallslega fleiri karlmenn en konur hafa upplifað breytingar í starfi sínu innan bankanna frá hruni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þrekleysi, þungar áhyggjur, tíðir höfuðverkir, kvíði og depurð hefur hrjáð fleiri í hópi þeirra sem urðu fyrir breytingum í starfi heldur en aðra. Segir í skýrslunni það benda til að hlúa þurfi sérstaklega að því starfsfólki.

Niðurstöður sýna einnig að fleiri karlmenn en konur svara því til að hafa upplifað breytingu á starfi sínu. Helstu starfshópar sem hafa upplifað breytingu á starfi sínu eru sérfræðingar og framkvæmda- eða útibússtjórar. **- sv**

# Nýju bankarnir voru eina raunhæfa leiðin

**Aðrar lausnir en stofnun nýju bankanna haustið 2008 hefðu leitt til hruns alls efnahagskerfisins. Nokkrum viðamiklum verkefnum bankanna er enn ólokið. Hugsanlegt er að ríkið fari norsku leiðina og eigi í bönkum til framtíðar.**

**STJÓRNMÁL** Þegar stjórnvöld stóðu frammi fyrir falli viðskiptabankanna þriggja haustið 2008 mátu þau fimm leiðir til að tryggja áframhaldandi bankastarfsemi í landinu.

Auk þeirrar leiðar sem varð ofan á var skoðað að: (i) gefa út heildartryggingu á allar innstæður, (ii) færa allar erlendar innstæður yfir í nýju bankana, (iii) færa aðeins innstæður upp að ákveðinni fjárhæð eða að ákveðnu hlutfalli af innstæðum yfir í nýju bankana eða (iv) skipta bönkunum í góða banka og lélega.

Sem kunnugt er varð ofan á að stofna nýja innlenda banka og færa innlendar innstæður og innlendar eignir til þeirra. Hinar lausnirnar voru taldar leiða til hruns á öllu efnahagskerfinu.

Þetta kemur fram í skýrslu um endurreisn bankanna sem fjármálaráðherra lagði nýverið fyrir þingið.

Um hið fyrstnefnda segir í skýrslunni að ríkissjóður hafi ekki haft fjárhagslega burði til að tryggja allar innstæður og því hefði yfirlýsing þar um aldrei orðið trúverðug. Úttektir innstæðueigenda hefðu samstundis skapað vandamál.

Færsla innstæðna í erlendum útibúum yfir í nýju bankana var talin ófær með öllu enda ekki til gjaldeyrir til að mæta þeim gríðarlegu innstæðuskuldbindingum sem Kaupþing og Landsbankinn höfðu stofnað til erlendis.

Ekki var heldur talið fýsilegt að millifæra allar innstæður upp að vissri fjárhæð eða prósentu. Er á það bent að fjölmörg fyrirtæki hafi geymt laust fé í bönkunum. Skerðing á því hefði getað kostað greiðsluvandræði sem hefðu getað leitt til keðjuverkandi vandræða sem hefði getað kostað mun meira tjón en þó varð vegna bankahrunsins.

Skipting bankanna í góða og lélega var að sama skapi ómögulegleg leið þar sem fjármögnun var vandamál íslensku bankanna og því ólíklegt að góðu bankarnir hefðu getað aflað nægilegs fjár til að fjármagna rekstur sinn. Rekstur lélegu bankanna hefði að auki útheimt meiri háttar eiginfjárframlag frá ríkinu.

**bjorn@frettabladid.is**


**LANDSBANKINN** Ríkið lagði bankanum til 122 milljarða króna. Framtíðarstefna um eignarhald bankans hefur ekki verið mótuð. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

## Endurskipulagning lánasafna tafsöm

Í skýrslunni segir að þeirri atburðarás sem hófst 2008 sé ekki lokið. Endurskipulagning lánasafna hafi reynst erfið og tafsöm, samningar milli nýju og gömlu bankanna hafi tekið langan tíma og óvissa um lögmæti gengistryggðra lána hafi kostað tafir. Þá sé sölu bankanna á eignarhlutum í fyrirtækjum engan veginn lokið.

Fram kemur að ríkissjóður hafi gefið út skuldabréf upp á um 190 milljarða króna til að fjármagna björgun og endurreisn bankanna. 55 milljarðar eru víkjandi lán. Skuldabréfin eru á gjalddaga 2018.

Stærsta fjárframlagið, 122 milljarðar, var vegna stofnfjármögnunar Landsbankans. Vaxtagjöld vegna þess séu um 4,3 milljarðar á ári.

Meðal verkefna fram undan er að móta stefnu um meðferð eignarhluta ríkisins í fjármálafyrirtækjum og taka afstöðu til hvort, hvenær og hvernig losað verði um eignarhluti og í hve ríkum mæli ríkið eigi að eiga kjölfestueignarhluti til lengri tíma. Megi í því samhengi hugsa sér að líta til fordæma frá Noregi þar sem mörkuð var stefna um eignarhald ríkisins á bönkum og stórfyrirtækjum.

Eigendur Menntaskólans Hraðbrautar gera stjórnvöldum tilboð:

# Ráðuneytið segir ekkert breytt

**SKÓLAMÁL** Ólafur Johnson, skólastjóri og eigandi Menntaskólans Hraðbrautar, hefur gert mennta- og menningarmálaráðuneytinu tilboð um að taka inn nýnema næsta haust. Ráðuneytið hyggst ekki þekkjast boðið.

Ólafur segir í tilkynningu sem hann sendi fjölmiðlum að tveggja ára stúdentsnám í Hraðbraut sé „einstakt“ og „án hliðstæðu“ auk þess sem það „er hagkvæmasti framhaldsskóli Íslands“.

Starfsemi Hraðbrautar komst í hámæli í vetur þar sem margt þótti þar orka tvímælis og bárust ráðuneytinu tilmæli frá menntamálanefnd Alþingis og Ríkisendurskoðun um að nýr þjónustusamningur yrði ekki gerður við Hraðbraut.

Meðal annars voru gerðar athugasemdir við arðgreiðslur og húsaleigugreiðslur Hraðbrautar.

Þó var gerður tímabundinn samningur við skólann um að þeir nemendur sem þegar höfðu hafið nám í skólanum fengju að ljúka því á næsta ári.


**EKKERT BREYTT** Mennta- og menningarmálaráðuneyti hyggst ekki þekkjast tilboð Ólafs Johnson, eiganda Hraðbrautar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Í samtali við Fréttablaðið sagði talsmaður ráðuneytisins ekkert hafa breyst í málum tengdum Hraðbraut og að ekki stæði til að endurnýja samstarf við skólann. **- þj**

Skemmdarvargar í Herjólfi:

## Björgunarhringir fyrir borð

**LÖGREGLUMÁL Skemmdarvargar hentu björgunarhringjum, sem eru á dekki Herjólfs, í sjóinn þegar skipið var á leið til Vestmannaeyja þann 12. apríl síðastliðinn.**

**Að sögn lögreglu er ekki vitað hverjir voru að verki. Hún óskar því eftir upplýsingum frá farþegum, sem voru í fyrri ferð skipsins frá Þorlákshöfn þennan dag, um hvort þeir hafi orðið varir við að einhver eða einhverjir væru að eiga við björgunarhringi skipsins.**

Lögreglurannsókn á morði á hjónum í Óðinsvéum gengur hægt:

# Morðingi rændi fórnarlömbin

**DANMÖRK** Lögreglan á Fjóni hefur nú lýst eftir manni í tengslum við morðið á hjónum í Óðinsvéum síðastliðið miðvikudagskvöld.

Nú er talið að sá sem skaut hjónin til bana á gönguferð í skóglendi í nágrenni borgarinnar, hafi haft á brott með sér ýmsa muni sem þau höfðu á sér, svo sem myndavél, veski og lyklakippu. Hann skildi þó eftir skartgripi og farsíma hjónanna, sem varð til þess að lögregla taldi í upphafi rannsóknar ólíklegt að um ránmorð hefði verið að ræða.

Eftir upplýsingar frá vitnum er nú lýst eftir þéttvöxnum manni á fimmtugsaldri sem sást í nágrenni við morðstaðinn.

Að sögn blaðsins B.T. telur lögregla nú nær útilokað annað en að morðinginn hafi haft ástæðu fyrir verknaðinum, enda voru hin látnu skotin að minnsta kosti 18 skotum. Því gengur rannsóknin út frá því að annað hjónanna hið minnsta hafi þekkt til árásarmannsins eða -mannanna.

Fram til þessa hefur lögreglan lýst eftir tveimur öðrum mönnum, sem voru eins konar einbúar í skóglendinu þar sem illverkið var framið, en þeir eru ekki taldir tengjast málinu. - þj




**LEIKUR ENN LAUSUM HALA** Lögreglunni á Fjóni hefur orðið lítið ágengt í rannsókn sinni á morðinu við Óðinsvé í síðustu viku. NORDICPHOTOS/AFP




**FIMM ÞÚSUND KRÓNA SEÐLAR** Allt að tólf ára fangelsi getur legið við því að falsa peninga.

Varað við platpeningum:

## Falsaðir fimm þúsund króna seðlar í umferð

**LÖGREGLUMÁL** Undanfarnar vikur hefur nokkuð borið á því að fölsuðum 5.000 króna peningaseðlum hefur verið komið í umferð. Að sögn lögreglu hefur sjaldnast uppgötvast að um falsaða seðla sé að ræða fyrr en við uppgjör á sjóðvélum eða við innlegg í banka.

„Hefur flestum þessara seðla verið komið í umferð á veitingastöðum þar sem auðvelt getur reynst að láta blekkjast þegar mikill erill er,“ segir í tilkynningu frá lögreglu sem beinir þeim tilmælum til afgreiðslufólks að vera á varðbergi vegna þessa og hvetur jafnframt til þess að þeir sem eru í afgreiðslustörfum kynni sér helstu öryggisþætti íslenskra peningaseðla á heimasíðu Seðlabanka Íslands.











**KRISTILEGAR DJÖFLAGRÍMUR** Kaþólskir íbúar í El Salvador halda í þá hefð að klæða sig í djöflabúninga við upphaf dymbilviku. NORDICPHOTOS/AFP

Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi vilja sömu sértæku aðgerðirnar og Vestfirðingar fá:

# Röng forgangsröðun ríkisstjórnarinnar

**STJÓRNMÁL** Framkvæmdaráð Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) telur að stjórnvöld fari ranga leið í byggðaaðgerðum.

Ríkisstjórnin fundaði nýverið á Ísafirði og kynnti þar ýmsar aðgerðir sem ætlað er að styrkja byggð.

Í fundargerð frá fundi framkvæmdaráðsins fyrr í mánuðinum segir meðal annars að við umfjöllun um málið hafi komið fram sterkur samhugur með Vestfirðingum og einhugur um að bregðast hefði þurft við neikvæðri byggðaþróun þar, þótt fyrr hefði verið. „Hins vegar var það mál manna að enn á ný gripu stjórnvöld til þeirra ráða að kasta bjarghringnum til þeirra, sem í sjávarháskann væru komnir í stað þess að hækka öryggisstigið um borð í öllum flotanum (hinni verðmætaskapandi landsbyggð), sem heldur öðrum fremur hagkerfi landsins gangandi.“

Aðgerðir sem gripið væri til vestra gengju út á að styrkja grunnþætti sem fjármagn væri skorið niður til annars staðar, til dæmis á Austurlandi. „Mætti í því sambandi minna á skert fjármagn til menningar-, menntunar- og þekkingarsamfélagsins, auk þess sem aðhaldssemi í opinberum framkvæmdum, til dæmis samgöngubótum, þýddi að fjölmörg verktakafyrirtæki berðust nú í bökkum.“

Framkvæmdaráð SSA ákvað að óska eftir því við ríkisstjórnina að hún héldi fund hið fyrsta á Austurlandi og ræddi um leið við sveitarstjórnarmenn „með það í huga að ákveðnar verði og tilkynnt um sértækar aðgerðir, sem snúi núverandi varnarstöðu víða á starfssvæði SSA í aukin sóknartækifæri.“ - bþs



**GÖNG** Séð út úr Fáskrúðsfjarðargöngunum.

Menntaskólinn í Borgarfirði:

## Kolfinna ráðin skólameistari

**SKÓLAMÁL Kolfinna Jóhannesdóttir hefur verið ráðin skólameistari Menntaskóla Borgarfjarðar frá og með 1. ágúst nk. Þetta kemur fram á vef Skessuhorns á Vesturlandi.**



KOLFINNA JÓHANNESDÓTTIR

**Kolfinna er viðskiptafræðingur, með meistarapróf í hagnýtum hagvísindum frá Háskólanum á Bifröst og með diplóma í kennslufræðum frá Háskólanum í Reykjavík. Hún stundaði auk þess nám við London School of Economics and Political Science sumarið 2009.**

**Kolfinna er í dag kennari við Landbúnaðarháskóla Íslands.** - þj

**LÖGREGLUMÁL**

### Brotist inn í hús og bíla

Lögreglunni á Akureyri hefur borist nokkuð mikið af tilkynningum að undanförnu um að farið hafi verið inn í ólæstar bifreiðar og húsnæði víðs vegar um bæinn. Rótað hefur verið í bifreiðum og því húsnæði sem farið hefur verið inn í, en litlum verðmætum stolið. Ekki hefur verið um innbrot að ræða, þar sem bílar og hús voru ólæst.

# Grunar gosrisa um lögbrot

**Samkeppniseftirlitið telur að Vífilfell og Ölgerðin hafi brotið lög með því að skipta með sér hillumetrum í verslunum. Eftirlitið réðst í húsleitir í gær og tók gögn. Forsvarsmenn fyrirtækjanna segjast koma af fjöllum.**

**SAMKEPPNISMÁL** Gosdrykkjaframleiðendurnir Vífilfell og Ölgerðin eru um nokkurt skeið taldir hafa haft samráð um uppstillingar í hillur verslana. Samkeppniseftirlitið (SE) réðst í húsleitir hjá báðum fyrirtækjum í gærmorgun og lagði hald á gögn vegna rannsóknar á málinu.



PÁLL GUNNAR PÁLSSON

Þegar Fréttablaðið hafði samband við Andra Þór Guðmundsson, forstjóra Ölgerðarinnar, síðdegis í gær sagðist hann ekkert vita um tilgang húsleitarinnar. Starfsmenn SE hefðu ekkert látið uppi. „Þeir voru bara hérna mjög leyndardómsfullir,“ sagði Andri.

Honum virtist sem þeir hefðu ekki lagt hald á ýkja mikið af gögnum; þeir hefðu einkum afritað tölvupóst og að rannsóknin virtist „frekar lítil í sniðum“. Spurður hvort fyrirtækið hefði brotið einhver samkeppnislög svaraði hann: „Ekki vitum við til þess. Við vorum ekki að gera það viljandi að minnsta kosti.“

Skömmu síðar sendi Vífilfell frá sér fréttatilkynningu þar sem greint var frá því hvers eðlis meint brot væru. Þau fælust einkum í samráði við uppröðun og framsetningu drykkjarvara í kælum og hillum verslana.

„Vegna þessa vill Vífilfell taka fram að verslanir ráðstafa hillu- og kælirými sínu í réttu hlutfalli við sölu hverrar drykkjartegundar. Reglan er sú að sölutölur verslana, en ekki framleiðendur, ákvarða hversu mikið hillurými framleiðendur fá fyrir hverja vörutegund,“ segir í yfirlýsingu fyrirtækisins.

Einungis eitt fyrirtæki til viðbótar framleiðir gosdrykki á Íslandi. Það er Gosverksmiðjan Klettur, sem hefur verið starfrækt frá því fyrir áramót. Fréttablaðið hafði samband við framkvæmdastjóra þess, Kristján Guðmundsson, sem kvað Klett ekki hafa kvartað formlega til SE vegna málsins.

Páll Gunnar Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins, segir að rannsóknin nú eigi sér ekki ýkja langan aðdraganda. Rannsóknin mun ekki tengjast nýlegu máli þar sem Vífilfell var sektað um 260 milljónir króna fyrir að skuldbinda viðskiptavini sína til að skipta einungis við fyrirtækið.

stigur@frettabladid.is



**GOS** Fyrirtækin tvö eru talin hafa haft með sér samráð um uppstillingu í hillur í verslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI






Er þetta rétt þróun? – Vertu fullorðinn!

Foreldrar gegna lykilhlutverki við að móta heilbrigðan lífsstíl barna með góðu fordæmi og hispurslausum samræðum. Með því að kaupa áfengi fyrir unglinginn viðurkenna foreldrar að það sé eðlilegur hluti af lífi ungs fólks að drekka áfengi. Ekki kaupa þér vinsældir – vertu fullorðinn!

VÍNBÚÐIN

ENNEMM / SÍA / NM46158



ENNEMM / SÍA / NM 46335

markhonnun.is

# netto

*Gleðilega páskahátíð!*

## Páskalambið



FERSKUR LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR

**1.698** kr/kg

áður 1.998 kr/kg

# GLEÐILEGA

LAMBAINNRALÆRI FERSKT

36% afsláttur



**2.188** kr/kg

áður 3.398 kr/kg

LAMBARIB-EYE M/HVÍTLAUK OG RÓSMARÍN



**3.198** kr/kg

áður 3.998 kr/kg

VÍNBER

BLÁBER

BRÓMB



BERJADAGAR Í NETTÓ



GRILL SVÍNAKÓTELETTUR REYKTAR



**1.159** kr/kg

áður 1.449 kr/kg

KJÖTSEL

NAUTARIB-EYE FERSKT

45% afsláttur



**2.419** kr/kg

áður 4.398 kr/kg

GRILLPYLSUR 10 STK




**295** kr/pk.

áður 369 kr/pk.

KJÖTSEL

GRILL SVÍNAKÓTELETTUR



**1.118** kr/kg

áður 1.398 kr/kg

KJÖTSEL

## OPNUNARTÍMI UM PÁSKANA

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær



fæst í Nettó!
1.199 kr/kg
áður 1.501 kr/kg
FERSKT LAMBALÆRI
ÞURRKRYDDAÐ
PÁSKAHÁTÍÐ!
BLÆJUBER
HINDBER
RIFSBER
BER
Ó 30-50% AFSLÁTTUR
50% afsláttur
JARÐARBER 250 G
189 kr/pk.
áður 377 kr/pk.
SÓDAVATN
1 L
25% afsláttur
59 kr/stk.
áður 79 kr/stk.
KALKÚNAGRILLSNEIÐAR
GRILLPOKI
45% afsláttur
998 kr/kg
áður 1.798 kr/kg
COCA-COLA
6 X 330 ML
33% afsláttur
395 kr/pk.
áður 589 kr/pk.
NAUTAGRILLPINNAR
FERSKIR M/GRÆNMETI
330 G
1.090 kr/pk.
áður 1.398 kr/pk.
SKÍRDAGUR:
OPIÐ FRÁ 12:00–18:00
FÖSTUDAGURINN LANGI:
LOKAÐ
PÁSKADAGUR:
LOKAÐ
ANNAR Í PÁSKUM:
OPIÐ FRÁ 12:00–18:00
FANTA ORANGE
FANTA FRUIT TWIST
6 x 330 ML
34% afsláttur
395 kr/pk.
áður 598 kr/pk.
LAMBALÆRI
FROSIÐ
999 kr/kg
áður 1.098 kr/kg
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Tilboðin gilda 19. - 25. apríl
eða meðan birgðir endast

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ástand margra húsa í miðbænum er til skammar.

## Hvað á að friða og hvað má rífa?

Það fer ekki framhjá vegfarendum, hvað þá þeim sem búa og starfa í miðborg Reykjavíkur, að þar eru mörg hús í skelfilegri niðurníðslu. Í Fréttablaðinu í gær kom fram að byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar hefði árið 2008 gert ýtarlega úttekt á ástandi húsa í miðborginni og sent eigendum hundraða húsa bréf þar sem farið var fram á að þeir héldu húsunum betur við, annars yrði dagsektum beitt.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Nú eru liðin hátt í þrjú ár og enn hefur dagsektaúrræðið ekki verið notað. Í upphafi var gefin sú ástæða að efnahagslífið fór á hliðina stuttu eftir að hótunin um dagsektir var send út. Það var kannski gild ástæða þá en er það varla lengur. Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur, sagði í viðtali hér í blaðinu í ágúst í fyrra að búast mætti við því að dagsektum yrði beitt „á næstu vikum" en ekkert hefur ennþá gerzt.

Sjálfsagt eru einhverjir eigendur niðurníddra húsa í miðbænum fólk sem ekki hefur mikið handa á milli og myndi ekki ráða við að greiða dagsektir. En eins og Páll bendir á í Fréttablaðinu í gær eru nú margar eignanna í eigu bankanna eða fyrirtækja sem eru í fanginu á bönkunum. Þeir eiga að hafa bolmagn til að halda eignum sínum við með mannsæmandi hætti.

Magnús Sædal byggingafulltrúi segir í Fréttablaðinu í gær að Íslendingar þurfi að taka sig á og fara að haga sér „eins og siðaðar þjóðir og halda mannvirkjum okkar við". Það er mikið til í því. Í mörgum miðborgum kæmust húseigendur ekki upp með að trassa viðhaldið eins og víða er gert í miðborg Reykjavíkur.

Vandinn er hins vegar mun víðtækari, eins og Páll Hjaltason sýndi raunar heilmikinn skilning á í viðtalinu hér í blaðinu í fyrra. Það vantar miklu markvissari stefnu um hvaða byggingar beri að vernda í miðborginni og hvaða skilmálum nýbyggingar eigi að lúta.

Undanfarin ár hafa verktakar komizt upp með að sanka að sér eignum, leyfa þeim að drabbast niður og leigja þær jafnvel ógæfufólki sem er öllum til ama, þannig að allir verði dauðfegnir þegar verktakarnir bjóðast til að rífa kofana, sameina lóðir og byggja ný, stærri og nútímalegri hús í staðinn.

Ein afleiðing þessarar stefnu er rýrnun á byggingararfleifð Reykvíkinga, sem eiga lítið af gömlum húsum og eiga að kappkosta að vernda þau, og þá helzt þar sem þau hafa alltaf staðið. Önnur afleiðing er allt of mikið af nýbyggingum sem fara illa í gamla bænum og eru sumar hverjar ósvífin árás á fegurðarskyn og smekkvísi.

Núna, þegar áformin um allar nýju gler- og steypuhallirnar í miðbænum eru í frosti vegna kreppu, er tækifærið til að vinda ofan af þessari þróun. Það gerist ekki nema með markvissri stefnumótun borgaryfirvalda. Dæmin eru mýmörg frá nágrannalöndunum um að gömul, niðurnídd borgarhverfi hafa gengið í endurnýjun lífdaga með skynsamlegu samstarfi borgaryfirvalda og húseigenda. Og enginn skilur í dag af hverju menn vildu einu sinni rífa gömlu húsin, því að þau eru hið raunverulega aðdráttarafl miðbæjanna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Krókur á móti bragði

Ljóst er að þingmenn Sjálfstæðisflokksins eru lítt spenntir fyrir því að rannsóknarnefnd verði falið að skoða aðdragandann að stuðningi Íslands við innrásina í Írak 2003. Þegar málið var afgreitt úr utanríkismálanefnd og lagt til að það yrði samþykkt með tilteknum breytingum voru fulltrúar flokksins fjarverandi. Þeir hafa nú lagt fram sína eigin breytingatillögu sem snýst um að sömu meðulum verði beitt á Líbíu-málið. Forvitnilegt verður að sjá hvort stjórnarliðar fallist á að aðdragandinn að stuðningi Íslands við loftárásirnar á Gaddafí og félaga verði rannsakaður.

### Fyrirmynd



Þegar þjóðir heims líta í kringum sig og skoða hvaða ríki brugðust rétt við efnahagshruninu 2008 staðnæmast þær við Ísland. Kann að hljóma ótrúlega en er samt satt. Meðferð Íslendinga á bönkunum í kjölfar þess að þeir stóðu frammi fyrir þroti var sú eina rétta í stöðunni. Nú síðast segir New York Times að sú leið að ábyrgjast ekki skuldir bankakerfisins og neyða erlenda kröfuhafa til að taka á sig tap virðist æ skynsamlegri enda sé efnahagur landsins að ná sér á strik á ný.

### Höfundurinn



Grunnurinn að þeim aðgerðum sem ákveðnar voru í byrjun október 2008 voru neyðarlögin svokölluðu. Þau voru smíðuð í Stjórnarráðinu í flýti þegar önnur sund reyndust lokuð. Arkitekt þeirra var Baldur Guðlaugsson, ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu. Snarræði hans þá varð líklega til þess að þjóðin sér fram úr vanda sínum. Oft kemur upphefðin að utan.

bjorn@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Uppnám í skóla- og frístundastarfi

Menntamál



Kjartan Magnússon
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks

Borgarstjórnarmeirihluta Samfylkingar og Besta flokksins hefur mistekist að standa með farsælum hætti að hagræðingu í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum Reykjavíkurborgar. Ríkir uppnám í mörgum skólum og frístundaheimilum vegna óvandaðra tillagna meirihlutans um samrekstur og sameiningu þessara stofnana. Þessi vinnubrögð koma fram með flausturslegum vinnubrögðum, miklum flýti og ónógu samráði við hagsmunaaðila.

Fyrir liggur fjöldi umsagna frá skólum, foreldrum, skólastjórnendum, starfsmönnum og fleiri aðilum vegna þessara tillagna. Í 90% tilvika er eindregin afstaða tekin gegn vinnubrögðum meirihlutans auk þess sem 12 þúsund foreldrar hafa mótmælt þessum áformum með undirskriftasöfnun.

Ljóst er að margvísleg tækifæri liggja í auknu samstarfi og/eða samrekstri skóla og frístundaheimila en mikilvægt er að vandað sé til þeirrar vinnu og tryggt að ekki sé slakað á faglegum kröfum. Áður en afdrifaríkar ákvarðanir eru teknar um breytingar á fyrirkomulagi skóla- og frístundastarfs yngstu barnanna, er nauðsynlegt að fram fari samráð og stefnumótunarvinna með aðkomu allra hagsmunaaðila.

### Vanhugsaðar tillögur

Sama dag og menntaráð og íþrótta- og tómstundaráð skiluðu umsögnum sínum vegna umræddra tillagna í síðustu viku, var meirihlutinn tilbúinn með nýjar breytingartillögur á yfirstjórn menntasviðs, leikskólasviðs og íþrótta- og tómstundasviðs. Meirihlutinn kaus að leyna tillögunum fyrir þessum ráðum og taldi enga ástæðu til að fá þær í lýðræðislega umræðu. Tillögurnar voru síðan fluttar fyrirvaralaust í borgarráði daginn eftir (fimmtudag) og aukafundur boðaður í borgarráði á mánudagsmorgni svo hægt væri að samþykkja þær á methraða. Það er í takt við annað að stjórnkerfisnefnd borgarinnar, sem á að fjalla um allar slíkar breytingar, hefur ekki fundað í tvo mánuði.

Meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins hefur með illa unnum og vanhugsuðum tillögum valdið uppnámi í skóla- og frístundastarfi í borginni. Það er ótækt að meirihlutinn beiti svo óvönduðum vinnubrögðum í þessum mikilvæga málaflokki, sem snýr beint að þjónustu við börn og ungmenni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Sífellt flóknara starfsumhverfi

Orkumál

Gústaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri Samorku



Regluverk orkunýtingar er óhemju flókið, sem og starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja almennt. Nefna má dæmi um að ein og sama framkvæmdin hafi þurft að fara yfir tuttugu sinnum til umsagnar hjá sömu opinberu aðilunum. Samorka, Samtök atvinnulífsins, Jarðhitafélag Íslands og stýrihópur ríkisstjórnarinnar um mótun heildstæðrar orkustefnu eru dæmi um aðila sem mælt hafa með einföldun þessa regluverks, með aukna skilvirkni að leiðarljósi. Ekkert lát er hins vegar á lagafrumvörpum – stjórnarfrumvörpum – sem enn flækja þetta ferli og/eða starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækjanna almennt. Ef einungis er horft til núverandi þings má nefna eftirtalin dæmi:

- Frumvarp forsætisráðherra til breytinga á upplýsingalögum, þar sem fyrirtæki í opinberri eigu að 75% hluta eða meira eru sett undir upplýsingalög, nema að fenginni undanþágu ráðherra. Vandséð er hvernig fyrirtæki í raforkuframleiðslu og -sölu, samkeppnisstarfsemi að lögum, geta lotið ákvæðum upplýsingalaga, nema með gríðarlegum tilkostnaði og óhagræði.
- Frumvarp iðnaðarráðherra um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða, þar sem í raun er gerð sú eftirábreyting á vinnu við gerð rammaáætlunar að öll svæði sem hlotið hafa einhvers konar friðlýsingu eru undanskilin, nema heimildar til orkuvinnslu sé sérstaklega getið í friðlýsingarskilmálum. Enginn veit hvað þetta ákvæði þýðir í raun, enda friðlýsingarskilmálar gríðarlega misjafnir, utan að þetta mun fyrirfram útiloka fjölda álitlegra virkjanakosta, þar með talið að minnsta kosti þriðjung alls virkjanlegs háhita sem enn er ónýttur í landinu.
- Frumvarp iðnaðarráðherra um vatnalög og rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, þar sem lögð er til veruleg stytting leyfilegs leigutíma orkuauðlinda í eigu opinberra aðila. Slík stytting myndi leiða til hærri ávöxtunarkröfu samfara styttri afskriftatíma og með tímanum til hærra orkuverðs á Íslandi, til heimila, fyrirtækja og stofnana.
- Frumvarp iðnaðarráðherra til breytinga á vatnalögum, þar sem lagt er til nýtt ákvæði um tilkynningaskyldu allra framkvæmda sem tengjast vatni og vatnafari, að því er virðist einnig minniháttar viðhaldsframkvæmda sem vel rúmast innan þegar útgefinna framkvæmdaleyfa.
- Frumvarp umhverfisráðherra um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála, þar sem kæruaðild er opnuð öllum hvað varðar ákvarðanir um matsskyldu framkvæmda, sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum og leyfisveitingar matsskyldra framkvæmda. Þarna skal lögð til hliðar krafan um málsaðild kærenda líkt og finna má í stjórnsýslulögum og víðar, þvert gegn áliti réttarfarsnefndar. Ekkert hinna Norðurlandanna hefur enda kosið að fara þessa leið sem leitt getur til algerrar holskeflu kærumála sem gætu nær lamað umrædda úrskurðarnefnd, ef marka má afgreiðslutíma forvera hennar, og sett þannig framkvæmdir í algert uppnám. Tekið skal fram að almenningi gefast ítrekuð færi á gerð athugasemda við umrædd mál fyrr í ferlinu.
- Þá hefur umhverfisráðuneytið kynnt drög að frumvarpi til breytinga á náttúruverndarlögum þar sem lögð er til veruleg fjölgun þeirra tegunda náttúrufyrirbæra sem njóta skuli sérstakrar verndar. Ennfremur er þar lagt til að orðalagið um að forðast skuli röskun víki fyrir orðalagi um að óheimilt sé að raska slíkum fyrirbærum nema brýna nauðsyn beri til. Brýn nauðsyn er afar stíf krafa þegar heimila á framkvæmdir, eða hafna þeim.

### Verulegt áhyggjuefni

Vissulega má ýmislegt gott segja um sum þessara mála og eðli málsins samkvæmt eru þau öll vanreifuð hér í svo stuttri samantekt. Eftir stendur þó að nær stöðugur straumur stjórnarfrumvarpa sem flækja starfsumhverfi orku- og veitufyrirtækja er verulegt áhyggjuefni. Orkunýting og rekstur orku- og veitufyrirtækja verða sífellt flóknari, þyngri í vöfum og kostnaðarsamari. Afleiðingarnar eru meðal annars sífellt lengri framkvæmdatími, sífellt aukin óvissa um afhendingartíma og sífellt aukinn kostnaður – sem aftur leiðir óhjákvæmilega til hærra verðs til neytenda.

## AF NETINU

### Undarlegt



Molaskrifari sá og heyrði brot úr síendurteknu Hrafnaþingi (17.04.2011) þar sem í forsæti var Hallur Hallsson. Hann djöflaðist á Steingrími J. fyrir að hafa ekki farið til Strassborgar að halda ræðu fyrir Íslands hönd í miðju kraðakinu, sem Sjálfstæðisflokkurinn skapaði hér. Samfylkingarþingmaður við borðið kunni ekki að svara, sagðist ekki þekkja málið. Undarlegt. Hvað hefðu þeir ÍNN menn sagt ef Steingrímur hefði farið til Strassborgar. Til dæmis þetta: Steingrímur hleypur úr landi til að tala við Evrópuráðið! Ekki ólíklegt.

eidur.is

**Eiður Svanberg Guðnason**

### Stóru bankarnir eru skrímsli



Bankar í dag eru innheimtufyrirtæki, fasteignasölur og þrælahaldarar með ofbeldi sem sérgrein. Bankar í dag eru skrímsli sem í skjóli ráðherra og stjórnvalda fara sínu fram og komast upp með það. Þeir hirða fyrirtæki og þeir safna sálum fólks. Leggja hjörtu barna þeirra inn í bankahvelfingar þar sem djöfullinn sjálfur telur þau. Bankar í dag eru svikul fyrirbæri sem hafa enga siðferðisvitund en ljúga að þér að svo sé. Bankar í dag fitna eins og vegglýs af blóði fórnarlamba sinna með leyfi fyrstu vinstristjórna landsins í sögunni.

pressan.is/pressupennar/Lesa_Bubba

**Bubbi Morthens**

Heilsulindir í Reykjavík



ER EKKI TILVALIÐ AÐ SKELLA SÉR Í SUND UM PÁSKANA?




Afgreiðslutími um páska

| | Skírdagur 21. apríl | Föstud. langi 22. apríl | Laugardagur 23. apríl | Páskadagur 24. apríl | Annar í Páskum 25. apríl | 1. maí 1. maí |
|---|---|---|---|---|---|---|
| ÁRBÆJARLAUG | kl. 11-19 | kl. 10-18 | kl. 9-17 | kl. 10-18 | kl. 11-19 | kl. 10-18 |
| BREIÐHOLTSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 9-17 | Lokað | kl. 10-18 | Lokað |
| GRAFARVOGSLAUG | kl. 10-18 | Lokað | kl. 10-18 | Lokað | kl. 10-18 | Lokað |
| KLÉBERGSLAUG | kl. 11-17 | Lokað | kl. 11-17 | Lokað | kl. 11-17 | Lokað |
| LAUGARDALSLAUG | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 | kl. 10-18 | kl. 8-22 | kl. 8-22 |
| SUNDHÖLLIN | kl. 10-18 | Lokað | kl. 8-16 | Lokað | kl. 10-18 | Lokað |
| VESTURBÆJARLAUG | kl. 11-19 | Lokað | kl. 9-17 | Lokað | kl. 11-19 | Lokað |

ÍTR Laugarnar í Reykjavík

www.itr.is | sími 411 5000

# Skerðingar á lífeyri öryrkja – hvað vilja stjórnvöld?

Velferðarmál



Lilja Þorgeirsdóttir
framkvæmdastjóri ÖBÍ



Sigríður Hanna Ingólfsdóttir
félagsráðgjafi ÖBÍ

Fjöldi öryrkja hefur orðið fyrir umtalsverðum skerðingum á örorkulífeyrisgreiðslum hjá allmörgum lífeyrissjóðum í nokkur ár og hafa margir öryrkjar misst þær alveg. Hér er ekki átt við þær almennu skerðingar sem komu í kjölfar bankahrunsins heldur skerðingar sem lagst hafa þungt á öryrkja sérstaklega og hófust í góðærinu þegar lífeyrissjóðir fóru að taka mið af greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) við útreikning á greiðslum.

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) höfðaði prófmál fyrir hönd öryrkja sem við tekjuathugun 2007 varð fyrir verulegri skerðingu á örorkulífeyrisgreiðslum frá Gildi lífeyrissjóði. Í Héraðsdómi Reykjavíkur vannst varnarsigur í málinu en Hæstiréttur sýknaði Gildi lífeyrissjóð, sem voru mikil vonbrigði fyrir öryrkja sem höfðu orðið fyrir svipuðum skerðingum. ÖBÍ skaut málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem samþykkti að taka málið fyrir, en ekki er komin dagsetning á því hvenær það verður. Fjallað verður um hvort mannréttindi hafi verið brotin á öryrkjum með hliðsjón af Mannréttindasáttmála Evrópu.

**Skerðingar hófust árið 2007**

Greiðslur í lífeyrissjóð eru lögbundnar sem ákveðið hlutfall af launatekjum. Þeir sem verða óvinnufærir að hluta eða öllu leyti geta sótt um örorkubætur frá þeim lífeyrissjóði/um sem þeir hafa greitt í. Ef örorkulífeyrissjóðsgreiðslur eru undir ákveðnum viðmiðum fær fólk örorkubætur frá TR. Í áraraðir tóku lífeyrissjóðir ekki mið af tekjum frá TR við útreikning greiðslna. Því kom það eins og þruma úr heiðskíru lofti þegar margir lífeyrissjóðir fóru að taka mið af örorkubótum frá TR við útreikning örorkugreiðslna til sjóðsfélaga. Ekki var tekið tillit til þeirra öryrkja sem voru með bótaflokka frá TR til að mæta kostnaði sem tengdist fötluninni sérstaklega.

***Raunverulegt dæmi um skerðingar lífeyrissjóðsgreiðslna til öryrkja 2007-2010****

| | |
|---|---|
| **2007** | Örorkulífeyrir lækkaði úr kr. 70.014 í kr. 26.277, sem er 65% lækkun. |
| **Víxlverkun** | TR bætti skerðinguna að hluta, sem leiddi til enn meiri skerðinga. |
| **2010** | Örorkulífeyrir er kominn niður í kr. 9.601** á mánuði. Lækkun í krónutölu um 86,3% frá 2007. |

**Upphæðirnar miðast við mánaðarlegar greiðslur fyrir skatt.*
*** Skerðingin er í raun meiri, þar sem örorkulífeyrir er uppreiknaður skv. vísitölu.*

Það segir sig sjálft að þegar lífeyrissjóðir og TR skerða greiðslur með hliðsjón hvort af öðru leiðir það á endanum til þess að örorkugreiðslur frá lífeyrissjóðum lækka eða falla alveg niður. Eina leiðin til að binda enda á slíkar skerðingar er að setja lög sem koma í veg fyrir slíkt.

**Fjöldi öryrkja sem hefur orðið fyrir skerðingum**

Á árunum 2007 til 2009 urðu fjölmargir örorkulífeyrisþegar fyrir skerðingum á greiðslum frá sínum lífeyrissjóði eða misstu þær alveg, eins og sjá má í meðfylgjandi töflu.

***Fjöldi öryrkja og skerðingar/niðurfellingar lífeyrissjóðsgreiðslna 2007-2009****

| | |
|---|---|
| **2007** | 1.600 öryrkjar |
| **2008** | 1.009 öryrkjar |
| **2009** | 2.047 öryrkjar |

**Hluti öryrkja varð fyrir skerðingum oftar en einu sinni.*

Hlutfall þeirra sem fengu samtímis bætur frá TR og úr lífeyrissjóði lækkaði úr tæplega 60% árið 2006 í rúmlega 51% árið 2009. Eðlilegra hefði verið að þeim hefði fjölgað þar sem fleiri greiða í lífeyrissjóð en áður. Þess skal getið að öryrkjar með bætur frá TR voru samtals 14.500 árið 2009.

> ÖBÍ skaut málinu til Mannréttindadómstóls Evrópu, sem samþykkti að taka málið fyrir, en ekki er komin dagsetning á því. Fjallað verður um hvort mannréttindi hafi verið brotin á öryrkjum.

**Kostnaður ríkisins hefur aukist**

Aðför lífeyrissjóðanna hefur leitt til verulegrar skerðingar á framfærslu fólks sem hefur í góðri trú talið að greiðslur í lífeyrissjóð kæmu sér vel ef það yrði óvinnufært. Þá hafa þessar aðgerðir lífeyrissjóðanna aukið kostnað ríkisins því margir sem hafa orðið fyrir skerðingum hafa fengið skerðinguna bætta hjá TR, en einungis að hluta. Sú sárabót hefur í kjölfarið leitt til þess að lífeyrissjóðsgreiðslur hafa lækkað enn frekar. Það var augljóst hvert stefndi og spurning hver var tilgangurinn með slíkum aðgerðum.

Þá er vert að geta þess að lífeyrissjóðirnir fá á fjárlögum umtalsverðar fjárhæðir til að bæta þeim þá „örorkubyrði" sem þeir hafa orðið fyrir. Þessi fjárhæð hefur hækkað frá ári til árs sl. 4 ár. Þrátt fyrir hækkandi framlög ríkisins hafa margir lífeyrissjóðir farið þessa leið.

**Hver er vilji stjórnvalda til úrlausna?**

En hver er vilji stjórnvalda til að leysa lífeyrissjóðsmálið? Hinn 30. desember 2010 gerðu félags- og tryggingamálaráðherra (nú velferðarráðherra) og Landssamtök lífeyrissjóða samkomulag um ofangreint mál. Í samkomulaginu kemur fram m.a. að lífeyrissjóðirnir munu út árið 2013 ekki skerða greiðslur til sinna sjóðsfélaga þó að bætur almannatrygginga hækki almennt, sem er jákvætt. Í kjölfar samkomulagsins var samið frumvarp sem hefur verið lagt fyrir Alþingi og verður tekið til afgreiðslu á næstunni. Hvorki í frumvarpinu né í samkomulaginu kemur fram hvernig mál þeirra sem þegar hafa orðið fyrir skerðingum eða misst sínar bætur verði leyst, sem er grafalvarlegt mál. Mun sá hópur sitja eftir úti í kuldanum án úrlausnar sinna mála? Er eina von þessa fólks að bíða niðurstöðu Mannréttindadómstólsins?

# Tveggja fóta tækling í boði KSÍ

Íþróttir



Svanur Valgeirsson
rekstrarstjóri

Þöggun, kúgun, misbeiting á valdi, já og foringjaræði – allt frekar kunnugleg orð í ræðu og riti þessi misserin. Og það er dapurlegt að þurfa að taka sér þau í munn þegar maður talar um starfsemi fjöldahreyfingar eins og knattspyrnuhreyfingin er. Skyldi fjöldanum standa á sama eða kemur honum það barasta ekki við? Við borðið sitja þeir sem ráða og láta sér í léttu rúmi liggja hverja ákvarðanir þeirra hitta fyrir eða hvernig.

Rétt er og heiðarlegt að taka fram strax að málið er mér skylt og ég því líklegast vanhæfur til að tjá mig. Sem sagt hlutdrægur en það sem við mér blasir, þótt ég setji upp hlutleysisgleraugun, er að í boði KSÍ er tveggja fóta tækling notuð til að klippa niður bróður minn, Jóhannes Valgeirsson, einn besta knattspyrnudómara landsins til fjölda ára. Og skyldi nú einhver fá áminningu, tiltal eða jafnvel rautt fyrir svo lúalegt brot? Neibb, það var yfirdómarinn sjálfur sem tæklaði og viti menn, hann er besti vinur aðal.

**Engin áminning**

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum hefur Jóhannesi verið sparkað. Fyrst var sagt að hann hefði sjálfur sagt upp og þegar því var vísað þráðbeint til föðurhúsanna og menn beðnir að sýna þá formlegu uppsögn kemur ný ástæða: Margra ára samskiptavandi milli Jóhannesar og hluta dómaranefndar, já og dómaranna sjálfra, samstarfsmanna og vina Jóhannesar. Enginn geti unnið með honum. Gott og vel, gefum okkur að þetta sé rétt. Þeir sem þekkja Jóhannes vita að hann liggur ekki á skoðunum sínum og getur verið gagnrýninn. Fyrst liggur svo sem við að spyrja hvort það væri samt ekki bara allt í lagi, hvort menn eigi ekki alveg að þola gagnrýni? Gagnrýnir menn geta haft jákvæð áhrif. En ef menn þola ekki gagnrýnina liggur næst við að spyrja hversu margar viðvaranir, já eða áminningar, svo talað sé tungumál sem menn ættu að eiga auðvelt með að skilja, hefur Jóhannes fengið? Fyrst samskiptavandinn hefur staðið í mörg ár spyr maður hversu oft hafi honum þá verið settur stóllinn fyrir dyrnar? Hversu oft hefur verið sagt: „Eitt orð í viðbót og þú ferð í sturtu", eða „ein uppákoma enn og við neyðumst til að sýna þér rauða spjaldið"? Svarið er ekki flókið. ALDREI. Þvert á móti hafa menn umbunað honum vel unnin störf með metnaðarfullum verkefnum á sviði dómgæslunnar, klappað honum á bak fyrir dugnað, metnað og ósérhlífni. Að öðru leyti hafa samskipti verið lítil.

**Flekklaus dómaraferill**

En hvaða viðkvæmni er þetta? Ræður ekki dómaranefnd? Hefur hún ekki heimild til að vera á móti þeim sem hún vill og vald til að reka þá sem hún vill? Eflaust er það svo en það sem er bara svo ljótt í málinu er aðferðin og sú staðreynd að Jóhannes fær enga skýringu og hinn almenni knattspyrnuáhugamaður ekki heldur. Dómarinn er skilinn eftir úti í kuldanum og almenningur stendur eftir gapandi, eitt spurningarmerki. Hreyfingin er stór og flestir vita hver maðurinn er, ferill hans sem dómari er flekklaus. Þess meiri líkur eru til þess að brotið hljóti að vera alvarlegt. Menn geti ekki verið reknir fyrirvaralaust með slíkan feril nema vegna mjög alvarlegs brots og því hljóti málið að vera þess eðlis að það þoli ekki dagsljósið.

Ég hef átt fjölda símtala við menn um málið og spurt hvað það kunni að vera sem ekki þoli dagsljósið. Jóhannes er bróðir minn en ég hef samt leyft mér að efast. Hann hljóti eitthvað að hafa gert af sér, annað en einhvern veginn að vera fyrir þeim sem ræður. Sá sem veit vill ekki ræða, aðrir þekkja málið einungis af afspurn, þykir málið leitt og muldra eitthvað um að sagan segi að til séu ljótir tölvupóstar eða SMS sem Jóhannes kunni hugsanlega að hafa sent frá sér. Slíkt muni jafnvel hafa meitt svo illa að ekki verði aftur tekið. Ekki fylgir sögunni hvert þetta á að hafa verið sent og hvers vegna. Jóhannes þverneitar slíkum Gróusögum.

**Háttvísi?**

Knattspyrnusamband Íslands er ekki bara einhver samtök úti í bæ eins og sagt er. Þetta er fjöldahreyfing þar sem tugir þúsunda taka þátt, flestir hinna fylgjast með. Vertíðin fer að byrja og allir bíða spenntir. Það er sorglegt að svo stór hreyfing, sem ætlast til að hún sé tekin alvarlega, skuli ekki ganga í svona mál og leysa, ég leyfi mér að segja sjái ekki sóma sinn í að taka fram fyrir hendur manna sem gera mistök. Dómaranefnd er eflaust skipuð vönduðum mönnum. Suma þekki ég persónulega og af góðu einu. Einhvers staðar hljóta menn bara að hafa farið fram úr sér, boltinn hefur undið upp á sig og stolt einhverra kemur í veg fyrir að menn sættist. Ég skora á KSÍ, sem veitir verðlaun sem kennd eru við háttvísi, að láta sig málið varða. Knattspyrnan þarf á kröftum Jóhannesar að halda og hann vill eflaust endurheimta áhugamál sitt og æruna.




# ÞÚ KEMST ÞANGAÐ MEÐ OKKUR!

NJÓTTU ÞESS AÐ FERÐAST Á EINFALDAN HÁTT.



## flugrútan

Áætlunarferðir Flugrútunnar eru í tengslum við allar komur og brottfarir flugvéla um Keflavíkurflugvöll.

## Áætlun Flugrútunnar frá BSÍ til Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar

Gildir frá 31. október 2010 til 26. mars 2011.

| Mán. | Þri. | Mið. | Fim. | Fös. | Lau. | Sun. |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 | 04:40 |
| 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 | 05:00 |
| 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 | 05:20 |
| 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 | 05:40 |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 | 06:30 | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 10:30 | --- | 10:30 | --- | 10:30 | --- | --- |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 | 11:30 |
| 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 | 12:00 |
| 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 | 13:00 |
| 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 | 14:00 |
| 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 | 14:30 |

Alltaf laus sæti
www.flugrutan.is




Reykjavik Excursions
KYNNISFERÐIR

BSÍ - Umferðarmiðstöðin
101 Reykjavík
580 5400
main@re.is • www.re.is

Bókaðu núna á www.flugrutan.is

Bókaðu núna í síma 580 5450

EXPO · www.expo.is

# Endurskoðun stjórnarskrár – þýska leiðin

Stjórnarskrá

Ólafur Reynir Guðmundsson

lögfræðingur Samtaka verslunar og þjónustu



Þjóðverjar hafa nýlega sett í stjórnarskrá sína strangar reglur um hámark skulda og fjárlagahalla hins opinbera. Þessar reglur eru hvorki fullkomnar né óumdeildar. Þær eru hins vegar fyrsta skrefið til að styrkja grundvöll ákvarðana hins opinbera þannig að jafnvægi tekna og gjalda sé virt.

Lækkun opinberra skulda íslenska ríkisins og ábyrg fjármálastjórn er með sama hætti forgangsmál, eigi efnahagur okkar að byggja á heilbrigðum forsendum. Þessari grein er ekki ætlað að vera enn ein ábendingin um hvað fór úrskeiðis síðustu ár heldur til að setja fram tillögu sem byggir á umræðu dagsins um ábyrga fjármálastjórn ríkisins.

## Nýr kafli um efnahagsmál

Tillagan er sú að þegar stjórnarskrá okkar verður loks endurskoðuð þá verði búinn til nýr kafli svipaður þeim sem þýska stjórnarskráin geymir. Í þessum kafla verði fjallað með skýrum hætti um efnahag þjóðarinnar; jafnvægi milli tekna og gjalda hins opinbera, ásættanlegt skuldahlutfall og jafnframt verði umfang og eðli ríkisábyrgða skilgreint.

Réttast væri að fjárlagahalli verði bannaður nema í undantekningartilvikum og skuldir ríkis sem hlutfall af landsframleiðslu fari ekki yfir um 30% eftir að eðlilegur aðlögunartími hins nýja ákvæðis er liðinn. Slíkt markmið er háleitt en tími eyðslu umfram efni er liðinn.

Þá verður að huga að ríkisábyrgðum þótt um þær ríki sérkennileg þögn hér sem erlendis.

> Lækkun opinberra skulda íslenska ríkisins og ábyrg fjármálastjórn er með sama hætti forgangsmál, eigi efnahagur okkar að byggja á heilbrigðum forsendum.

Óljós stefna um umfang og eðli ríkisábyrgða leiðir aðeins til þess að við áttum okkur síður á hvað ríkið skuldar – fari allt á versta veg. Innstæðutryggingar framtíðarinnar eru t.a.m. risavaxin áskorun.

## Ófrávíkjanlegar reglur

Vissulega er staða íslenska ríkisins sérstök vegna hruns fjármálakerfisins haustið 2008. Af því hlaust gríðarlegt tjón og skuldasöfnun sem við verðum að greiða niður næstu árin. Má ekkert út af bregða eigi gildandi fjárhagsmarkmið að nást. Við búum raunar við meiriháttar óstöðugleika sem kann að öðlast nýtt líf eftir að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lokað sinni skrifstofu, hugsanlega í lok árs.

Mikilvægast er því að huga að langtímamarkmiðum í ríkisfjármálum sem stjórnmálamenn geta ekki komist hjá að fylgja. Nú duga ekki almenn viðmið, matskenndar reglur og fögur fyrirheit. Nýr kafli í stjórnarskrá Íslands um fjármál hins opinbera er því skref í rétta átt – það sama og Þjóðverjar hafa nú tekið.

## Fordæmi Þjóðverja – heilbrigð framtíðarsýn

Ekki er ólíklegt að fjölmörg ríki fylgi fordæmi Þýskalands innan fárra ára og banni jafnvel fjárlagahalla nema viss hlutlæg efnahagsleg skilyrði séu til staðar. Fjárlagahalli er að mörgu leyti leið hinna spilltu til þess að halda völdum þótt hann kunni vissulega að vera neyðarbrauð þjóðar í vanda.

# Gíslatakan í Borgartúni

Kjaramál

Markús Möller

hagfræðingur



Undanfarið hafa Samtök atvinnulífsins gert háværar kröfur á þjóðina. Eignarhald á kvóta skuli fest til langs tíma, annars hafið þið verra af. Það þekkist víðar að taka fémuni og jafnvel fólk í gíslingu þar til kröfur á blásaklausar manneskjur nást fram. Þeir sem slíkt stunda eru kallaðir fjárkúgarar og jafnvel hryðjuverkamenn. Í hinum siðaða heimi er þeim stungið í tugthús, ef sekt telst sönnuð.

## Hvað segir vinnulöggjöfin?

Lög um vinnudeilur kveða á um svipaða hegðun og SA iðkar. Þar segir í 17. grein (með úrfellingum): Óheimilt er og að hefja vinnustöðvun ... ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma... Og í 19. grein: Vinnustöðvanir í skilningi laga þessara eru verkbönn atvinnurekenda og verkföll þegar launamenn leggja niður venjuleg störf sín ... Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir...

Samtök atvinnulífsins hafa að sönnu ekki boðað formlegt verkbann, en hitt er dagljóst að hegðun þeirra gengur þvert á anda laganna. Fjárkúgun er ljótur leikur, eins þegar hún fer framhjá lögum fremur en þvert á þau. Á skal að ósi stemma.

## Óábyrg meðferð á flautu

Tugthús landsins eru full og kjánalegt að brúka harkalegri viðurlög en þörf er á. Hvað á þá að gera við þá sem misbeita valdi sem þeir fá að lögum – í þessu tilviki til að fara með umboð fjölda aðila þrátt fyrir almenna kröfu um samkeppni? Ég man eftir bikarleik í Laugardal fyrir nær fimmtíu árum, milli KR og Keflavíkur. Þar stóð álengdar náungi sem var óánægður með gang leiksins, sérstaklega dómarann, og lá ekki á því. Síðast gekk svo fram af honum að hann hrópaði yfir sig: „Getur ekki einhver tekið flautuna af manninum?“ Er það ekki hugmynd? Væri ekki ráð að banna mönnum og samtökum með gíslatökutilburði að koma nálægt vinnudeilum og öðru mikilvægu starfi á vinnumarkaði í tiltekinn tíma? Hvað er einn valdsmaður þegar búið er að taka af honum flautuna?

## Hver kaus þá?

Annað atvik dúkkar líka upp í minningunni. Ég var einhverju sinni á landsfundi ónafngreinds flokks með fleirum að þrasa við kvótaþingmann. Þegar honum leiddist þófið sagði hann: „En strákar, það vorum við sem vorum kosnir.“ Það sljákkaði í okkur, því þetta var rétt hjá Vilhjálmi Egilssyni þá og er enn. Það er til óþurftar þegar menn kunna ekki mörk þess umboðs sem þeir hafa og virða ekki lýðræðislegt vald sem öðrum er fengið, þótt slíkt vald verði auðvitað að virða reglur lýðræðisins. En hver hefur kosið þá sem nú gera kröfu til að stýra landinu með hótunum og gíslatöku? Það gerðu sérhagsmunirnir einir, og það er ótækt að láta þá sitja yfir almannahagsmunum.

# Vandræðagangurinn á þessu Sólheimafólki

Velferðarmál

Óli Tynes

fréttamaður og situr í fulltrúaráði Sólheima



Ég hef heyrt utan á mér að margir skilja ekki hvað er að gerast á Sólheimum í Grímsnesi. Hvers vegna eru forráðamenn þar alltaf að röfla um óöryggi í rekstri og jafnvel hugsanlega lokun. Mér finnst því rétt að reyna að útskýra það í stuttu máli. Og í stuttu máli hefur verið níðst á Sólheimum í stjórnkerfinu. Leyfið mér að rökstyðja það. Grundvöllur fjárveitinga til heimila fatlaðra er svokallað þjónustumat. Því meiri þjónustu sem fólkið þarf, þeim mun hærra er fjárframlagið. Lögum samkvæmt skal gera slíkt þjónustumat einu sinni á ári. Þrátt fyrir margítrekaðar beiðnir hafa Sólheimar ekki fengið slíkt þjónustumat frá árinu 2002. Sólheimar þurfa því árið 2011 að standa undir fjárþörf sem var skilgreind árið 2002.

Hvað þýðir þetta í tölum? Á Sólheimum eru 43 einstaklingar.

Fjárframlög eru tæpar 275 milljónir króna á ári. Annað sambærilegt heimili þjónustar 38 einstaklinga. Fjárframlög eru 362 milljónir króna á ári. Fimm færri einstaklingar, en fá 87 milljónum króna meira á ári.

Guð blessi þann góða stað og alla þá sem þar búa og vinna. Við berum ekki til þeirra nokkurn kala eða öfund. Þvert á móti gleðjumst við yfir því að þeir skuli njóta réttar síns. Við biðjum aðeins um að okkar fólk fái að sitja við sama borð.

> Guð blessi þann góða stað og alla þá sem þar búa og vinna.

## Níðingsverk

Það er ekkert leyndarmál að Sólheimar eiga óvildarmenn í stjórnkerfinu. Atlögur þeirra að heimilinu er ekki hægt að telja á fingrum beggja handa. Eitt nýjasta dæmið er frá árinu 2009. Það var ár mikils niðurskurðar sem kom niður á allri þjóðinni. Sólheimar gera ekki nokkra athugasemd við að taka þátt í þeim niðurskurði. EN. Í leiðinni var notað tækifærið til þess að skera niður fjárframlög til Sólheima um 11 milljónir króna (4%) umfram alla aðra aðila í málaflokki fatlaðra. Auk þess var ákveðið að viðhalda þessari 11 milljóna króna skerðingu árin 2010 og 2011.

Ég veit ekki hvaða níðingur ákvað þetta, en hafi hann eilífa skömm fyrir. Vegna alls þessa höfum við þurft að draga úr þjónustu og öryggi íbúanna. Það hefur þegar þurft að segja upp hjúkrunarfræðingi, iðjuþjálfa og öryggisfulltrúa/umsjón með byggðahverfi. Öryggisleysi okkar á Sólheimum er því ekki bara komið til af því hversu miklir vandræðagemlingar við erum (þótt ekki skuli úr því dregið). Okkur finnst það einfaldlega skylda okkar að berjast fyrir okkar fólk.

# Hvers vegna þurfum við að græða upp landið?

Landgræðsla

Herdís Þorvaldsdóttir

leikkona og fyrrv. formaður Lífs og Lands



Í fyrsta lagi af því að við höfum ekki rétt á að búa í landi þar sem náttúrulegi gróðurinn er stöðugt að eyðast af okkar völdum og okkar dýmætasta eign, sjálf gróðurmoldin, fýkur út á haf í tonna tali svo líflaus grjóturð blasir við á stórum svæðum. Uppgræðslan hefur varla undan eyðingaröflunum.

Uppstreymi koltvísýrings sem streymir upp frá skemmdu landinu, ræstum mýrum, rofum, eyðimörkum, þeim stæstu manngerðu í Evrópu, og gróðurlausum auðnum er hluti af vandamáli alls heimsins, hvorki meira né minna.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum áratugum samið ótal lög um náttúruvernd sem ekki hafa virkað, vegna þess að ekki er snert á orsök gróðurskemmdanna

sem er bitvargurinn sem fer sína leið á meðan enginn stuggar við honum, enda sjálfur ólæs á pappírslög frá Alþingi.

Ríkisstjórnin hvetur til meiri skógræktar til þess að binda koltvísýring og auka súrefnisframleiðslu, binda jarðveginn og halda þar raka fyrir utan að mynda skjól fyrir vindi svo loftslagið verði mildara. Við núverandi aðstæður tæki það 1000 ár að rækta upp landið, er giskað á í riti skógræktarfélagsins, og girðingakostnaður óheyrilegur. Það er til ódýr og einföld lausn á þessum vanda. Þegar Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Íslands, var spurður í viðtali hvað sé mest áríðandi að sé gert til þess að græða upp landið, sagði hann: „að stærstu áfangarnir náist með því að hefta lausagöngu búfjár, þó að við gróðursetjum milli 5 og 6 milljónir plantna á ári, eins og við höfum gert undanfarin 10 ár, þá muni það taka 100 ár að bæta 1% í skógi þannig að þú sérð hvað það má sér lítils á við það sem náttúran getur gert þegar hún fær að fara fram með sjálfgræðslu, það er margfalt ódýrari skógrækt.“ Allt sem þarf er að setja búfé í girðingar í stað fólksins í landinu, þá fær gróður landsins loks frið til að stinga upp kollinum og mynda súrefni án þess að vera étinn jafnóðum af ráfandi búfénaði.

> Vistlandið okkar í dag eru kjarr og blómlaus niðurnídd beitilönd fyrir utan örfá afgirt svæði.

Vistlandið okkar í dag eru kjarr og blómlaus niðurnídd beitilönd fyrir utan örfá afgirt svæði. Hvor á meiri rétt á þessu landi í dag, mannkindin eða sauðkindin? Mannkindin þarf að fara eftir alls konar reglum í umgengni við landið en sauðkindin engum, í umboði eigenda sinna. Við borgum bara þegjandi…

## AF NETINU

### LÍÚ og Vilhjálmur



LÍÚ og Vilhjálmur láta einsog einhver sé að svindla á þeim – gott ef ekki ræna þá.

Samt voru LÍÚ og Vilhjálmur líka að syngja og leika í kosningunum vorið 2009, þegar flokkarnir Samfylkingin og Vinstri hreyfingin - grænt framboð fengu hreinan meirihluta á þingi, meðal annars vegna skýrrar stefnu í sjávarútvegsmálum.

Og í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnar sem þessir flokkar mynduðu er alveg klárt hvað ríkisstjórnin ætlar að gera í fiskveiðistjórnarmálum í umboði þjóðarinnar. [...]

Það sem hægt er að skamma ríkisstjórnina fyrir er að vera ekki löngu búin að koma þessum breytingum á – í stjórnarsáttmálanum er talað um 1. september 2010.

Fyrirgefið barnaskapinn – en eiga menn ekki að búast við að stjórnarflokkar standi við skýra stefnu í samstarfsyfirlýsingu sinni?

blog.eyjan.is/mordur

**Mörður Árnason**

### Andsetin ríkisstjórn



Stjórnin fékk Alþingi til að samþykkja lög um opinbera ritskoðun fjölmiðla. Næsta skref var að fá Alþingi til að samþykkja lög um, að auka leyndó hins opinbera. Leyft verður að loka skjölum í 110 ár í stað 30.

Hvort tveggja er eitthvað, sem maður á von á frá Gaddafi eða Assad eða Abdúlla kóngi. En alls ekki frá ríkisstjórn, sem gasprar um gegnsæi og nútíma í stjórnsýslu.

Ísland er dottið af lista yfir ríki með tjáningarfrelsi í lagi. Og senn dettur það af lista yfir ríki með gegnsæja stjórnsýslu.

Fasisminn brýzt ítrekað fram í gerðum ríkisstjórnar okkar og þingmeirihluta hennar. Er hún bara andsetin?

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

# Er heimilið örugglega öruggt?

Fáðu ráðgjöf og tilboð hjá Trausta öryggisráðgjafa **á oryggi.is**




Á oryggi.is getur þú með einföldum og fljótlegum hætti fengið vandaða öryggisráðgjöf og tilboð í öryggiskerfi sem hentar þínu heimili eða sumarhúsi.

**Kíktu á Trausta öryggisráðgjafa á oryggi.is og láttu hann ráðleggja varðandi kerfi og gera þér verðtilboð.**

**Heimaöryggi** · Sumarhúsaöryggi · Öryggishnappur · Öryggisvörur · Öryggisgæsla

ÖRYGGI ○ VELFERÐ

**Sími 570 2400 · oryggi.is**

Stöndum vaktina allan sólarhringinn

ÖRYGGIS MIÐSTÖÐIN

PIPAR\TBWA • SÍA • 111020

# AÐEINS

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU PÁSKASKRAUTI



VERÐ PR. MTR.
895,-

**CIRCLE vaxdúkar**
Frábærir, húðaðir vaxdúkar í metravís! Jaquardofnir með samlitu hringjamunstri. Fást í nokkrum fallegum litum. Breidd á efni: 135 sm.



SPARIÐ 40.000

FULLT VERÐ: 239.950,-
199.950,-

**NIKITA hornsófi með 2 hægindastólum**
Glæsilegur hornsófi með 2 hægindastólum á sitthvorum enda. Hægt að halla baki og lyfta skemli. Svart PELLISIMA leður á slitflötum. Þessi sófi er draumur fjölskyldunnar. Hérna hefur þú allt sem þú þarft í einum og sama sófanum! Stærð á sófa: 270 x 270 sm.



1 STK. KERTI
99,-

**RUSTIC kerti**
Fáanleg í mörgum fallegum litum.
1 stk. **99,-** 4 stk. **299,-**



1 STK. HÆÐ: 10 SM.
499,-

**Sætar hænur**
Flottar hænur sem fást í 4 mismunandi gerðum. Hæð: 10 sm.



KÖKU-DISKUR
499,-

**SUMMER kökudiskur**
Fallegur 2ja hæða kökudiskur úr plasti í fjörlegum litum.



BLÓMA-POTTUR
3.995,-

**Blómapottur**
Skemmtilegur blómapottur, fæst í rauðu og lime.



6 STK.
595,-

**Lítil kubbakerti**
Stærð: 4 x 6 sm. Fást í nokkrum litum. 6 stk. í pakka.

**Blómapottar**
Flottir blómapottar í garðinn. Hjólbörur: 34 x 16 x 18 sm. Garðkanna: 34 x 16 x 18 sm. Sama verð.



1 STK. ÁÐUR: 795,-
499,-

37% AFSLÁTTUR





ÚTIKAMÍNA
5.995,-

**Útikamína**
Góð útikamína í garðinn eða á veröndina. Hæð: 67 sm.



4 STK.
499,-

**Páskakerti**
Flott, egglaga kerti í bakka. 4 stk. saman.

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLU PÁSKASKRAUTI



20 STK. VERÐ FRÁ:
249,-

**Páskaserviettur**
Mikið úrval af fallegum páska-servíettum. 20 stk. í pakka.



1 STK. BLÓM Í POTTI
399,-

**Blóm í potti**
Falleg blóm í potti. 6 mismunandi litir fáanlegir.

TILBOÐIN GILDA 20.04 - 25.04

# ÓDÝRARI!




**SIRID sængurverasett**
Falleg sængurver í björtum og skemmtilegum litum. Fáanleg í bláum lit og grænum lit.
Efni: 100% bómull. Tölur að neðan. Stærð: 140 x 200 sm. og koddaver 50 x 70 sm.

DREAMZONE™

STÆRÐ: 70 X 190 SM.
6.995,-



**BASIC F10 svampdýna**
Með slitsterku áklæði og góðum, stinnum svampkjarna. Stærð: 70 x 190 sm. 7 sm. þykk dýna.
Einnig fáanleg í stærð: 90 x 200 sm. **9.995,-**

INTEX




GESTARÚM MEÐ INNBYGGÐRI RAFMAGNSPUMPU
12.950,-



**VELOUR COMFORT vindsæng**
Sniðug lausn fyrir þá sem þurfa að taka á móti gestum en hafa lítið pláss. Auðveldara getur þetta ekki verið! Innbyggð rafmagnspumpa. Taska fylgir. Stærð: B163 x L208 x H50 sm.

KRONBORG® OF DENMARK

HREIN EFNI



KODDI + SÆNG ÁÐUR: 17.945,-
12.950,-

SPARIÐ 4.995

**KRONBORG GREENLAND andadúnssæng**
Notaleg og góð sæng fyllt með 750 gr. af andadúni og andafiðri. Sængin er saumuð í ferninga og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Stærð: 135 x 200 sm. **12.950,-**
Extra löng: 135 x 220 sm. **14.950,-** Koddi stærð: 50 x 70 sm. **4.995,-**

GÓÐ KAUP



**Rafmagnshitari**
Nú lengjum við sumarið!
Góður rafmagnshitari með 3 stillingum. 2000 wött. Tilvalinn á pallinn!

FRÁBÆRT VERÐ!
9.995,-

## MINNUM Á ENDURBÆTTA VERSLUN Á SMÁRATORGI!



SÁPUKÚLUR
99,-

**Sápukúlur**
Frábært verð!



ALLT SETTIÐ
595,-

**Vatnsblöðrur**
Flott sett með mörgum vatnsblöðrum ásamt 2 stútum.
Frábært verð!



**Krítar 15 stk.**
Full fata af stórum og góðum krítum í allskonar litum!

KRÍTAR 15 STK.
299,-



VATNSBYSSA
299,-

**Vatnsbyssa**
Fæst í 3 flottum litum!

BARNA FERÐARÚM
8.995,-

**SAMSON barnaferðarúm**
Létt og handhægt barnaferðarúm, kemur í góðri tösku.
Stærð: 60 x 120 sm.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# Í viðjum vanans

Menntamál



Birna Hildur Bergsdóttir
foreldri og menntuð í mál- og tjáskiptum fatlaðra

Að undanförnu hefur verið umræða frá foreldrum þroskahamlaðra barna um þau tíu ár ævinnar sem þau eru skyldug til að vera í grunnskóla. Umræðan snýst um hvort þau eigi rétt á sérskóla vegna þroskahömlunar eða að ganga í almennan grunnskóla. Litið er á skólagöngu í sérskóla annars vegar og almenna grunnskólans hins vegar sem val. Þetta tímabil frá sex ára aldri fram til sextán ára hafa börn í raun lítil áhrif þar sem þau eru undir forsjá foreldra, að minnsta kosti fyrstu árin. Þroskahömluð börn eru sjaldnast spurð hvað þau vilja þar sem talið er að þau hafi ekki forsendur til að velja. Ég velti því fyrir mér þegar við foreldrar veljum skólagöngu í tíu ár fyrir börnin okkar hvað það er sem veldur valinu.

Hvað, hvernig og hvers vegna voru orðin sem ég spurði mig þegar ég stóð frammi fyrir ákvörðun um skólagöngu sonar míns sem er með Downsheilkenni.

Hann hafði upplifað skólagöngu systra sinna i grunnskóla í því hverfi sem við búum í. Hann hafði hugmynd um að þessi bygging væri fyrir hann eins og hin börnin á leikskólanum sem hann var á. Að sporna við þessum hugmyndum hans var erfitt. Valið varð því grunnskóli í nærsamfélagi, almennur grunnskóli. Við vildum líka láta reyna á samfélagslega færni hans þar sem árin eftir grunnskóla áttu eftir að vera í hinu almenna samfélagi.

Hvernig við sáum fyrir okkur námið hans í tíu ár varð að vinnast í samvinnu við skólann því ég hafði ekki átt þroskahamlað barn í grunnskóla áður og skólinn hafði heldur ekki tekið við þroskahömluðum nemanda áður. Í þessi tíu ár komu við foreldarnir í skólann á fundi á fjögurra til sex vikna fresti, ræddum um markmið og framkvæmd námsins, félagslega færni og líðan sonarins. Við notuðum „Eflingu“ einstaklingsnámsskrá sem fer ýtarlega yfir þá áhersluþætti sem námið átti að fela í sér. Með „Eflingu“ að veganesti fengu við sýn á tilgang skólagöngunnar. Áhersla var lögð á að kenna honum skrifaðar og óskrifaðar reglur skólasamfélagsins. Að læra íslensku var undirstaðan í skrifuðum reglum en til að byrja með notaði sonurinn óhefðbundnar tjáskiptaleiðir til að gera sig skiljanlegan. Hin reglan, eða þær óskrifuðu, er nokkuð sem hver skóli þróar með sér. Af þeim reglum læra börnin samskipti og fá veganesti með sér inn í önnur samskipti í samfélaginu.

Í öll þessi tíu ár var undantekning ef hann kom ekki glaður heim og vildi ekki fara í skólann. Á hverju ári taldi hann upp fjölda vina sem hann átti innan skólans, en starfsfólk skólans hafði stundum á orði að hann væri einn og þau upplifðu hann einmanna.

Það þarf tvo til að skapa vináttu. Hvað vináttan felur í sér býr innra með manni og hver og einn hefur þá mynd, hún getur aldrei orðið meiri eða minni en einstaklingurinn ræður við. Virðing er undirstaða vináttu og nærsamfélagið getur haft þar afgerandi áhrif. Virðing fyrir margbreytileikanum er undirstaða skólagöngu þroskahamlaðra barna í almennum grunnskóla. Samkvæmt upplifun hans þá hlaut hann virðingu flestra samnemanda og nýtur hennar enn í dag í framhaldsskóla.

> Virðing fyrir margbreytileikanum er undirstaða skólagöngu þroskahamlaðra barna í almennum grunnskóla.

Hugmyndafræðin sem liggur á bak við þátttöku allra einstaklinga í samfélagi á sér langa sögu og það hefur verið eitt af baráttumálum þroskahamlaðra sjálfra. Ekki eitthvað sem foreldrar þroskahamlaðra hafa fundið upp heldur á sér rætur frá ýmsum fræðigreinum. Hún byggir á löngunum og þörfum allra til að tilheyra og það krefst þess að sjálfsögðu að fá tækifæri til að vera þátttakandi og eiga þar samskipti. Í þeim samskiptum lærir einstaklingurinn að hugsa, framkvæma og eiga tjáskipti með öðrum á þann hátt sem samfélagið hefur ákveðið.

Ég velti því fyrir mér hvort sú skoðun að þroskahömluð börn eigi að vera í sérskóla liggi kannski í viðjum vanans? Erum við ekki lengra komin með hugmyndafræði og þróun í menntun þroskahamlaðra barna að við látum vanann sem liggur í veggjunum afmarka hóp þroskahamlaðra í sérúrræði. Er ekki kominn tími til að brjóta upp sérskólaformið, jafnvel þó það geti leitt af sér átök í huga okkar. Skrefið verður aldrei tekið nema við byrjum hjá okkur foreldrum hvað varðar viðhorf, væntingar og trú til barnanna okkar til samfélagsþátttöku.




# Um skammarlega óhagstætt starfsumhverfi listamanna

Listir



Sigríður Ásta Árnadóttir
textíllistamaður

Í desember voru kynntar fyrstu niðurstöður kortlagningar skapandi greina í íslensku hagkerfi. Skemmst er frá því að segja að niðurstaðan var íslenskum hönnuðum og listafólki mjög í vil, enda slagar virðisaukaskyld velta skapandi greina hátt í samanlagðar veltutölur í málmframleiðslu, eða um 191 milljarður. Og þó stendur vinnuframlag fjölmargra listamanna fyrir utan þessa samantekt þar sem einungis er gerð grein fyrir þeirri veltu sem ber virðisaukaskatt og eins og síðar verður vikið að þá er hluti listastarfsemi undanþeginn virðisaukaskatti. Þegar þessar niðurstöður voru kynntar lýstu bæði mennta- og iðnaðarráðherra ánægju og velvild í garð skapandi greina á Íslandi og er vonandi að í ljósi þessarar hagstæðu niðurstöðu verði gengið snarlega til verks við að bæta starfsumhverfi listafólks og hönnuða. Ræða iðnaðarráðherra við opnun HönnunarMars nýverið gaf síðan sömu fyrirheit.

### Engar atvinnuleysisbætur

En hvert er starfsumhverfi íslenskra listamanna í dag? Það er í stuttu máli sagt ömurlegt. Listamenn eiga til dæmis ekki rétt á atvinnuleysisbótum nema að mjög litlu leyti. Skattkerfið neyðir listamenn til að skila skattaskýrslu á borð við lítil fyrirtæki og er þar með gerð krafa um reiknað endurgjald (laun) upp á rúmar 400.000 krónur á mánuði til þess að eiga rétt á fullum atvinnuleysisbótum. Auk þess er til þess gerð krafa að listamaðurinn leggi algjörlega niður starfsemi sína til að geta þegið bæturnar og hafa listamenn því ekki tækifæri til að vinna að hluta að list sinni á móti. Áhugavert er að bera þessa kröfu skattyfirvalda saman við þá mánaðargreiðslu sem telst vera full listamannalaun fyrir fullt starf: tæpar 280.000 krónur. Þá gengur listamönnum oft illa að fá fæðingarorlof (ef tryggingagjaldið hefur ekki verið gert upp mánaðarlega heldur árlega – en vegna algjörs skorts á upplýsingum um skattamál til listamanna vita þetta fæstir fyrr en á reynir) og veltir maður fyrir sér til hvers í ósköpunum listamenn eru yfirleitt að greiða tryggingagjaldið!

### Úrelt lög um virðisaukaskatt

Annað réttlætismál listamanna, sem lítið eða ekkert hefur verið fjallað um opinberlega hingað til, er virðisaukaskattsmál. Samkvæmt lögum er bein sala listamanna á verkum undanþegin virðisaukaskatti en þó eru í lögunum aðeins tilgreind verk sem falla undir tollskrárnúmer 9701.1000-9703.0000, en það eru fyrst og fremst málverk, grafík, klippimyndir og höggmyndir. Gallarnir á lögunum valda því að listamönnum er stórkostlega mismunað innbyrðis. Í krafti þessara ósanngjörnu og úreltu laga hefur skattstjóri lagst í umfangsmiklar innheimtuaðgerðir á hendur textíllistamönnum, leirlistamönnum og þeim listamönnum sem vinna í annað efni en tilgreint er í tollskránni. Hafa þær aðgerðir leitt til þess að listamenn fá reikninga upp á milljónir fyrir vangoldnum virðisaukaskatti mörg ár aftur í tímann og hafa margir lagt niður starfsemi af þessum sökum. Vinnubrögðin sem hljótast af þessum ósanngjörnu lögum fela m.a. í sér að tollvörðum er látið eftir að skilgreina hverjar af afurðum listamanna teljast listaverk og hverjar ekki. Síðastliðið sumar gerðist það að textíllistamaður sem vinnur úr handgerðum pappír var settur í tollflokk með klósettpappír!

### Mismunun eftir efni

Þriðja réttlætismálið hlýtur að vera mismunandi virðisaukaskattsprósenta á verkum listamanna. Bækur og geisladiskar falla til dæmis undir 7% skattþrepið meðan textíllistamönnum og leirkerasmiðum er gert að leggja 25,5% skatt á sín verk við sölu. En það verður þó fyrst ljóst hversu óhagstætt starfsumhverfi listamanna á Íslandi er þegar aðstæður starfsbræðranna í hinum Norðurlandaríkjunum eru kannaðar. Lausleg könnun leiddi í ljós að listamenn í Danmörku mega selja verk fyrir allt að 6 milljónum íslenskra króna og leggja eftir það 5% virðisaukaskatt á verk sín. Tölur frá Svíþjóð og Finnlandi eru svipaðar. Auk þess virðist listamönnunum sjálfum látið eftir að skilgreina verk sín sem list… nú eða þá sem klósettpappír.

> Í krafti þessara ósanngjörnu og úreltu laga hefur skattstjóri lagst í umfangsmiklar innheimtuaðgerðir á hendur textíllistamönnum, leirlistamönnum og þeim listamönnum sem vinna í annað efni en tilgreint er í tollskránni.

Að lokum má benda á að einyrkjar sem reikna sér endurgjald af rekstri eru skikkaðir til að greiða 8% hlut atvinnurekanda í lífeyrissjóð ofan á 4% hlut launþega og fá á sig háar sektir ef þeir láta nægja að skila aðeins hlut launþega.

Ég undirrituð skora á stjórn þessa lands, og þá ekki síst menntamálaráðherra og iðnaðarráðherra, að beita sér fyrir hagstæðara starfsumhverfi skapandi greina á Íslandi. Það er ekki nóg að stofna fína sjóði og útdeila verðlaunum á tyllidögum, hin raunverulega hagsbót felst í því að hafa hagstætt og sanngjarnt rekstrarumhverfi skapandi greina frá degi til dags.

# Icesave, þjóðaratkvæði og kvótinn

Þjóðmál



Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur

Það er hægt að draga ýmsan lærdóm af nýafstaðinni þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem tiltölulega fámennur hópur lítt þekktra aðila hafði sigur á öllum helstu ráðamönnum þjóðarinnar sem höfðu fylkt sér bakvið Já-ið.

Traust á ráðamönnum er í algeru lágmarki og kjósendur fylgja ekki leiðtogum sínum í flóknum málum, þrátt fyrir fullyrðingar þeirra um efnahagsleg áföll. Þjóðaratkvæðagreiðslur eru komnar til að vera, a.m.k. meðan núverandi forseti er við völd og ef starf stjórnlagaráðs nær fram að ganga.

Ríkisstjórnin stefnir að því að leggja fram frumvarp um stjórn fiskveiða á næstunni og svo virðist sem fulltrúi LÍÚ í þingliði vinstri grænna muni móta það að miklu leyti. Ef það frumvarp tryggir ekki öllum Íslendingum jafnan rétt til nýtingar auðlindarinnar og gjald fyrir afnotin endurspeglar ekki verðmæti hennar, má búast við að það frumvarp fari sömu leið og Icesave.

Í slíku máli er auðvelt að sýna fram á „gjá milli þings og þjóðar“ og koma því í þjóðaratkvæðagreiðslu, enda liggur vilji þjóðarinnar fyrir eftir fjölmargar skoðanakannanir. Þegar eru til samtök sem munu berjast gegn málinu og er málflutningurinn sjálfur svo minnsta málið. Málefni gjafakvótans eru tiltölulega einföld miðað við Icesave og hægt er að vitna í fjölmarga virta erlenda aðila málstaðnum til stuðnings. Þar á meðal þrjá Nóbelsverðlaunahafa í hagfræði. Ekki sakar svo að gjafakvótinn er mannréttindabrot samkvæmt Sameinuðu þjóðunum og að í þjóðaratkvæðagreiðslu er atkvæðavægi jafnt.

Afleiðingarnar fyrir stjórnarflokkana yrðu þó mun meiri en í Icesave, a.m.k. fyrir Samfylkinguna. Stuðning við slíkt frumvarp mætti líkja við sjálfsmorð flokksins og núverandi þingmenn ættu varla afturkvæmt.

> Leiðtogar Samfylkingarinnar þurfa því að sjá til þess að landsmenn verði upplýstir um afstöðu vinstri grænna í kvótamálinu og boða í kjölfarið til kosninga.

Leiðtogar Samfylkingarinnar þurfa því að sjá til þess að landsmenn verði upplýstir um afstöðu vinstri grænna í kvótamálinu og boða í kjölfarið til kosninga. Samstarf við Vinstri græn er fullreynt og eingöngu þannig verður möguleiki á sams konar stjórn á landsvísu og er nú í Reykjavík.




# Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S
Extra®

## Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



62 **JESSICA LANGE** leikkona er 62 ára.

*„Þegar ég horfi yfir farinn veg hefur ekkert skipt eins miklu máli og að eignast börn, fjölskyldu og heimili.“*



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs bróður okkar og mágs*

**Guðbjarts Kjartanssonar**

Furugrund 40, Kópavogi.

**Bryndís Kjartansdóttir**
**Ágústa Kjartansdóttir**
**Halldór V. Kjartansson**
**Svanhvít Kjartansdóttir**
**Bára Kjartansdóttir**
**Karl Arason**
**Ólafur F. Ólafsson**
**Einar S. Sigurðsson**



*Elsku pabbi okkar, tengdapbbi, afi og langafi,*

**Guðni Friðriksson**

harmonikkuleikari
frá Sveinungsvík í Þistilfirði,

lést á dvalarheimilinu Hlíð 13. apríl síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju miðvikudaginn 27. apríl kl. 13.30.

**Olga Guðnadóttir**
**Kristján Halldórsson**
**Agnes Guðnadóttir**
**Konráð Alfreðsson**
**Þorbjörg Guðnadóttir**
**Hörður Stefánsson**
**Steinunn Guðnadóttir**
**afabörn og langafabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Freysteinsson**

áður til heimilis á Aflagranda 40, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sóltúni þann 17. apríl sl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 28. apríl kl. 13. Starfsfólki í Sóltúni eru færðar alúðar þakkir fyrir góða umönnun.

**Sigrún Lovísa Grímsdóttir**
**Grímur Sigurðsson**
**Sigríður Finnsdóttir**
**Freysteinn Sigurðsson**
**Kolbrún Sigurpálsdóttir**
**Hulda Guðlaug Sigurðardóttir**
**Brynjar Þórarinsson**
**Guðbjörg Sigurðardóttir**
**Skúli Kristjánsson**
**Sigurður Sigurðsson**
**Liv Marit Solheim Sigurðsson**
**Sigrún Lovísa Sigurðardóttir og fjölskyldur**



*Ástkær faðir okkar og afi*

**Richard Sigurbaldursson**

Hann kom hingað þann 17.12.1934.
Hann var hérna, en nú er hann farinn.
Hann fór þann 30.03.2011.
Við þökkum þér alla örvun og innblástur í lífinu.
Bálför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Sérstakar þakkir flytjum við starfsfólki lungnadeildar Landspítalans.

**Sigríður Hulda Richardsdóttir**
**Guðný Björk Richardsdóttir**
**Jóhann Davíð Richardsson**
**Richard Oddur Hauksson**
**Jóhann Þór Stefánsson**
**Kristín Margrét Guðmundsdóttir**
**Bragi Haukur Jóhannsson**
**Andrea Rán Jóhannsdóttir**
**Dagný Dimmblá Jóhannsdóttir**

BJÖRT ÓLAFSDÓTTIR: NÝKJÖRINN FORMAÐUR GEÐHJÁLPAR

## Mannsæmandi líf fyrir alla

Björt Ólafsdóttir, stjórnunarráðgjafi hjá Capacent, hefur verið kjörin formaður Geðhjálpar. Hún tekur við af Sigursteini Mássyni, sem gengur úr stjórn eftir tólf ára aðkomu að starfsemi félagsins. Krefjandi og skemmtilegt; þannig sér hinn nýi formaður starfið fyrir sér og kveðst tilbúin að taka til hendinni í geðheilbrigðismálum á Íslandi.

„Því miður eru enn fyrir hendi fordómar hérlendis gagnvart fólki með geðræn vandamál þótt þeir séu á undanhaldi. Þetta er ákveðið feimnismál og stundum veit fólk ekki alveg hvernig það á að haga sér þegar það ber á góma,“ segir Björt, sem telur að með fræðslu og opinni umræðu megi taka á þessum vandamálum og draga úr hleypidómum í garð geðsjúkra í samfélaginu.

En af hverju bauð hún sig fram? „Ég starfaði um tíma á geðdeild Landspítalans og í gegnum skjólstæðinga mína þar kynntist ég þeirri vinnu sem Geðhjálp hefur innt af hendi. Mér varð strax ljóst hversu mikilvægu og góðu starfi félagið sinnir og langaði til að bjóða fram mína sýn og krafta. Því ákvað ég að grípa tækifærið þegar það gafst.“

Áhuginn á geðheilbrigðismálum á sér þó lengri sögu, upplýsir Björt. „Ég ólst upp á meðferðarheimili fyrir unglinga sem foreldrar mínir ráku á Torfastöðum í Biskupstungum. Þar átti ég fjölda fóstursystkina sem glímdu sum við vandamál, misalvarleg, og sá hvernig greiða mátti úr mörgum með markvissri meðferðarvinnu. Þarna öðlaðist ég þá trú að allir geti átt mannsæmandi líf þótt vissulega geti skipst á skin og skúrir. Það var mjög þroskandi fyrir barn og seinna ungmenni að alast upp við þessar aðstæður. Þetta starf stendur mér því vissulega nærri,“ segir hún og brosir.

Geðhjálp segir hún hafa sams konar markmið að leiðarljósi; að vera hagsmunasamtök fyrir fólk með geðræn vandamál, aðstandendur þeirra og annarra sem láta sig málið varða. „Sýn félagsins er réttlát og sterk og mitt starf verður að skerpa betur á henni og vekja athygli á þessum málaflokki. Enda eru það mannréttindi fólks með geðræn vandamál að eiga gott líf og á ábyrgð alls samfélagsins að svo sé. Það er líka samfélagslega hagkvæmt að einstaklingar innan þess séu heilir heilsu. Sjálf vil ég koma heilmiklu í verk en ekki er tímabært að ræða það að sinni; fyrst þarf ég að hitta stjórnina með formlegum hætti og móta með henni stefnu og starf félagsins á næstunni.“

roald@frettabladid.is



**ELDHUGI** Björt Ólafsdóttir hlakkar til að taka til hendinni í geðheilbrigðismálum á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu hlýhug og samúð við andlát og útför eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa okkar,*

**Kristófers S. Jóhannessonar**

sem lést 7. apríl sl.
Guð blessi ykkur.

**Þorbjörg Sveinsdóttir, börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

### Merkisatburðir

**1593** Ari Magnússon fær sýsluvöld í Barðastrandarsýslu og umboð konungsjarða.

**1602** Einokunarverslun Dana hefst á Íslandi með því að konungur veitti borgurum í Kaupmannahöfn, Málmey og Helsingjaeyri einkaleyfi til verslunar á Íslandi. Einokunin stendur til ársloka 1787.

**1653** Oliver Cromwell leysir Langa þingið upp.

**1821** Mönguvetur dró nafnið af því að þennan dag komu skipbrotsmenn af hvalveiðiskipinu Margréti að landi á Þangskála á Skaga eftir mikla hrakninga í ís norðan við land.

**1920** Sumarólympíuleikarnir settir í Antwerpen í Belgíu.

**1928** Mæðrastyrksnefnd stofnuð í Reykjavík.

**1950** Þjóðleikhúsið vígt. Framkvæmdir við það hófust 1928, en stöðvuðust vegna fjárskorts og síðar vegna hernámsins.

**1977** Boris Spasskí vinnur Vlastimil Hort í skákeinvígi þeirra, sem haldið er í Reykjavík.

**2006** RES Orkuskóli (The School for Renewable Energy Science) tekur formlega til starfa á Akureyri.



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður, tengdamóður og ömmu okkar,*

**Kristínar Bárðardóttur**

frá Ísafirði,

síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi. Sérstakar þakkir til starfsfólks Eirar fyrir góða umönnun.

**Bárður Hafsteinsson**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir**
**Edda Gunnarsdóttir**
**Einar H. Pétursson**
**Ólafía Soffía Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ívar Pétur Hannesson**

fyrrverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn,

lést mánudaginn 11. apríl. Útför hans fer fram frá Fossvogskirkju í dag miðvikudaginn 20. apríl kl. 15.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð.

**Jóna Guðbjörg Gísladóttir**
**Árdís Ívarsdóttir**
**Guðmundur Ingi Kristjánsson**
**Hannes Eðvarð Ívarsson**
**Íris Kolbrún Bragadóttir**
**Gísli Bergsveinn Ívarsson**
**Klara Lísa Hervaldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...



Græna prentsmiðjan!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



Miðvikudagur 20. apríl 2011 – 7. tölublað – 7. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir





**Íslenska auglýsingastofan**
Viðurkenningar hrannast upp 2

**Vorfundur AGS**
Ísland er skrautfjöður





4-5

**Árelía Eydís Guðmundsdóttir**
Skrifaði bók um réttu hilluna í lífinu





6




**TÆKJABÚNAÐUR MARELS** Samkomulag hefur náðst um lífeyrissjóð fyrrverandi starfsmanna Stork í Hollandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Marel greiðir 1,6 milljarða

Marel greiðir tíu milljónir evra, jafnvirði rúmra 1,6 milljarða króna, í tengslum við samkomulag sem náðst hefur um lífeyrissjóð starfsmanna sem áður heyrðu undir hollensku iðnsamsteypuna Stork. Sjóðurinn, sem áður var sjálfstæður, verður nú hluti af Mel-Electro, hollenskum sjóði.

Marel keypti iðnsamsteypuna ásamt fleirum árið 2007 og tók úr henni matvælavinnsluvélahlutann. Hjá Marel vinna nú 960 starfsmenn sem áður voru hjá Stork.

Marel greiðir lífeyrissjóðnum í samræmi við hlutfall starfsmanna sem áttu hlutdeild í honum og losnar þar með við framtíðarskuldbindingar. Greiðslan dreifist yfir fjögur ár en fellur til sem einskiptiskostnaður á öðrum ársfjórðungi. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**BROWN EKKI Í AGS**
David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, finnst ekki við hæfi að Gordon Brown, forveri hans í embætti og pólitískur andstæðingur, gefi kost á sér sem arftaki Dominique Strauss-Khan hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Cameron segir að tregða Browns til að fara út í harðar aðhaldsaðgerðir til bjargar bresku efnahagslífi geri hann óheppilegan í embættið.



**MOODY'S LÆKKAR FÆREYJAR**
Matsfyrirtækið Moody's hefur lækkað lánshæfismat Færeyja úr Aa2 í Aa3. Fyrirtækið segir horfurnar nú neikvæðar, en þær voru stöðugar. Í tilkynningu frá Moody's segir að matið sé lækkað vegna erfiðleika Færeyja við að koma nýju jafnvægi á langtímafjármögnun í erfiðu efnahagsumhverfi. Stefna stjórnvalda sé ekki nægilega skýr um það til hvaða ráða eigi að grípa.

**APPLE KÆRIR SAMSUNG**
Bandaríski tölvu- og símaframleiðandinn Apple hefur lagt fram ákæru á hendur suður-kóreska fyrirtækinu Samsung fyrir Galaxy-snjallsímana, sem Apple segir illa gerða eftirlíkingu á iPhone-símum og iPad-spjaldtölvum sínum.

# Stjórnendur VBS sakaðir um lögbrot

## Eignastýringarsvið VBS fjárfestingarbanka keypti veðskuldabréf í heimildarleysi. Áhætta bankans var lögð á herðar viðskiptavina.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Stjórnendur VBS fjárfestingarbanka vissu af þeirri áhættu sem bankinn lagði á herðar viðskiptavina sinna sem voru með fjármagn í eignastýringu hjá bankanum með kaupum á veðskuldabréfum tengdum fasteignaverkefnum. Kaupin voru gerð án samráðs við viðskiptavini og ekki í samræmi við samning bankans við þá. Viðskiptavinir bankans voru ekki upplýstir um verkefnin fyrr en eftir að viðskiptin gengu í gegn.

Veðskuldabréfin voru gefin út af byggingaverktökum sem jafnframt voru viðskiptavinir Framkvæmdafjármögnunar VBS. Bankinn átti sjálfur hlut í nokkrum verkefnanna ýmist beint eða í gegnum dótturfélög.

„Það er verið að vinna í ýmsum málum og margar ásakanir í gangi sem þarf að rannsaka. Ákveðin mál eru í skoðun," segir Þórey S. Þórðardóttir, sem sæti á í slitastjórn VBS fjárfestingarbanka sem hefur verið með málin til skoðunar frá falli bankans í fyrravor. Ekki er útilokað að einhver málanna varði við lög um verðbréfaviðskipti og að þau verði send til frekari rannsóknar hjá Fjármálaeftirlitinu. Engin mál hafa verið send áfram enn sem komið er.

Í kröfulýsingu eins af kröfuhöfum VBS sem Fréttablaðið hefur undir höndum kemur fram að Framkvæmdafjármögnun VBS hafi leitað með beinum hætti til eignastýringasviðs bankans og óskað eftir því að það útvegaði fjármagn í þau fasteignaverkefni sem bankinn hefði skipulagt og samþykkt að fjármagna. Þá segir í kröfulýsingunni að veðskuldabréfin séu mun áhættusamari og ótryggari en hefðbundin skuldabréf. Þegar halla hafi tekið undan fæti á fasteignamarkaði síðla árs 2007 hafi verið ljóst að útgefendur skuldabréfanna gátu ekki greitt þau á gjalddaga. Stjórnendur bankans hafi brugðist við með því að breyta skilmálum skuldabréfa sem eignastýringarsviðið hafði þegar keypt eða var að kaupa og samið um nýja gjalddaga. Viðskiptavinir VBS eiga í dag ýmist erfitt með að greiða skuldir sínar eða eru orðnir gjaldþrota. Óvíst er hvort lítið ef nokkuð fæst upp í kröfur.

„Við munum væntanlega senda svona mál áfram," segir Þórey.

> „Eignastýring hefur þurft að leggja sig í líma við að verja fjárfestingar sínar í veðskuldabréfum, hvorutveggja gagnvart eftirlitsaðilum á markaði sem og einstaka viðskiptavinum [...] Sem betur fer hefur vel verið að málum staðið í langflestum tilvikum og eignastýringin gerir að sjálfsögðu engar kröfur vegna tjóns sem viðskiptavinir hafa orðið fyrir eða kunna að verða fyrir sem afleiðingu þeirra áhættu sem gera hefði mátt ráð fyrir að þessi skuldabréf bæru. Þar má telja til áhættu er lýtur að verðhruni á fasteignamarkaði, mótaðilaáhættu vegna aðstæðna hjá verktökum, stöðvun framkvæmda og fleira í þeim dúr sem þegar hefur verulega þrengt að öllum þeim verkefnum sem viðskiptavinir eignastýringar eiga fjármagn bundið í og ekki hafa verið leidd til lykta."
>
> **Brot úr tölvupósti Péturs Aðalsteinssonar, forstöðumanns eignastýringar VBS, til Jóns Þórissonar, forstjóra bankans, og fleiri starfsmanna.**




# Vill brjóta upp bankana



SHEILA BAIR

Bandarískir banka ættu að fara að hætti breskra og skilja áhættusaman rekstur frá annarri starfsemi að mati Sheilu Bair, stjórnarformanns bandarísku innistæðutryggingastofnunarinnar.

Bair vill herða reglur banka og fjármálafyrirtækja. Breska viðskiptadagblaðið Financial Times bendir á að eftirlitsnefnd um banka og fjármálafyrirtæki í Bretlandi hafi einmitt lagt þetta til í síðustu viku. Tillagan felur í sér að ríkið eða eftirlitsaðilar sem telja fjármálafyrirtæki orðin of stór geti krafist þess að þau verði brotin upp.

Í skýrslu FDIC sem kom út á mánudag eru birtar nýjar reglur um yfirtöku og slit á fjármálafyrirtækjum.

Ef þær hefðu gilt hefði breski bankinn Barclays getað tekið yfir fjárfestingarbankann Lehmans Brothers um miðjan september 2008. Þá hefðu kröfuhafar litlu sem engu tapað og slitin tekið styttri tíma en raun varð á. - jab

# Bankarnir ausa út lánsfé



**BEÐIÐ EFTIR VIÐSKIPTAVINI** Matvöruverð hefur hækkað mikið í Kína. Landsmenn virðast hafa nóg fé á milli handanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagvöxtur jókst um 9,7 prósent í Kína á fyrsta ársfjórðungi. Þetta er 0,1 prósentustigs samdráttur á milli ársfjórðunga og meiri vöxtur en gert var ráð fyrir. Á sama tíma hækkaði verðlag í kringum tíu prósent og keyrði verðbólgu upp. Hún mælist nú 5,4 prósent.

Niðurstaðan þykir sýna að aðgerðir stjórnvalda til að kæla hagkerfið, þar á meðal snarpar stýrivaxtahækkanir, gangi hægt, eins og Alistair Thornton, hagfræðingur IGS Global Insight, sem sérhæfir sig í greiningum í efnahags- og atvinnumálum, bendir á.

Breska viðskiptadagblaðið Financial Times segir hagtölurnar vísbendingu um að stjórnvöld í Kína muni draga úr aðhaldi á lánsfjármarkaði og lækka verðbólgu. Aðgerðir stjórnvalda hafi fram til þessa ekki dregið úr aðgangi fólks að lánsfé. Bankar lánuðu 680 milljarða júana, jafnvirði 11.800 milljarða íslenskra króna, í síðasta mánuði. Það er 27 prósenta aukning á milli mánaða.

Þrátt fyrir hita í kínverska hagkerfinu lofaði Wen Jiabao forsætisráðherra í ræðu sinni í liðinni viku að stjórnvöld myndu áfram gera fólki kleift að eignast ódýrara húsnæði. - jab

## BANKABÓKIN

| Samanburður á vaxtatöflum bankanna | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,2% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,2% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,00% | 11,15% | 9,50 til 11,15% |
| BYR | PM-reikningur 2,05% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,10% [C] | 11,45% | 11,40% |
| S24 …og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 2,10% | 10,20% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Lækkað lánshæfismat olli nokkurri ólgu



**UPPNÁM Í KAUPHÖLLINNI** Verðbréfamiðlarar í kauphöllinni í New York stuttu eftir að Standard & Poor's tilkynnti um lækkað lánshæfismat. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ákvörðun matsfyrirtækisins Standard & Poor's á mánudag um að lækka lánshæfiseinkunn Bandaríkjanna úr stöðugum horfum niður í neikvæðar olli verulegum usla á verðbréfamörkuðum víðs vegar um heim í gær.

Fyrst lækkuðu verðbréf á mörkuðum í Bandaríkjunum og Evrópu og í kjölfarið fylgdi lækkun á mörkuðum í Asíu. Markaðirnir voru þó ekki lengi að ná sér eftir tíðindin. Í gær urðu góðar fréttir af hagnaði bandaríska fjárfestingabankans Goldman Sachs til þess að þeir tóku við sér að mestu.

Fréttirnar urðu hins vegar einnig til þess að olíuverð lækkaði á heimsmarkaði, sem skýrist af því að aukin óvissa er bæði um framhald hagvaxtar og hver eftirspurn eftir hráolíu verður á næstunni. Barack Obama Bandaríkjaforseti viðurkenndi í gær að vaxandi skuldabyrði ríkissjóðs geti valdið alvarlegu tjóni í landinu. Hann sagðist ætla að draga úr ríkisútgjöldum, en þó án þess að draga úr útgjöldum til menntamála, orkumála og vísinda. - gb

# Inspired by Iceland í flokki með risum

## Íslenska auglýsingastofan er komin í úrslit í Global Effie-keppninni fyrir átak til að fjölga ferðamönnum hér.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

„Það er mjög góð viðurkenning á því að það sem við gerðum jafnast á við það besta sem gert er í heiminum. Það skiptir ekki öllu máli hvort við vinnum. Meiru skiptir að við komumst í úrslit," segir Kristján Schram hjá Íslensku auglýsingastofunni.

Hann stýrði fyrir hönd auglýsingastofunnar herferðinni Inspired by Iceland, samvinnuverkefni á vegum ríkis og borgar auk fyrirtækja í ferðaþjónustu. Herferðinni var hleypt af stokkunum í júní í fyrra til að vekja athygli á landi og þjóð og vinna á móti stórkostlegri fækkun ferðamanna vegna eldgossins í Eyjafjallajökli. Í fyrravor stefndi í að ferðamönnum myndi fækka um 22 prósent á milli ára yrði ekkert að gert.

Herferðin er nú komin í úrslit í Global Effie-keppninni, sem er ein virtasta viðurkenning sem markaðsfólki í heiminum getur hlotnast og litlu við að jafna í auglýsingageiranum öðru en Óskarsverðlaununum.

Keppnin er haldin einu sinni á ári og verða verðlaunin afhent í New York í Bandaríkjunum í júní. Fram til þessa hefur Íslenska auglýsingastofan fengið fimm tilnefningar í erlendum samkeppnum, og ein verðlaun, fyrir herferðina auk þess að fara með heim tvenn verðlaun á ÍMARK-hátíðinni fyrr á þessu ári, meðal annars fyrir bestu herferðina.

Ljóst er að Íslenska auglýsingastofan er komin í lið með stóru strákunum en undantekningalítið hafa stærstu stofur heims farið heim með gull, silfur eða brons úr Global Effie-keppninni síðustu ár. Þar á meðal eru Leo Burnett, TBWA, Ogilvy & Mather, Grey Global, JWT og DDB. Herferðirnar sem hlotið hafa verðlaun í gegnum tíðina eru matvörurisinn Kellogg's, hreinlætisvörufyrirtækið Dove, skyndibitakeðjan McDonald's, íþróttavöruframleiðandinn Adidas og tæknifyrirtækið Apple.

Herferðirnar sem tilnefndar eru til Global Effie-verðlaunanna eiga það sammerkt að hafa náð til nokkurra landa en skilyrðið fyrir tilnefningu er að þær hafi farið fram í að minnsta kosti fjórum löndum og í tveimur heimsálfum. Þá er ekki síður horft á strategíska innsæið en árangur herferðarinnar.



**STÝRIMAÐUR INSPIRED BY ICELAND** Íslenska auglýsingastofan hefur fengið fjölda verðlauna, bæði hér heima og erlendis, fyrir auglýsingaherferðina Inspired by Iceland. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Hér er verið að veita okkur viðurkenningu fyrir þann hluta sem fór ekki fram á Íslandi. Íslendingar sáu í raun minnst af herferðinni, kannski fimm prósent," segir Kristján og bendir á að bæði hafi verið horft til skemmri og lengri tíma með herferðinni. Skammtímamarkmiðið sneri að því að fjölga ferðamönnum í fyrrasumar. Langtímamarkmiðið var að vekja athygli á landi og þjóð með notkun samfélagsvefja, almannatengsla og heimasíðu herferðarinnar.

Icelandair greindi frá því í síðustu viku að áætlað sé að erlendum ferðamönnum hér muni fjölga um fimmtán til tuttugu prósent á milli ára. Það merkir að sex hundruð þúsund erlendir ferðamenn komi til landsins í sumar. Það er hundrað þúsund fleiri ferðamenn en í fyrra og mesti vöxtur í ferðaþjónustu á einu ári frá því mælingar hófust.

„Við erum stolt af því að hafa tekið þátt í þessu átaki sem er einstakt í Íslandssögunni. Ferðamönnum fjölgar enn og þær gjaldeyristekjur sem þeir færa þjóðarbúinu eru mikils virði," segir Kristján.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 04/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:
- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# Aðgangur að öllu – alls staðar!

## Nokia E7. Vertu aðeins snjallari. Í öllu.

Fullkominn snjallsími fyrir þig, sem ert stöðugt á ferðinni og vilt alltaf vera skrefinu á undan. Ekki eyða tímanum í smámuni – nú tölum við um viðskipti!

PIPAR\TBWA • SÍA • 110683




NOKIA

**Á FUNDARSTAÐ** Ys og þys í nýrri skrifstofubyggingu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Washington. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ



# *Áætlun Íslands* ***til fyrirmyndar***

Farsæl endalok efnahagsáætlunar Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í sumarlok eru talin geta verið „skrautfjöður“ í hatt sjóðsins sem víða þarf að taka á erfiðum málum. **Óli Kristján Ármannsson** sótti heim vorfund sjóðsins og Alþjóðabankans í Washington í Bandaríkjunum.

Fleiri komu á vegum íslenskra stjórnvalda á vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Alþjóðabankans í Washington D.C. um nýliðna helgi en alla jafna koma frá stjórnvöldum annarra landa. Yfirleitt koma ekki nema fjármálaráðherrar eða seðlabankastjórar með fylgiliði sínu til að sitja fundi. Frá Íslandi komu hins vegar bæði Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og Árni Páll Árnason efnahags- og viðskiptaráðherra ásamt fylgdarliði. Þá kom einnig til fundanna Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Jón Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri skrifstofu bankastjóra Seðlabankans.

Reyndar er það svo að lönd sem eru með efnahagsáætlun í samstarfi við AGS senda yfirleitt fleiri til funda á stórfundum sjóðsins en önnur lönd, enda er umfang samstarfsins heldur meira en hjá hinum. Þá hefur orðið sú skipulagsbreyting í samstarfi Íslands og AGS að forræði samskiptanna hefur færst frá fjármálaráðuneytinu og yfir í efnahags- og viðskiptaráðuneytið.

Þá herma heimildir blaðsins að innan AGS þyki traustvekjandi að þjóðir sem eru með efnahagsáætlun í gangi í samstarfi við sjóðinn sendi fleiri til fundar en annars. Þykir það til marks um að þjóðirnar taki verkefni sitt alvarlega og vilji standa við þær áætlanir sem fram hafa verið settar um umbætur.

Enda er það svo að áætlun Íslands hjá AGS þykir afar vel heppnuð og jafnvel þannig að hún endurspegli breytt viðmót og aðferðafræði hjá sjóðnum. Á árum áður þykir sjóðurinn hafa gert mistök í stífni við að krefjast niðurskurðar hjá þjóðum í kröggum og eins með því að vilja alls ekki beita verkfærum á borð við gjaldeyrishöft. Þannig hafi ríki mátt þurfa að þola veikari gjaldmiðil en ella og niðurskurð af þeirri stærðargráðu að hamlaði vexti.

Dæmi Íslands er allt annað og kom fram í samtali blaðsins við Steingrím J. Sigfússon fjármálaráðherra þegar hann var staddur á vorfundi sjóðsins að AGS væri áhugasamt um að efnahagsáætlunin héldi áfram að ganga vel. „Þeir líta á farsæl lok áætlunarinnar sem ákveðna skrautfjöður í hattinn hjá sér,“ sagði hann.

Núna fer Norðmaður fyrir kjördæmi Íslands hjá AGS, en þjóðirnar skiptast á um að veita því forystu. Þannig var Geir H. Haarde í forsvari fyrir kjördæmið árin 2001 til 2003. Á fyrsta fundi í kjördæminu á föstudag var Steingrímur beðinn að fara yfir þróun mála hjá Íslandi og segir að þeirri samantekt hafi verið afar vel tekið. Framgangur efnahagsáætlunar Íslands hjá AGS virðist tryggður.




**VIÐ UPPHAF VORFUNDARINS 14. APRÍL SÍÐASTLIÐINN** John Lipsky, aðstoðarframkvæmdastjóri AGS, og Dominique Strauss-Khan, framkvæmdastjóri sjóðsins, svara spurningum blaðamanna í höfuðstöðvum AGS í Washington í Bandaríkjunum áður en þar hófst vorfundur AGS og Alþjóðabankans í síðustu viku. Fundinum stýrir Caroline Atkinsson, yfirmaður ytri samskipta hjá sjóðnum. NORDICPHOTOS/AFP

EKKI GERA EKKI NEITT.IS

Öflugur greiðendavefur með hagnýtum upplýsingum s.s.

- Yfirlit mála
- Samkomulög
- Greiðslur með korti
- Góð ráð og margt fleira

Þjónustuver 440 7700
www.ekkigeraekkineitt.is

motus – leysum málin

## HRAKFARIR ÍSLENS

Þó svo að ferð íslenskra ráðamanna til höfuðstaðs Bandaríkjanna hafi um margt verið árangursrík, efnahagsáætlun landsins hjá AGS gangi vel, fjármögnun hennar sé tryggð og stjórnvöld annarra ríkja sýni skilning á þróun mála varðandi Icesave, þá lentu þeir engu að síður í ótrúlegum hrakningum í ferð sinni.

Segja má að vandræðin hafi þegar hafist við millilendingu í New York á leiðinni til Washington síðasta fimmtudag. Þar varð nefnilega eftir farangur fjármálaráðherra og aðstoðarmanns hans og varð ekki endurheimtur fyrr en síðla kvölds í Washington. Öfugt var farið með fulltrúa Seðlabankans. Farangurinn fór mannlaus til Washington.

**Í HRINGIÐU MÓTMÆLA**

Á hótelinu í Georgetown í Washington varð svo skemmtileg uppákoma þegar Íslendingarnir biðu lyftunnar sem færa átti hópinn upp á herbergi. Þegar dyrnar opnuðust stóð nefnilega fyrir innan enginn annar en George Osborne, fjármálaráðherra Breta. Að kynningum loknum áttu menn þar smáspjall um stöðu mála og herma heimildir blaðsins að vel hafi farið á með mönnum.

Í Washington var svo mikill öryggisviðbúnaður vegna þess heims-



**Tjaldútilegurnar** eru á næsta leiti en á slóðinni tjalda.is er að finna upplýsingar um flest tjaldsvæði landsins. Hægt er að leita að tjaldsvæðum eftir landshlutum og er víða að finna upplýsingar um aðstöðu og afþreyingu í kring.



**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473










**Að svífa á fisflugvél um heiðloftið blátt og ljósmynda landið er áhugamál Styrmis Bjarnasonar.**

# Ég bjóst við skömmum



;Á FERÐINNI | 2

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ég þvælist mikið um á fisflugvél og hef lent á yfir 100 flugvöllum á Íslandi, sem langflestir eru óskráðir, en líka á 130 stöðum utan valla, Það er ekki síður landið sem togar í mig en flugið,“ segir Styrmir Bjarnason, stofnandi og framkvæmdastjóri T1 Hugbúnaðarhúss. Hann kveðst hafa kynnst þunna loftinu í kringum aldamótin er hann hóf að fljúga á svifvæng. Síðan eignaðist hann franska fisflugvél með tveimur öðrum og eftir það hefur hann flogið í um 150-180 tíma á ári. „Þetta er tiltölulega ódýrt sport því fisvélarnar eyða litlu,“ lýsir hann og segir fisvélar kvikar og kröftugar því í þeim sé 100 ha hreyfill en tómar vegi þær 250 kíló. „Svo geta þær flogið á allt frá 50 km hraða upp í 180 og henta mér vel því ég hef líka mjög gaman af að taka myndir.“

Styrmir neitar því ekki að hafa lent í brasi á fisinu. Segir varla annað hægt þegar flogið sé jafn mikið og hann gerir. „Ég afrekaði það fyrir tveimur árum að fljúga á raflínu. Var að koma frá Gullfossi og flaug niður með gljúfri Hvítár þar sem ég hugðist lenda en þar





**Skartgripir** ættu í flestum tilfellum að verða eftir heima þegar haldið er í ferðalag. Sama hversu erfitt er að skilja þá við sig er það betra en að týna dýrgripum á sólarströnd, í siglingu eða skoðunarferð. Giftingarhringurinn má vitanlega fara með ef hann er til staðar en best er að láta þar við sitja.


















„Þetta eru góðviðrisvélar eins og aðrar litlar flugvélar," segir Styrmir sem hér er í essinu sínu.

Framhald af forsíðu

er langt haf milli raflínustaura. Þetta var einföld sveitalína en ég var svo heppinn að hún lenti á góðum stað á vélinni þannig að hún slitnaði. Púlsinn fór töluvert upp en ég setti á fullt afl og fann að vélin brást rétt við og svo lenti ég á túni í grenndinni. Bóndinn á bænum kom á vaðandi siglingu á fjórhjóli og ég bjóst við skömmum. Þá kom í ljós að hann hafði flogið með mér sumarið áður svo við vorum málkunnugir og meðan ég beið eftir lögreglunni bauð hann mér heim í kaffi. Á veröndinni var maður að pumpa gamaldags prímus og ég, borgardrengurinn, spurði: „Hvað, eruð þið enn að nota svona prímusa?" Þá svaraði hinn kurteislega. „Já, við erum nú bara rafmagnslaus hér þessa stundina."

Styrmir kveðst yfirleitt vera í slagtogi með öðrum í fluginu. „Við fljúgum mikið tveir og tveir saman öryggisins vegna, hvor á sinni vél. Leggjum oft af stað síðdegis, finnum okkur bændagistingu á leiðinni og lendum á vegum eða í fjörum því ef við höfum einhvern vind þurfum við bara 100-150 metra braut," lýsir hann og bætir við að lokum. „Alls staðar er tekið vel á móti manni. Flugið er svo jákvætt í hugum Íslendinga."

*gun@frettabladid.is*



Þessa mynd tók Styrmir í Landmannalaugum í júlí 2009.



Ein af mörgum listrænum myndum sem Styrmir hefur smellt af úr lofti.



## BÍLAR & FARATÆKI

BÍLAHÖLLIN HF BÍLASALA BÍLDSHÖFÐA 5
www.bilahollin.is



Suzuki Grand Vitara Lux Diesel, 06/2008 Ekinn 38þús. Bsk, Leður, Sóllúga, Álfelgur ofl . Ásett Verð 3.980.000.- Ath Skipti ódýrari



Mazda 6 H/B T, 02/2005 Ekinn 59þús. Ssk, Álfelgur, Fallegur bíll, Einn eigandi. Ásett Verð 1.650.000.-



Toyota Land Cruiser 100 VX Diesel Turbo, 02/2005 Ekinn 115þús. Ssk, Leður, Dráttarkrókur ofl .Ásett Verð 6.490.000.- Athuga skipti ódýrari.



VORTEX Heithúðun á allar gerðir pallbíla og fleira. Upplýsingar hjá Bílaryðvörn í síma : 587-1390.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**Mikið úrval bíla með möguleika á allt að 90% láni.**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



**DÍSEL - 7 MANNA**
HYUNDAI H-1 STAREX 4X4. Árgerð 2005, ekinn aðeins 89.þ km, 5 gírar. Verð 2.680.000. Rnr.243806.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is

**Bílalíf**
**Kletthåls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 og laugardögum 12-16**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakopavogi.is



TOYOTA Rav4 4wd. Árgerð 2003, ekinn 124 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Fjarstart,Farangursbox fylgjir, sjálfskipting ný yfirfarin af Toyota, Verð 1.350.000. Rnr.110689. uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Sími: 570 5220**
**www.toyotakopavogi.is**

bilfang.is
S. 567 2000



Nissan Double Cab diesel '04/2006 ek. 116 þ.km glæsilegur pickup með plasthúsi verð 1.790 þús. (eftir lokun 864-8989)

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM Pajero GLX DÍSEL Árgerð 2006, ekinn 112þ.km, sjálfskiptur, fallegur 7 manna jeppi sem er á staðnum! Verð 3.590.000kr. Raðnúmer 151658. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



**Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.**
Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM og HJÓLHÝSUM Visa/Euro. Stórt útipláss.

**Ferðavagnamarkaður.is**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



NISSAN PATROL GR Árgerð 1998. Ekinn 301 Þ.KM Nýskráður 6/1998. Næsta skoðun 2012 . Ásett 1390.000. PÁSKATILBOÐ 790.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

NETBÍLAR
www.netbilar.is
Við stórlækkum sölukostnað!
Skráðu bílinn hjá okkur frítt!
NETBÍLAR
www.netbilar.is

Góð sala óskum eftir öllum gerðum bifreiða á söluskrá.

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

bílasala 100bílar.is



Audi A4 2,0 QUATTRO, árg. 7/2007, ek 56þús.km, 200hö, sjálfskiptur, 4x4, leður, lúga, álfelgur, ofl, Mjög flottur umboðsbíll og vel búinn, Tilboðsverð 3990þús.kr, Er í salnum hjá okkur,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

HÖFÐAHÖLLIN
Allt að 50% afsláttur af sölulaunum
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



HONDA JAZZ 1,4I LS Árgerð 2006. Ekinn 57 Þ.KM Nýskráður 6/2006. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 1.290.000.



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX Árgerð 2008. Ekinn 75 Þ.KM Nýskráður 3/2008. Næsta skoðun 2011 Verð kr. 7.490.000

**Höfðahöllin**
**Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.**
**Sími: 567 4840**
**www.hofdahollin.is**

## Bílar til sölu



**Frábær Toyota Landcruiser**
100 VX - DÍSEL. Árg. 2000. Einn með öllu. Fallegur og í topp standi. Dökk grænn. Eins og nýr í akstri. Páskatilboð 2.5 mil. staðgreitt. Uppl. í s. 895 7745 og 897 7660.



Til sölu Kia Sportage árg.'96, ek. 216 þús. Sk.'12. Í fínu lagi. V. 175 þús. Uppl. í s. 892 3761.



VW Transporter T5 Langur 1,9 Diesel, nyskr. 12/04. Ek 62þús. Ný kúpling + svinghjol, gott lakk, dráttarbeisli, toppgrind, hillurekki, cd, þjóvavörn. V. 1.850þús. (áhvílandi isl.lan 700þús) Uppl. 867 2746 eða thormodur@visir.is



**Ódýrir nýsk !!**
Kia Grand sportage árg.'99, ssk, ek. 138 þús. V. 250 þús. Audi 80 innfl '98, mjög heill 5g, toppl. V. 160 þús. Uppl. í s. 821 9887.



**Góður pikk up tilboð 295 þús**
Nissan double cab, bensín. Árg.'96, ek. 160þús. Skoðaður 12. Einn eigandi. Smur- og þjónustubók frá upphafi. Krókur, hús á palli. Uppl. í s. 891 9847.



**Gullmoli til sölu**
Corolla árg.'01. Ek. 109þús. Smurbók fylgir. Verð 900þús. Uppl í s. 866 8915.



Nissan Patrol árg.'98. Skriðgír, læsingar, lækkuð drif ofl. 44" vetrardekk og 38"sumardekk. Ásett verð 2,5m. Góður staðgreiðsluafsláttur. S. 899 7540.



Pajero GLS,DID árg. '04, 33" breyttur, ek. 113.000. Uppl. Gefur Ingi í síma 895 7922.



Til sölu VW Passat árg. '00. Beinskiptur, ek. aðeins 146 þús. km. Mikið yfirfarinn. Sk. '12. Gott eintak. V. 640þ. S. 896 3044.

Lygilega lág sölulaun :)
Verðbil
0-1.000.000 = 28.900 m/öllu!
567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN
Nyja.is • S. 567 2277

Til sölu sparneytin Nissan Micra. árg. '98 beinskipt og skoðuð. Ek. 121 þús. Mjög gott eintak. Verð 370 þús. Uppl. í s. 868 8565.

## 250-499 þús.

Ford Focus '00 model. Ekinn 150þ sumar+vetrar dekk á felgum. Tilboð 370.000 Staðgreitt. uppl. 6996774

## 2 milljónir +

Hobby 495 Exelence hjólhýsi 2005, til sölu ásamt stóru fortjaldi. Verð 2.5 upplýsingar í 6992320

Scoda octavia svartur station árg. 12/06 diesel tdi ekinn 128þkm, verð 2,19 mkr uppl. í síma: 843 7722.

## Bílar óskast

**Vantar bíl!**
Óska eftir bíl fyrir allt að 350 þús. stgr. má þarfnast lagfæringa s. 659 9696.

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**
Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**Bíll óskast á 25-250þús.**
Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## Til sölu

Gott úrval og gott verð!
**Úrval bremsuhluta á lager**
Eigum á lager gott úrval bremsuhluta í flesta USA bíla og margar tegundir jeppa.
**Gott verð!**



**K&N loftsíur**
Bíllinn eyðir minna ef notaðar eru K&N síur.
**Mikið úrval!**
**15% afsláttur af K&N síum út apríl.**



**Opnunartími verslunar:**
Virka daga frá kl. 8-18.
Lokað um helgar.
Vagnhöfði 23 - **S: 590 2000**
benni.is - verslun@benni.is
Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Á vorfundi AGS var töluvert rætt um þær breytingar sem orðið hafa á vinnubrögðum þar og vangaveltur um breytt hlutverk hans í heiminum eftir lausafjárkreppuna 2008. Enda var það svo að á fundi fulltrúa 20 helstu hagkerfa heimsins (G20) var ákveðið um helgina að sjóðurinn hefði sérstakt eftirlit með skuldastöðu og efnahagshorfum í mikilvægustu hagkerfum heimsins. Þar eru undir lönd á borð við Bretland, Þýskaland, Bandaríkin, Japan, Kína og evrusvæðið í heild.

Þá er Ísland dæmi um viðsnúning hjá sjóðnum þegar kemur að beitingu gjaldeyrishafta, en þau eru nú viðurkennt verkfæri í efnahagsstjórnun ríkja, í það minnsta tímabundið.

Sjóðurinn stendur hins vegar í mörgum erfiðum verkefnum og virðist sem erfiðleikar séu að aukast fremur en hitt í mörgum löndum, svo sem á Írlandi, í Grikklandi, Portúgal og á Spáni. Hjá sjóðnum eru því nokkrar væntingar um að hampa megi að minnsta kosti einni farsælli áætlun þar sem hlutir hafi gengið upp, en það er áætlun Íslands. Herma heimildir blaðsins því að jafnvel þótt Hollendingar eða Bretar hefðu hug á því að reyna að leggja stein í götu efnahagsáætlunar Íslands vegna framgöngu landsins í Icesave-deilunni (sem reyndar hefur ekki heyrst af) þá yrði lítil stemning fyrir því innan AGS og hjá starfsmönnum sjóðsins.

## Fimlega varist

### Þrátt fyrir vangaveltur ræðir Strauss-Kahn ekki önnur mál en að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum snúa.


DOMINIQUE STRAUSS-KHAN

Töluverðar vangaveltur eru innan AGS um hver kunni að verða aftaki framkvæmdastjóra sjóðsins, Dominique Strauss-Khan, en kjörtímabil hans hjá sjóðnum rennur út á næsta ári. Þrálátur orðrómur er um að hann hyggist bjóða sig fram til forseta í Frakklandi (og þá væntanlega á móti Evu Joly, sem Íslendingum er að góðu kunn).

Strauss-Kahn varðist hins vegar fimlega spurningum um málið á blaðamannafundum og í viðtölum sem hann veitti í tengslum við vorfundinn í síðustu viku. „Aðalmálið núna er að vara við sinnuleysi varðandi þau verkefni sem þjóðir heims standa frammi fyrir í efnahagsmálum," sagði hann og kvaðst ekki ræða önnur mál en þau sem sneru að vorfundinum og AGS.

# Starfar á kjördæmisskrifstofu okkar hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum


**LILJA ALFREÐSDÓTTIR** Á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja sem mynda eitt kjördæmi þeirra ríkja sem að AGS standa starfar Lilja Alfreðsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Lilja Alfreðsdóttir hefur verið hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum síðan í ágúst 2010. Hún er skipuð af íslenskum stjórnvöldum og starfar á skrifstofu Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. „Og hérna verð ég þangað til í byrjun árs 2013," segir Lilja, sem tók frá nokkrar mínútur til að setjast niður með blaðamanni þrátt fyrir miklar annir við að skipuleggja fundi og afla gagna vegna heimsóknar íslenskra ráðamanna í tengslum við vorfund AGS og Alþjóðabankans sem lauk núna á sunnudag.

„Þessa skrifstofu skipa átta sérfræðingar frá ríkjunum átta sem mynda kjördæmið," segir hún, en 24 slík kjördæmi mynda framkvæmdastjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Í þeim tilvikum þar sem mörg lönd deila kjördæmi skiptast þau á um að veita því forsæti og verma stól kjördæmisins í framkvæmdastjórninni. „Til dæmis eru Bandaríkin eitt kjördæmi og hafa 16,5 prósenta vægi atkvæða í framkvæmdastjórninni, meðan við höfum að mig minnir 3,4 prósent. Kjördæmin eru mynduð út frá efnahagslegri vikt ríkjanna í heimsbúskapnum," útskýrir Lilja. Stærstu hagkerfin hafa því einn stól hvert um sig, meðan smærri ríki þurfa að sameinast um stóla.

„Okkar starf felst í því að fara yfir þá vinnu sem er í gangi og mál sem kynnt eru fyrir framkvæmdastjórninni," segir Lilja og kveður flest mál sem fyrir framkvæmdastjórnina fara vera samþykkt þar. „Menn eru búnir að undirbúa mál þannig að samstaða og sátt sé um þau."

Þegar kemur að fundum á borð við nýafstaðinn vorfund þá segir Lilja starfið að stórum hluta snúast um að greiða leið stjórnvalda, svo sem við að koma á fundum með öðrum framkvæmdastjórum hjá AGS. „Og eins að liðka til og hafa milligöngu um samskipti við annað starfsfólk sjóðsins."

Lilja, sem áður var á alþjóðaskrifstofu Seðlabankans, hefur fjölskyldu sína hjá sér úti. Eiginmaður hennar er í framlengdu fæðingarorlofi, en er í leyfi frá fjármálaráðuneytinu þar sem hann annars vinnur. Þegar blaðamaður hitti Lilju var hún nýkomin frá því að skila öðru tveggja barna þeirra í dagvistun í leikskóla sem AGS er með fyrir starfsfólk sitt í aðalstöðvum sjóðsins í Washington.

# Enn er verið að meta möguleg áhrif kosninganna um Icesave

### Yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi segir að koma verði í ljóst hvort Icesave-kosningin hafi áhrif á afnám gjaldeyrishafta og erlenda fjárfestingu.

Pólitískri óvissu um stöðu efnahagsáætlunar Íslands hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum var að nokkru eytt um síðustu helgi þegar íslenskir ráðamenn fóru til fundar við kollega sína frá öðrum löndum á vorfundi sjóðsins í Washington D.C. í Bandaríkjunum. Þar kom fram að áætlunin nyti enn stuðnings Norðurlandaþjóða og ekki merki um að viðsemjendur landsins í Icesave-deilunni ætluðu að reyna að bregða fæti fyrir áætlunina.

Julie Kozack, yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi, segir engu að síður mat á hugsanlegum afleiðingum þjóðaratkvæðagreiðslunnar um Icesave standa yfir hjá starfsfólki sjóðsins. Ekki sé þó annað að sjá en að efnahagsáætlunin geti haldið áfram og fimmtu endurskoðun hennar verði lokið innan fárra vikna. „Einna helst horfum við til þess hver áhrifin kunna að verða á áætlunina um afnám gjaldeyrishafta," segir hún. Ekki þurfi hins vegar að endurskoða áætlunina sjálfa, fremur að huga að tímasetningum og því hversu hratt hún nái fram að ganga. „Við þurfum að sjá hvort upphaflegar væntingar um tímasetningar standa, því tímasetningar í afnámi gjaldeyrishafta ráðast að stórum hluta af getu ríkissjóðs til að fjármagna sig á alþjóðlegum fjármálamörkuðum." Hún segir hins vegar almenna ánægju með áætlunina sjálfa. Skynsamlegt sé að byggja hana ekki á niðurnegldum tímasetningum heldur hafa hana árangurs- og þrepaskipta.

Þá segir Julie Kozack að einnig þurfi að greina hvort neitun í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave kunni að hafa efnahagslegar afleiðingar, svo sem á viljann til beinnar erlendrar fjárfestingar á Íslandi. „En við vitum af töluverði fjárfestingu í pípunum og sjáum ekki að breytingar verði á þeim áætlunum. Það er frekar að við horfum til áhrifa á nýjar fjárfestingar, en þær ráðast náttúrulega að stórum hluta á fjármögnunarkostnaði."

Julie segir ljós í myrkrinu hvað matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moody's varðar að þau hafi ekki lækkað lánshæfi Íslands strax eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna líkt og þau höfðu boðað. „Mér virðist allir ætla að taka sér tíma til að meta hverjar mögulegar afleiðingar atkvæðagreiðslunnar kunna að verða."

Almennt er hins vegar litið svo á að afar vel hafi gengið í efnahagsáætlun Íslands, þó svo að einstakir áfangar hafi tafist. „Meginmarkmið áætlunarinnar hafa náðst og eru að nást. Ef horft er á stóru myndina og fram hjá Icesave þá sést hversu mikill árangur hefur í raun náðst á tveimur og hálfu ári. Tekist hefur að stöðva gengissveiflur krónunnar, Grettistaki hefur verið lyft í fjármálum ríkisins og skuldum almennings komið í sjálfbæran farveg. Stýrivextir hafa lækkað og stórstígar breytingar orðið í átt til minni verðbólgu," segir hún og kveður jafnframt hafa náðst góðan árangur í endurskipulagningu fjármálakerfisins þótt þar séu enn allnokkur verk eftir. „Víða hafa góðir sigrar unnist þótt enn séu hlutir sem fást þarf við, svo sem slagurinn við atvinnuleysið."

Enn er lítið farið að ræða hvað tekur við að efnahagsáætluninni lokinni, en henni á að ljúka í ágúst næstkomandi. Vinna bæði íslenska stjórnvalda og AGS miðar hins vegar við að áætluninni ljúki þá. Julie bendir á að AGS verði enn með annan fótinn á Íslandi eftir að áætluninni lýkur, því tvisvar á ári er farið yfir mál þjóða sem skulda sjóðnum peninga.



**JULIE KOZACK** Yfirmaður sendinefndar AGS á Íslandi hafði í nógu að snúast vegna vorfundar sjóðsins og Alþjóðabankans sem hófst í síðustu viku og lauk á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

## KRA RÁÐAMANNA Í ANNARS ÁRANGURSRÍKRI FERÐ TIL BANDARÍKJANNA

viðburðar að fjármálaráðherrar og seðlabankastjórar allra helstu landa heims sóttu heim vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Enda er það svo að á þessum viðburðum þar sem vélað er með heimskapítalið safnast fólk saman til mótmæla. Hluti föruneytis Íslands fylgdist með því og gerði góðlátlegt grín á föstudegi þegar mótmælendur hópuðust að bíl sendiráðsins íslenska því þar inni sat Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra og verður seint talinn fulltrúi alþjóðakapítalsins. Lét hann reyndar eftir sér hafa að mótmælendur vestra hafi verið ólíkir því sem ráðamenn fengu að reyna í búsáhaldabyltingunni, því þótt þeir hafi hópast að bílnum og horft inn, þá snerti enginn bílinn, ólíkt því sem hér gerðist.

Vestra komust því allir ólemstraðir frá mótmælendum en fjármálaráðherra og föruneyti brá heldur í brún þegar þeir komu aftur heim á hótel síðdegis, því þá var búið að „tékka þá" út af herbergjum og henda persónulegum munum þeirra. Þó áttu þeir bókuð herbergi í þrjá daga.

**ÓVÆNT VERKEFNALEYSI**

Úr þessari fléttu leystist, menn fengu herbergi sín á ný og smám saman sína persónulegu muni.

Gengur ferðin nú stóráfallalaust fram á sunnudag þegar til stóð að fara heim. Fljúga átti frá Washington til Boston og þaðan áfram heim til Íslands. Á síðustu stundu aflýsti Delta Airlines fluginu og þótti félagið standa sig heldur slælega í að finna út úr áframför þeirra sem með þeim áttu að fara til Eplisins stóra. Hluti hópsins fór til New York með öðru flugfélagi en fjármálaráðherra og aðstoðarmaður hans urðu eftir í Washington. Þaðan héldu þeir svo ekki fyrr en daginn eftir, mánudag, aftur með Delta og til New York og heim þar sem biðu úrlausnarefni tengd kjarasamningum. Fátt er þó svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott – ráðherrann og hans maður fengu góðan nætursvefn í Washington þar sem dagskráin var tæmd og komu því væntanlega endurnærðir í slaginn heima.

# Tveir snjallir Nokia farsímar hjá Nova!



**Nokia C7**

**4.490 kr.** á mánuði í 18 mánuði

**500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 74.990 kr.**

**Nokia N8**



**5.490 kr.** á mánuði í 18 mánuði

**500 kr. símnotkun á mán. í 6 mán. fylgir!**

**Staðgreitt: 89.990 kr.**

DAGUR & STEINI



Páskaegg nr. 4 og 500 kr. símnotkun á mánuði í 6 mánuði fylgir!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, MM Selfossi og á Glerártorgi Akureyri | Þjónustuver 519 1919
**www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Farsímatilboð Nova gilda með áskrift og frelsi: Mánaðarleg afborgun er greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Ekkert mánaðargjald í frelsi en 590 kr. í áskrift og því fylgir 150 MB netnotkun á mánuði.




# Ríkur sopi og margslunginn

**Í GLASI MEÐ ÓLA KRISTJÁNI**



Greinarhöfundur var svo heppinn að komast nýverið út fyrir landsteinana. Í Vesturheimi rambaði hann inn í litla vínbúð og varð furðu lostinn yfir frábæru úrvali af gæðamaltviskíi. Því varð úr að hann festi kaup á flösku af Glenmorangie Sonnalta Hálandamaltviskíi á um það bil hálfvirði af því sem ætla mætti að flaskan kostaði í Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

Sonnalta er sérútgáfa af tólf ára gömlu maltviskíi frá Glenmorangie sem fyrst leit dagsins ljós í apríl 2009 og skemmst frá því að segja að þetta er eitthvert besta viskí sem undirritaður hefur komist í tæri við, og það þó að sopinn sé að mestu laus við móreykskeiminn sem annars einkennir það viskí sem honum alla jafna hugnast best. Í 2010 útgáfu viskíbiblíu Jims Murray (Jim Murray's Whisky Bible 2010) fær Sonnalta einkunn upp á 96,5 af hundrað mögulegum. „Án nokkurs vafa hið fullkomna eftirbragð," segir þar og vel óhætt að taka undir þau orð.

Sonnalta maltvískíið hefur göngu sína í framleiðsluferlinu eins og hvert annað viskí frá Glenmorangie og er látið þroskast í tíu ár í tunnum úr hvítri eik. Síðan er það flutt yfir í tunnur sem áður höfðu að geyma spænskt Pedro Ximénes sérrí. Í þeirri vist bætist í sopann dýpt og sæta sem sérríið er heimsfrægt fyrir, án þess þó að keimurinn nái að verða yfirþyrmandi í lokaútgáfunni.

Úr verður djúpgullið viskí sem sumir segja hinn fullkomna endapunkt á góðri máltíð. Aðrir gætu haldið því fram að best væri að vera ekki að blanda áti í málið, heldur láta sopann bara njóta sín. Ilmurinn er sætur og þungur með margslungnum krydduðum keim og segja má að sopinn sé svipaður, þó einnig komi þar inn ávextinn ferskleiki. Eftirbragðið er svo nær endalaust og ótrúlega ríkt og margbreytilegt.

Viskíið er margrómað og vann meðal annars til silfurverðlauna í flokki Hálandavískís árið 2009 í alþjóðlegri samkeppni áfengra drykkja (IWSC). Sama ár fékk Sonnalta gullverðlaun í flokki maltvískís í alþjóðasamkeppni brenndra drykkja (ISC).

Fyrir þá sem kunna ekki að meta mikinn móreyk í drykkjum sínum, líkt og þann sem einkennir Islay-viskí á borð við Laphroaig, hefur Glenmorangie verið vinsæll valkostur. Viskíin sem koma frá brugghúsi Glenmorangie í norðanverðum Hálöndum Skotlands, nærri bænum Tain, eru afar bragðgóð en um leið bragðmikil og með ríkt og gott eftirbragð. Sonnalta er afar vel heppnað tilbrigði við gæðastef Glenmorangie og að líkindum í flokki með allra bestu viskíum sem núna eru í sölu.



# Markaðsstjóri farinn frá N1



Gunnlaugur Þráinsson, markaðsstjóri olíuverslunarinnar N1 hætti störfum fyrir um mánuði. Hann vildi ekki tjá sig um málið í samtali við Fréttablaðið að öðru leyti en því að hann hefði sagt upp.

Uppsögnin kemur nokkuð á óvart innan auglýsingageirans enda Gunnlaugur með reyndari mönnum. Hann var á árum áður einn af eigendum og framkvæmdastjóri auglýsingastofunnar Gott fólk og er sagður hafa skilað því að N1 hlaut markaðsverðlaun ÍMARK, félags íslensks markaðsfólks, fyrir tveimur árum.

Ekki náðist í Hermann Guðmundsson þegar eftir því var leitað í gær. Eftir því sem næst verður komist hefur enginn verið ráðinn í stað Gunnlaugs en Katrín Guðjónsdóttir, hægri hönd hans, hefur verið gerð að deildarstjóra markaðsdeildar. Í kringum næstu áramót mun skoðað hvort nýr markaðsstjóri verði ráðinn. - jab



**MARKAÐSVERÐLAUN** Hermann Guðmundsson, forstjóri olíuverslunar N1, tók við markaðsverðlaunum ÍMARK árið 2009.



**MEÐ LYKLANA AÐ LÍFINU** Það er vinna að komast að því hvað mann langar til að gera, segir Árelía Eydís Guðmundsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bók fyrir þá sem vantar hillu í lífinu

„Lykillinn að því að vera ánægður með lífið og finna lífsfyllingu er að veita því athygli hvaða verkum við erum að sinna," segir Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent í stjórnun og leiðtogafræðum við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands.

Bók hennar Á réttri hillu kom út fyrir hálfum mánuði og rataði beint á metsölulista.

Markmið Árelíu með bókinni er að hjálpa lesendum að rýna í sjálfan sig og finna út frá nokkrum grunnþáttum hvar hæfileikar þeirra liggja. Eftir lesturinn geta þeir tekið próf og komist að því hvers konar manngerð þeir eru, hvar styrkur þeirra og veikleikar liggja. Manngerðirnar eru sextán talsins og birtir Árelía viðtöl við 32 manns undir nafni sem eiga það sammerkt að hafa fundið þann starfsvettvang sem hentar þeim. Þar á meðal eru nokkrir stjórnendur, prestur, lögreglumaður, húsmóðir og hárgreiðslukona, framkvæmdastjóri hjá fagfjárfestingarsjóði og millistjórnendur.

„Þetta er rosalega einfalt en öflugt tæki," segir Árelía sem hefur eftir einum lesanda að honum fannst bókin erfið. Við nánari athugun komst hún að því að bókin hafði ýtt við honum. „Það varð ég ánægð. Það veitti mér gleði. Það er vinna að komast að því hvað mann langar til að gera," segir hún. - jab


Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...




# FUNHEITAR EÐA SVALAR *í grillveisluna*

Þykkvabæjar
forsoðnar grillkartöflur
kartöflusalat
hrásalat

**Einfalt og gott!**



BANKAHÓLFIÐ

## Styrmir farinn

Skúli Mogensen keypti stóran hlut í MP Banka í síðustu viku í nafni fjárfestingarfélagsins Títan. Skúli hefur um árabil verið með mörg járn í eldinum og látið framkvæmdastjóra um daglegan rekstur Títans.

Framkvæmdastjóri félagsins var um skeið Styrmir Þór Bragason, sem hætti hjá MP Banka í lok maí 2009. Styrmir hefur verið ákærður vegna þáttar síns í svokölluðu Exetermáli auk þess sem sérstakur saksóknari yfirheyrði hann vegna milljarðafærslu úr Landsbanka til MP Banka sama dag og neyðarlög voru sett í október 2008. Baldur Oddur Baldursson tók við stjórn félagsins af Styrmi skömmu áður en hann var ákærður í fyrra.



## Hressi skrifstofustjórinn

Yfirbragð Landsvirkjunar þykir hafa tekið stakkaskiptum eftir að Hörður Arnarson settist í forstjórastólinn undir árslok 2009. Fyrirtækið kynnti á föstudag metnaðarfulla áætlun til ársloka 2025 sem á að skila ríkissjóði miklum arði. Ragna Árnadóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra sem ráðin var skrifstofustjóri fyrirtækisins í nóvember í fyrra, stýrði fundinum af röggsemi. Hún sagðist við upphaf fundar vilja fara yfir öryggismál og benti gestum á neyðarútganga að flugfreyjusið áður en hún kynnti ræðumenn.



## Þetta er alveg að verða búið, en …

Olli Rehn, framkvæmdastjóri efnahags- og gjaldeyrismála innan Evrópusambandsins, vísaði því á bug í síðustu viku að fjárhagsvandræði nokkurra evruríkja myndu leiða til þess að myntbandalagið liðaðist í sundur. Þvert á móti væri stutt í að evran kæmist í var. Hann vildi þó ekki segja málið alveg í höfn enda mætti ekki útiloka að stjórnvöld á Spáni kölluðu eftir fjárhagslegum björgunarhring. Fólk með fílsminni segir erindi framkvæmdastjórans minna um margt á orð George Bush, fyrrverandi forseta Bandaríkjanna, sem lýsti því yfir 1. maí árið 2003 að öllum meiriháttar átökum í Írak væri lokið. Nú átta árum síðar hefur friður ekki enn komist þar á. - jab



**2,4** milljarða hagnaður varð af rekstri Kaupfélags Skagfirðinga í fyrra.

**11** terawattstundir hyggst Landsvirkjun virkja á næstu fimmtán árum.

**40** prósenta hækkun hefur orðið á matvælaverði á Íslandi á þremur árum.


TIL LEIGU

Höfðabakki 9
110 Reykjavík

Glæsilegir skrifstofugarðar

Skrifstofugarðarnir á Höfðabakka bjóða uppá einn hagkvæmasta kostinn í skrifstofuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu.

Í boði er allt frá 150 m² til 5000 m² rými og möguleiki á margskonar útfærslum og staðsetningu innan skrifstofugarðanna. Í dag eru 25 fyrirtæki með starfsemi á svæðinu. Stækkunarmöguleikar eru miklir og getur húsnæðið því vaxið með fyrirtækinu. Reitir fjármagna breytingar sem henta hverjum og einum og skapa þannig vandað atvinnuhúsnæði sem tekur mið af hagkvæmni í rekstri og mismunandi þörfum. Skrifstofugarðarnir eru með vistvæna vottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum BREEAM. Svæðið er vel tengt helstu umferðaræðum borgarinnar.

breeam








www.reitir.is

REITIR
Vönduð umgjörð fyrir vinnandi fólk



Nánari upplýsingar veitir
Halldór Jensson
840 2100
halldor@reitir.is

Reitir fasteignafélag er stærsta þjónustufyrirtækið á sviði útleigu atvinnuhúsnæðis á Íslandi. Reitir hafa yfir að ráða fjölbreyttu fasteignasafni sem samanstendur af um 130 fasteignum sem staðsettar eru víðsvegar um landið.



Fjölnota LITAprentari með netkorti




LITAPRENTARI, SKANNER og FAX
Prenthraði: 16 bl./mín. svörtu og 4 bl/lit
Upplausn: 2400x600dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Minni 2MB, 160 síður
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 130/80 blöð
Minni: 256 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux. Pcl5, Pcl6
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

Tilboðsverð: 69.900 kr.

Fjölnota prentari með netkorti




PRENTARI, SKANNER og FAX
Prenthraði: 24 bl./mín.
Fyrsta blaðsíða: 10 sek.
Upplausn: 1200x1200dpi

SKANNI OG LJÓSRITUN:
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
FAX: Leshraði: um 3 sek. pr. síðu

Pappírsbakki inn/út: 250/150 blöð
Minni: 128 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet

Tilboðsverð: 59.900 kr.

LITA-laserprentari með netkorti




PRENTARI
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 24 bl./mín. í lit
Fyrsta blaðsíða út: 20 sek.
Upplausn: 9600x600dpi
Minni: 256MB
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Pappírsbakki út: 200 blöð
Hljóðmagn: < 52dB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX
Verð: 59.900 kr.

SAMSUNG

HÁGÆÐA VINNUDÝR á UNDRAGÓÐU VERÐI!

Umboðsmenn um land allt · Sjá nánar á www.ormsson.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

ORMSSON

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tökum að okkur raflagnir og viðhald raflagna, dyrasímaþjónusta. Rafneisti ehf.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

Lög.g Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl S: 698 1524.

## Önnur þjónusta




## KEYPT & SELT

## Til sölu




**Fermingartilboð í apríl**
10% afsláttur af öllum saltkristalslömpum -kertastjökum. 20% afsláttur af krosslömpum á meðan birgðir endast. 30% afsláttur á tilboðsborðinu. Opið mán-fös 12-18, lau 12-16 Ditto, Smiðjuvegi 4, (græn gata)




Klassískur gítar full stærð poki,neglur og kennsludiskur Kr:16.900,- Gítarinn ehf,Stórhöfða 27 Sími:552 2125,www gitarinn.is, gitarinn@gitarinn.is.



**VANTAR ÞIG MEIRA PLÁSS? IÐNAÐARTJALD**
82. FERMETRAR. 15.M á Lengd. 5.3.M á Hæð. 5.5M á Breidd Til sölu síðasta skemman á frábæru verði 749.000 m/vsk.Áður 799.000. uppl.í síma 845-5252

**ÞVOTTAVÉLAR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

Ísskápar, þvottavélar, stálvaskar á 5þ, uppþvottavélar, þurrkarar, barnaþríhjól, barnahjól, sjónvörp, Tölvuflatskjár, Gaggenau ofn, Toyota Corolla XLI árg.'95 S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun



PÁSKATILBOÐ 15% afsláttur af öllum kjólum. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

**HURÐASKILTI**
Apríltilboð
**2.600 kr.**
BOÐI Stimplagerð
Bolholti 6, Rvk.
Sími 511-1400

**7 rósir 990 kr.**
**Dalía**
BLÓMABÚÐ GLÆSIBÆ
S. 568 9120

**bathmate**
Bathmate er nú með CE vottun!
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
Pantana & upplýsingasími
**849 0698**
www.bathmate.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**
**Opið alla páskahelgina**
Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

GALLERÍ VOFF HUNDASKóLI Atvinnumennska í dýratamningum í 20 ár Framhaldsnámsk. hefst n.k. laugard. gott að stilla hundinn af fyrir sumarið. uppl. í s:8622006.Ásta Dóra DBC.

Óska eftir hundasnyrtiborði (hækka/lækka), kraftblásara og standblásara. Skoða allt. Hanna hanna@hundahanna.is S: 848-5552

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Fullbúnar hótelíbúðir í vikuleigu í Hafnarfirði. s. 899 7004.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

3 herb. við hverfisgötu á 4 hæð 120kr. Mán 2mán. fyrirfram uppl. 899 8400.

Room for rent, for 1-2 person. Internet, Kitchen, whashingroom and bathroom. Tel 660 9372.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Mjög rúmgott herbergi í 101 Rvk. til leigu. 50 þús./mán. Aðg. að sturtu + eldh., frítt net, engin gjöld. S. 661 5154.

**Ventura Willowpoint Flórída**
Til leigu íbúð, 2 herb., eldh. og stofa. Ódýrt golf og stutt í garða. Uppl. s. 499 2404 og jokasig@cfl.rr.com á Fl. Rvk. Kristinn 868 0199.

## Húsnæði óskast

Vantar ad leiga ibud fra 4 Juli til 8 Agust. Ma vera i Kopavogi, Reykjavik, Mosfellsbae. E-mail: afranklin12@cox.net

**Leigusalar!**
Skráið eignina ykkur að kostnaðrlausu inná leigulistinn.is og sjáið sjálfir um útleiguna, eða óskið eftir fullri þjónustu og látið okkur sjá um málið. Hringdu í s. 511-1600, Leigulistinn ehf.

Óska eftir að taka á leigu íbúið í miðbænum 3herb+ helst með einhverjum húsgögnum/búnaði. Leigutími þarf að vera minnst 3 mánuðir. Góð og trygg leigugreiðsla fyrir rétta eign. Upplýsingar í síma 665-9806.

Óskum eftir húsnæði til langtímaleigu í 201 kóp. frá og m. 1.júl þarf að vera 5 herb. uppl. 824 7700.

## Sumarbústaðir



**Sumarhús til sölu.**
Ótrúlegt verð, aðeins 13,5 m. fyrir nýjan 83 fm bústað á útsýnisstað í Hvalfirði. 0,22 ha leigulóð, gólfhiti. Uppl. í síma 899 8550.



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði



**Fossháls 1- til sölu**
Glæsilegt verslunar- þjónustu og atvinnupláss til sölu í þessu reisulega og þekkta húsi. Um er að ræða alla götuhæðina sem er 815 fm og lítið plásss á jarðhæð með innkeyrsluhurð Sem er 146 fm. Plássin eru laus til afhendingar strax. Frábært verð. Ekkert áhvílandi og engin Skipti. Stefán H. Stefánsson hdl, sýnir s: 895-2049

## Fasteignir

*Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali*

**VALFELL**
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

**Berjabraut 10 Kjós sumarhús**



Vel staðsett og fullbúið 83,2 fm fullbúið sumarhús, byggt árið 2005. Húsið er á fallegum útsýnisstað í landi Hálsa í Kjós. Húsið er á tveimur hæðum með yfirbyggðum inngangi. Í húsinu eru tvö svefnherbergi á neðri hæð, auk eldhúss, stofu og baðherbergis. Á baði er innrétting, sturtuklefi og tengi fyrir þvottavél. Stofan er með mikilli lofthæð og úr stofu er stigi upp á risloft sem er eitt opið rými með útgengt í enda út á vestursvalir með fallegu útsýni. Lóðarleiga árlega um kr. 35.000.-
Ásett verð 14,9 millj. Áhv. 3 millj. frá V.R. greiðslubyrði a mán. c.a 29 þús. Skipti koma til greina á bíl eða lítilli íbúð í Reykjavík.
**Allar nánari uppl. veitir Hákon í síma 898-9396**




## Fasteignir

# Til sölu – Lögbýlið Ásgarður í Grímsnesi

Til sölu er 150 ha jörð með veiðirétti. Um er að ræða lögbýlið Ásgarð í Grímsnes- og Grafningshrepp. Jörðin er um 100 hektarar heiðarlands, 40 hektarar af ræktuðum skóg, 11 hektara spilda við bakka Sogsins, lax- og silungsveiðiréttindi í Soginu úr landi Ásgarðs, auk 2,8 km bakka að Soginu frá Syðri Brú að Búrfellslæk. **Verð 100,0 m. Skoða skipti á ódýrari eign.**
Lögmenn Suðurlandi, Austurvegi 3, Selfossi.
Nánari uppl. veitir Steindór Guðmundsson löggiltur fasteignasali í s: 480 2900 eða 863 2900.



## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Bílskúr

Til leigu 36fm bílskur á Bollagötu 105 R. með sér hita og rafmagn mæla. Laus nú þegar. kr. 30þ/m. Rafmagn og Hiti eru EKKI innifalið. Eingöngu fyrir þá sem borga trygginguna kr. 50þ með fé og leiga lágmark í 1 ár. Uppl. 8637930/ kthuy@btinternet.com

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

# ATVINNA

## Atvinna í boði

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ

**Íslenska Gámafélagið**
**Íslenska gámafélagið óskar eftir vönum tækjamanni á hjólagröfu. Viðkomandi þarf að hafa mikla reynslu, stóru vinnuvélaréttindin og meirapróf er æskilegt.**
**Umsóknir og fyrirspurnir óskast á netfangið helga@igf.is**

Vantar mann á bát með 30 tonna réttindi. Uppl. í síma 862 1314.

Vanann stýrimann vantar á línubát m. beitningarvél sem er að hefja blálaunguveiðar uppl:4500201 / 8478182.

Óskum eftir hörkuduglegum, reyklausum og sjálfstæðum aðila á vaktir í söluturn í Breiðholti og Hraunbæ. Eingöngu 18 ára og eldri koma til greina. Umsóknir sendist á maria-holmgrims@hotmail.com. Uppl. í s. 846 1082.

## Atvinna óskast

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir starfsfólki í nýtt og spennandi kaffihús í miðbæ Reykjavíkur. Góð þjónustulund og tungumála kunnátta skilyrði. Um vaktavinnu er að ræða. Æskilegur aldur er ca 25-35 ára. Áhugi á náttúru Íslands er kostur. Umsóknir berist á netfangið volcanohouse@yahoo.com

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Spjalldömur 908 5050**
Ný stúlka, opið alla páskana.

## Tilkynningar

Fjallabyggð

### Fjallabyggð – Ólafsfjörður

**Flæðar – íbúðarsvæði, tillaga að deiliskipulagi**

Bæjarstjórn Fjallabyggðar auglýsir hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir íbúðarsvæðið Flæðar á Ólafsfirði.

Skipulagshugmyndin gengur út að skipuleggja hverfið að fullu og stuðla þannig að því að hverfið fullbyggist. Með því verður heildaryfirbragð svæðisins skemmtilegra og hverfið líklega eftirsótt til búsetu. Skipulögð er ný gata (Bakkabyggð) og lóðir við hana syðst á svæðinu auk þess sem gert er ráð fyrir nýjum lóðum við Mararbyggð og einni nýrri lóð við Ægisbyggð. Þá eru settir skilmálar fyrir núverandi lóðir og byggingar innan hverfisins.

Tillöguuppdráttur ásamt greinargerð mun liggja frammi á skrifstofum Fjallabyggðar að Ólafsvegi 4 á Ólafsfirði og að Gránugötu 24 á Siglufirði frá 26. apríl til 7. júní svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Fjallabyggðar: www.fjallabyggd.is

Athugasemdir við skipulagstillöguna skulu berast til Tæknideildar Fjallabyggðar í síðasta lagi 7. júní og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykkur henni.

20. apríl 2011
Deildarstjóri Tæknideildar Fjallabyggðar

Fjallabyggð

### Auglýsing um deiliskipulagstillögu

**- Snorragata á Siglufirði, Fjallabyggð -**

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Snorragötu á Siglufirði auglýsist hér með skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er skilgreint 7,45 ha að flatamáli og er landnotkun innan reitsins skilgreind sem þjónustustofnanir, verslunar- og þjónustusvæði, miðsvæði og óbyggt svæði, sem tekur til gatnamóta Norðurtúns og Snorragötu, norður Snorragötu en þó ekki til gatnamóta við Suðurgötu í norðri. Í deiliskipulagstillögunni er leitast við að skapa heildstæða götumynd með áherslu á sögulegt gildi svæðisins.

Tillagan verður til sýnis á skrifstofum Fjallabyggðar að Gránugötu 24 á Siglufirði og Ólafsvegi 4 í Ólafsfirði frá og með miðvikudeginum 20. apríl til miðvikudagsins 1. júní 2011. Tillagan verður einnig aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins - www.fjallabyggd.is -

Skriflegar athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist skipulags- og umhverfisnefnd eigi síðar en kl. 16.00 miðvikudaginn 1. júní 2011.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Bæjarstjóri Fjallabyggðar**



### Aðalsafnaðarfundur Árbæjarsóknar

**Aðalfundur Árbæjarsóknar verður haldinn sunnudaginn 1. maí 2011 að lokinni messu sem hefst kl. 11.00**

**Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf**
**Önnur mál.**

**Sóknarnefnd.**

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...

## Atvinna

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



### Hjúkrunardeildarstjóri taugalækningadeildar

Taugalækningadeildin, sem er 20 rúma legudeild, er eina sérhæfða taugalækningadeildin á landinu og fer þar fram þverfaglegt starf við að veita einstaklingum með taugasjúkdóma meðferð.

Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar á deildinni
- Ber ábyrgð á rekstri og áætlanagerð
- Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður

**Hæfnikröfur**
- Hjúkrunarfræðimenntun
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
- Reynsla í starfsmannastjórnun
- Leiðtoga- og samskiptahæfni

### Hjúkrunardeildarstjóri hjartagáttar

Á hjartagátt er veitt bráðaþjónusta við hjartasjúklinga auk dag- og göngudeildarþjónustu fyrir sama sjúklingahóp. Deildin er opin frá kl 08:00 á mánudögum til kl 20:00 á föstudögum.

Hjúkrunardeildarstjórinn er yfirmaður hjúkrunar á deildinni, stjórnar daglegum rekstri og er leiðandi um hjúkrunarfræðileg málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar á deildinni
- Ber ábyrgð á rekstri og áætlanagerð
- Stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun með því að hvetja til rannsókna og nýta rannsóknarniðurstöður

**Hæfnikröfur**
- Hjúkrunarfræðimenntun
- A.m.k. 5 ára starfsreynsla
- Framhaldsnám í hjúkrun æskilegt
- Reynsla í starfsmannastjórnun
- Leiðtoga- og samskiptahæfni

### Yfirtalmeinafræðingur

Talmeinaþjónustan sinnir greiningu og meðferð sjúklinga, með tal- og máltruflanir ásamt kyngingarerfiðleikum, bæði á bráðadeildum sjúkrahússins og í langtímaendurhæfingu.

Yfirtalmeinafræðingur er yfirmaður talmeinaþjónustu spítalans. Yfirtalmeinafræðingur stjórnar daglegum rekstri sinnar deildar og er leiðandi um málefni innan deildarinnar. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri lyflækningasviðs.

**Helstu verkefni og ábyrgð**
- Ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun talmeinaþjónustu á Landspítala
- Ber ábyrgð á rekstri og áætlanagerð á sinni deild
- Ber ábyrgð á starfsmannahaldi

**Hæfnikröfur**
- Meistaragráða í talmeinafræðum ásamt starfsnámi og löggildingu til að starfa sem talmeinafræðingur á Íslandi
- Faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Stjórnunarreynsla

**Nánari upplýsingar**
- Umsóknarfrestur er til og með 30.04.2011.
- Starfshlutfall er 100% og veitast störfin til 5 ára frá 1. júní 2011 eða eftir samkomulagi.
- Umsókn fylgi vottfestar upplýsingar um nám, fyrri störf, kennslu og vísindavinnu.
- Umsóknir um störf hjúkrunardeildarstjóra verða sendar til stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala.
- Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.
- Upplýsingar veita Vilhelmína Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri lyflækningasviðs, vilhehar@landspitali.is, sími 543 6014 ásamt mannauðsráðgjöfunum Þórdísi Ágústu Ingólfsdóttur, thoring@landspitali.is, sími 543 9106 og Þórgunni Hjaltadóttur, torghjal @landspitali.is, sími 825 5136.
- Umsóknargögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Vilhelmínu Haraldsdóttur, framkvæmdastjóra lyflækningasviðs, LSH E-7, Fossvogi.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf". Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



**BASSI** Andri Björn syngur á tónleikum í Langholtskirkju á föstudaginn langa.

# Bassaaríur í Langholtskirkju

Andri Björn Róbertsson bassi heldur tónleika ásamt strengjakvartett, sem Halla Steinunn Stefánsdóttir leiðir, í Langholtskirkju á föstudaginn langa klukkan 17.

Meðal verka eru einsöngskantatan Ich habe genug BWV 82 eftir J. S. Bach og bassaaríur úr Jóhannesar- og Mattheusarpassíum. Andri Björn hefur alist upp í kórastarfi í Langholtskirkju frá níu ára aldri í gegnum Gradualekór Langholtskirkju og Kór og Kammerkór Langholtskirkju. Hann lauk burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík vorið 2010. Kennari hans var alla tíð Ólöf Kolbrún Harðardóttir. Hann stundar nú nám við Konunglega tónlistarskólann í London.

Fyrir nokkrum árum vakti Andri athygli hinnar heimsfrægu söngkonu Kiri Te Kanawa og hefur verið undir sérstakri vernd hennar síðan.

Miðar eru seldir á midi.is.



**LUMMÓSVEIT LÝÐVELDISINS** Er skipuð fólki á öllum aldri. MYND/ÍBÍ

# Djassperlur frá sjötta áratug

Lummósveit lýðveldisins heldur tónleika á Hótel Klaustri laugardaginn fyrir páska klukkan 21. Hún mun flytja dægurlög frá 6. áratug síðustu aldar ásamt söngvurunum Gunnari Pétri Sigmarssyni og Lindu Agnarsdóttur. Sérstakur heiðursgestur verður Jón Kr. Ólafsson söngvari frá Bíldudal. Tónleikarnir eru liður í dagskránni Sigur lífsins sem að vanda fer fram á Kirkjubæjarklaustri um bænadagana.

Lummósveit lýðveldisins er skipuð Skaftfellingum á breiðu aldursbili. Aldursforsetinn er á áttræðisaldri samkvæmt kirkjubókum og yngsti félaginn varð sextán ára á dögunum. Leikið er á píanó, trommur, bassa, og gítar. Saxófónn, klarinett og harmóníka skreyta líka undirleikinn sem félagarnir líta á sem vöggu fyrir sönginn, aðal sveitarinnar. - gun

# Biblían gefin út í kiljuformi

**Líkt og aðrar metsölubækur hefur Biblían nú verið gefin út í kilju. Markmiðið með þessu framtaki er að gera texta Biblíunnar sem aðgengilegastan flestum, ekki síst ungu fólki.**



**JPV útgáfa gefur Biblíuna út í samstarfi við Hið íslenska Biblíufélag. Nýja útgáfan er tæpar 1.900 síður en í þægilegu broti sem fer vel í hendi.**

# Óska eftir tilnefningum til foreldraverðlauna

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra, verða afhent í sextánda sinn í Þjóðmenningarhúsinu í maí. Af því tilefni er nú óskað eftir tilnefningum til Foreldraverðlauna 2011 frá einstaklingum, félögum eða hópum sem vilja vekja athygli á vel unnum verkefnum, sem stuðla að eflingu á skólastarfi og jákvæðu samstarfi heimila, skóla og samfélagsins.

Verðlaununum er ætlað að vekja athygli á því fjölbreytta starfi sem fer fram innan leik-, grunn- og framhaldsskóla og stuðlar að því að efla jákvætt og öflugt samstarf heimila, skóla og samfélagsins.

Til að senda tilnefningu má fylla út eyðublað á heimasíðu Heimilis og skóla, www.heimiliogskoli.is. Síðasti skiladagur tilnefninga er fimmtudagur 28. apríl 2011.



**VERÐLAUNIN VEITT** Frá afhendingu foreldraverðlauna í fyrra.




## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** ögn, **6.** hvort, **8.** skítur, **9.** þjófnaður, **11.** tveir eins, **12.** bit, **14.** enn lengur, **16.** tveir eins, **17.** þjálfa, **18.** eyrir, **20.** persónufornafn, **21.** könnun.

**LÓÐRÉTT**
**1.** klöpp, **3.** pot, **4.** reiðufé, **5.** svelg, **7.** fáskiptinn, **10.** gogg, **13.** útsæði, **15.** kvið, **16.** ósigur, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** moli, **6.** ef, **8.** tað, **9.** rán, **11.** uu, **12.** glefs, **14.** áfram, **16.** tt, **17.** æfa, **18.** aur, **20.** ég, **21.** próf.

**LÓÐRÉTT: 1.** berg, **3.** ot, **4.** lausafé, **5.** iðu, **7.** fálátur, **10.** nef, **13.** fræ, **15.** maga, **16.** tap, **19.** ró.






# Skjaldborgin um yfirstéttina

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Við lifum í heimi sem er oft býsna óréttlátur en það hefur sannað sig að svo einfalt er að réttlæta óréttlætið að þorri heimsbyggðarinnar trúir því að ekkert sé við þessu óréttlæti að gera.

**EN** þó dúkka upp sögur sem gefa þeirri tilhugsun byr undir báða vængi að eflaust sé réttlæti til í raun og veru. Til dæmis sagan um Júlían Muñoz en hann var bæjarstjóri í Marbella á suðurströnd Spánar. Sá læddist ekki meðfram veggjum í stjórnartíð sinni enda þýðir ekkert að fela sig þegar menn eru búnir að næla sér í heitustu píuna á Íberíuskaga, reyndar í flokknum 45 ára og eldri, en heitkona hans var engin önnur en stórsöngkonan Ísabel Pantoja. Hvorki Bubbi Morthens né Elton John sungu í veislum þeirra en þær voru býsna veglegar engu að síður.

**JÚLÍAN** var ákaflega greiðvikinn við menn sem vildu byggja strax og í trássi við lög. Það var hægt að hafa mikið upp úr þessu hér áður á Spáni og var Júlían klaufskur við að fela alla svörtu peningana. Fékk hann því að sitja inni fyrir þessa svörtu iðju í þrjú ár. Það var meira en Ísabel þoldi svo karlinn er nú söngkonulaus og með reppið í rusli.

**RAUNASAGA** hans gefur manni þá trú að réttlætið sigri að lokum en það er þó ekki hægt að blekkja sig lengi með slíku bulli. Til eru menn sem fengu 350 þúsund manns til að leggja peninga inn á reikninga hjá sér en síðan var búllunni lokað og reikningnum vísað á ríkið. Menn eru þó ekki að láta loka sig inni fyrir svona lagað. Eins voru nokkur mútumál til umræðu hér á Spáni en þeim lauk með því að tveimur peðum var fórnað.

**TIL FORNA** var staðinn vörður um öryggi æðstu stéttarinnar með því að tryggja að fólk úr neðsta lagi samfélagsins kæmist ekkert upp á við. Ófrjáls maður í Rómaveldi gat ekki búist við öðru en að deyja ófrjáls. Nú hafa þessi samfélög þróast þannig að fólk sem fæðist í fátækt getur unnið sig upp. En við skyldum þó ekki halda að við séum svo þróuð að réttlætið nái í gegnum skjaldborg yfirstéttarinnar. Ég held nefnilega að honum Júlla hafi ekki verið refsað fyrir spillinguna heldur fyrir klaufaganginn við að hylja hana.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Frábært verð á málningu!

*Málaðu um páskana!*

# 20% afsláttur

*af allri málningu og málningarverkfærum*



20% AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU OG MÁLNINGARVERKFÆRUM 20% AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLN

...UM 20% AFSLÁTTUR AF ALLRI MÁLNINGU OG MÁLNIN



ÞÚ FINNUR PÁSKAMÁLNINGUNA ÞÍNA Í BYKO!




BYKO

EXPO · www.expo.is

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# Íslenskar gæðavörur á fr

## Vistvænt ferskt Íslenskt salat í **BÓNUS**

Lambhagi




Lambhagi

BÓNUS BLANDAÐ LAMBHAGASALAT
**459** KR.150g

LAMBHAGASALAT Í POTTI
**275** KR.STK

100g LAMBHAGA SPÍNAT Í BOXI
**298** KR. 100g




BRAGÐAREFUR **398** KR. 2 ltr.

EMMESS ÍS **298** KR. 2 ltr.




BÓNUS MATREIÐSLURJÓMI
**179** KR. 400ml

BÓNUS FETI
**295** KR. 250g

SÝRÐUR RJÓMI *10% & 18%*
**139** KR. 200g

ÍS-SÓSUR **259** KR. 300ml

BÓNUS MAYONNAISE
**259** KR.550ml






FORSOÐNAR KARTÖFLUR **298** KR. 900g

BÖKUNARKARTÖFLUR **198** KR. 700g



## Ódýrustu páskaeggin í Bónus:

eru Bónus páskaeggin
framleidd hjá
sælgætisgerðinni Góu



### BÓNUS *PÁSKAEGG*

| | | |
|---|---|---|
| Risapáskaegg 1.kg. | | **1998 kr.** |
| Páskaegg nr. 6 | *520g* | **1298 kr.** |
| Páskaegg nr. 5 | *420g* | **998 kr.** |
| Páskaegg nr. 4 | *315g* | **798 kr.** |
| Páskaegg nr. 3 | *170g* | **459 kr.** |

**BÓNUS** BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ábæru verði í BÓNUS
AFGREIÐSLUTÍMI
MIÐVIKUDAGUR
10:00-20:00
VINSÆLASTI HAMBORGARHRYGGURINN Í BÓNUS
1298 KR.KG MEÐ BEINI
1598 KR.KG ÚRBEINAÐUR
ALI HAMBORGARHRYGGUR
20% AFSLÁTTUR
2798 KR.KG
ÍSLANDSNAUT UNGNAUTA RIBEY
MERKT VERÐ: 3498 KR.KG - 20% AFSLÁTTUR
998 KR.KG
ALI FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR
3598 KR.KG
ÍSLANDSLAMB MANGÓKRYDDAÐ FERSKT LAMBAFILE
998 KR.KG
FERSKUR VEISLUFUGL
MEÐ FYLLINGU
NÝTT Í BÓNUS FRÁ ÍSLANDSLAMBI
BLÁBERJAKRIDDAÐUR
LAMBA
INNRALÆRISVÖÐVI
Besti vöðvinn úr lambalærinu,
á grillið eða beint í ofninn !
2798 KR.KG
1259 KR.KG
FROSINN KALKÚNN 1.FLOKKUR
1298 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
2998 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET
25% AFSLÁTTUR
1949 KR.KG
ÍSLANDSLAMB ÚRBEINAÐ SKAGFIRSKT HANGILÆRI
MERKT VERÐ: 2598 KR.KG - 25% AFSLÁTTUR
KJARNAFÆÐI
LÚXUS LAMBALÆRI
1398 KR.KG
KJARNAFÆÐI FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
NONNI
BERNAISSÓSA
279 KR. 225ml.
1198 KR.KG
KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA FROSIÐ HEILT LAMBALÆRI
Sérskorið kryddað lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1498 KR.KG
ÍSLANDSLAMB SÉRSKORIÐ FERSKT KRYDDAÐ LAMBALÆRI
BÓNUS
KALDAR GRILLSÓSUR
Piparsósa
Hvítlaukssósa
198 KR. 270ml.
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri þar sem efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
1359 KR.KG
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

! **LÍFSVERK JÓNS SIGURÐSSONAR** Sýningin Lífsverk verður opnuð í Þjóðarbókhlöðunni í dag. Tilefnið er 200 ára fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar forseta. Sýnd verða valin handrit og skjöl er lúta að einkahögum Jóns, fræðastarfsemi hans og stjórnmálaþátttöku. Jafnframt verður opnaður rafrænn aðgangur að fjölda handrita, skjala, bóka og tímarita sem Jón kom að. Sýningin er á vegum Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í samvinnu við afmælisnefnd Jóns Sigurðssonar.

# AÐ SKAPA ER PARTUR AF ÞVÍ AÐ VERA TIL

**Ágúst Borgþór Sverrisson hefur á undanförnum árum getið sér orð fyrir smásagnagerð. Nýlega sendi hann frá sér nýja nóvellu, Stolnar stundir, sem dregur dám af hans eigin lífi – og þó ekki.**

Stolnar stundir fjallar um Þóri, þýðanda og fjölskyldumann sem meðfram vinnu- og heimilisskyldum situr á kaffihúsum og skrifar smásögur í laumi. Þegar ókunnug kona hringir í skakkt númer og eiginkona Þóris verður fyrir svörum, hefst hins vegar atburðarás þar sem friðsælu fjölskyldulífi er stefnt í hættu.

Ágúst Borgþór á ýmislegt sammerkt með Þóri. Hann er líka þýðandi og fjölskyldumaður, sem oft situr á kaffihúsum í miðbænum og skrifar skáldskap. Fjalla Stolnar stundir um hann sjálfan?

„Að einhverju leyti er þetta smá leikur,“ útskýrir Ágúst Borgþór. „Þegar ég var að skrifa þessa sögu rann fljótlega upp fyrir mér að ég var að skrifa um minn reynsluheim, það er heilmikill 101-bragur á þessu. Og í stað þess að reyna að fela það ákvað ég að að ganga alla leið með það. Það er því ýmislegt sem við Þórir eigum sammerkt, vinnustaðir okkar eru nákvæmlega eins og dætur okkar lituðu báðar á sér hárið.“

> Í stað þess að verja kvöldunum í skriftir þurfti ég að selja klósettpappír
>
> ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON

Þess háttar atriði ráði hins vegar ekki úrslitum um hvernig fólki er.

„Þeir sem þekkja mig mjög vel taka líklega eftir að ég er að mörgu leyti mjög ólíkur þessum manni; hjónaband okkar er mjög ólíkt; hann byrjar að skrifa um fertugt og heldur því leyndu en ég byrjaði að blaðra um það þegar ég var sextán ára að ég ætlaði að verða rithöfundur. Það má því kannski túlka þetta sem dálitla pælingu um mörk einstaklinga; Þórir er alls ekki ég – en við komum úr sama reynsluheimi.“

Ágúst Borgþór viðurkennir þó að ýmislegt í bókinni sé sjálfsævisögulegt, til dæmis glíman við að vera rithöfundur meðfram fullu starfi og fjölskyldulífi.

„Ég man eftir því þegar ég kom næstum því grenjandi heim af foreldrafundi þar sem var verið að skipuleggja tónleikaferðalag fyrir dóttur mína. Ég var að vinna á auglýsingastofu, sem hentaði ágætlega upp á skriftirnar að gera. Það sem setti strik í reikninginn var hins vegar fjölskyldulífið; í stað þess að verja kvöldunum í skriftir þurfti ég að selja klósettpappír. Á þeim tímapunkti rann það upp fyrir mér að ég væri orðinn maður sem fer í fýlu yfir að dóttir hans kemst í tónleikaferðalag!“

Ágúst Borgþór hefur hingað til einbeitt sér að smásögum og nóvellum, að ógleymdu blogginu, sem líta má á sem hluta af höfundaverki hans. Hvers vegna höfðar þetta form svona sterkt til hans?



**ÁGÚST BORGÞÓR SVERRISSON** Aðalpersóna Stolinna stunda dregur sumpart dám af höfundi sínum, en í öðru eru þeir gjörólíkir, jafnvel andstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það má kannski rekja til þess þegar ég fór að ná valdi á því að skrifa eitthvað sem var þess virði að birta,“ segir hann. „Lestraráhugi minn varð mun beinskeyttari fyrir vikið; ég leitaðist aðallega við að lesa það sem gat komið mér að gagni við skriftir og oftar en ekki voru það smásögur. Bandarísk smásagnagerð stóð í miklum blóma á 9. áratugnum og það má segja að formið hafi náð algjörum tökum á mér. En nú finnst mér ég vera reiðubúinn til að skrifa lengri verk jafnt sem smásögur og geri ráð fyrir að næsta verk verði skáldsaga upp á 250 síður eða svo. En ég er rétt byrjaður á henni.“

Auk þess að skrifa hefur Ágúst Borgþór kennt á smásagnanámskeiðum, sem hann segir bæði hafa styrkt sig sem höfund og opnað augu sín fyrir því hversu margir fást við skriftir í raun og veru.

„Það eru ótrúlega margir að skrifa. Og þetta virðist vera tilneigingin þegar maður lítur heilt yfir listgreinarnar. Á tímum þar sem ríkir velmegun og menntunarstigið er hátt sér maður að það verður partur af mannlegu hlutskipti að vera skapandi.“ 

bergsteinn@frettabladid.is




Bækur ★★★

**Konan í búrinu**

Jussi Adler-Olsen. Þýðandi: Hilmar Hilmarsson.

**JPV-útgáfa**

## Enn fleiri karlar sem hata konur




Konan í búrinu er fyrsta bók danska höfundarins Jussi Adler-Olsen um Deild Q innan dönsku rannsóknarlögreglunnar. Þegar yfirmenn rannsóknarlögreglumannsins Carls Mørk fá sig fullsadda af duttlungum hans og fýlu grípa þeir til skrifræðisbrellna og setja hann yfir nýja deild sem kennd er við Q og hefur á sinni könnu óleyst sakamál. Þótt sparkið eigi að heita upp á við er Mørk plantað ofan í kjallara og á að gera deildina út einn síns liðs, fyrir utan liðléttinginn Assid, sem reynist fleira til lista lagt en að hella upp á kaffi og skúra gólf.

Fyrsta mál deildarinnar er að rannsaka dularfullt hvarf ungrar þingkonu fimm árum fyrr, sem ekkert hefur spurst til síðan. Áður en langt um líður hleypur á snærið hjá Mørk en þá er liðið á elleftu stundu.

Reyfarinn er ansi staðlað form og í þeirri holskeflu glæpasagna sem riðið hefur yfir Norðurlönd á undanförnum árum verður sífellt erfiðara fyrir glæpasagnahöfunda að marka sér sérstöðu. Adler-Olsen gerir enga tilraun til að finna upp hjólið heldur gengst formúlunni á hönd og heldur sig tryggilega innan hennar.

Kostur bókarinnar er aftur á móti sá að hann hefur ágætt vald á forminu; framvindan er hröð, brotin upp með hrollvekjandi og hugvitssamlegum lýsingum á raunum þingkonunnar í prísund sinni. Um miðbik bókarinnar fer vanan lesanda þó að gruna hvernig í pottinn er búið og fátt sem kemur á óvart þegar höfundurinn raðar púslunum saman. Seinni hluti bókarinnar reiðir sig því fremur á spennandi kapphlaup lögreglunnar við tímann en heilabrot lesandans. Það tekst í sjálfu sér bærilega, þótt ekki sé alltaf sannfærandi hvernig vísbendingarnar rata í hendur lögreglunnar (skjalataska þingkonunnar kemur til dæmis í leitirnar með ótrúlega naskri getspeki að hætti Sherlock Holmes). Fórnarlambið og illþýðið eru líka máluð í helst til sterkum litum; göfuglyndi þingkonunnar stappar nærri heilagleika og illska kvalara hennar er algjör.

Adler-Olsen hefur greinilega lagt upp með að skrifa bókaflokk um þá Mørk og Assid. Sá fyrrnefndi er erkitýpa af norræna lögregluskólanum, snjall en sérlundaður, fráskilinn og plagaður af nýlegri skotárás þar sem félagi hans féll í valinn en annar lamaðist. Innflytjandinn Assid er dreginn upp sem kómísk hjálparhella til að byrja með en smám saman kemur í ljós að hann er ekki allur þar sem hann er séður. Persóna hans býður í sjálfu sér upp á talsvert meiri möguleika en Mørk og þyrfti ekki að koma á óvart þótt hlutur hans verði meiri í bókunum sem á eftir fylgja. Þýðing Hilmars Hilmarssonar er látlaus og rennur ágætlega, þótt oftar hefði mátt grípa í samheitaorðabókina; að minnsta kosti fimm sinnum er gripið til líkingarinnar „hafsjór“, þar af tvisvar með einnar eða tveggja blaðsíðu millibili.

Á heildina litið er Konan í búrinu sæmilega ágætur reyfari og vel heppnaður inngangur á bálki sem gæti vel átt eftir að falla í kramið hjá íslenskum glæpasagnaunnendum.

Bergsteinn Sigurðsson

**Niðurstaða:** Ágætur reyfari þar sem hröð atburðarás og hrollvekjandi lýsingar af hremmingum fórnarlambsins sjá til þess að spennan heldur dampi til enda.


PÁSKA TILBOÐ
STÚTFULLAR VERSLANIR AF SJÓÐHEITUM PÁSKATILBOÐUM
PÁSKATILBOÐ
STÚTFULL BÚÐ AF FARTÖLVUM • NÝ SJÓÐANDI HEIT MÓDEL • OPIÐ ALLA HELGINA
0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR VAXTALAUST Í 12 MÁNUÐI
ALLT AÐ 50 ÞÚSUND AFSLÁTTUR AF FARTÖLVUM
acer ASUS hp lenovo packard bell SONY TOSHIBA
OPNUNARTÍMAR
Í dag miðvikudag
10:00 - 18:30
Fim, föstudag
LOKAÐ
Laugardag
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# Skrælingjasýning Kristínar Svövu



KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR

Skrælingjasýningin nefnist ný ljóðabók eftir Kristínu Svövu Tómasdóttur sem Bjartur gefur út nú í Dymbilviku.

Þetta er önnur ljóðabók Kristínar Svövu, en hún vakti talsverða athygli fyrir frumraun sína, Blótgælur, sem kom út fyrir jól 2007. Var hún meðal annars valin ljóðabók ársins af starfsfólki bókaverslana.

Um Blótgælur sagði gagnrýnandi Fréttablaðsins meðal annars í fjögurra stjarna dómi á sínum tíma:

„Blótgælur Kristínar Svövu sæta tíðindum, eitursætar rósir í hnappagat ljóðsins, markviss og markverð frumraun. Þroskuð og heilsteypt ljóð sem einkennast af ríkulegri skáldgáfu, frumlegri og íróniskri sýn á samtímann, og óbilandi trú á eigið ágæti (hlutverk og gildi skáldskapar).“

Aprílmánuður hefur reynst bókaunnendum gjöfull, því auk bókar Kristínar Svövu koma út fimm nýjar ljóðabækur á vegum Uppheima.



**MÚSÍK Í MÝVATNSSVEIT** Flytjendur í ár eru Þóra Einarsdóttir, Laufey Sigurðardóttir, Anna Áslaug Ragnarsdóttir og Einar Jóhannesson.

# Músík í Mývatnssveit

Hin árlega tónlistarhátíð Músík í Mývatnssveit verður haldin í þrettánda sinn á morgun, skírdag, og föstudaginn langa.

Hátíðin samanstendur af tvennum tónleikum með ólíkri efnisskrá. Flytjendur í ár eru Þóra Einarsdóttir sópran, Einar Jóhannesson klarinettleikari, Laufey Sigurðardótir fiðluleikari og Anna Áslaug Ragnarsdóttir, sem leikur á píanó og orgel.

Fyrri tónleikarnir verða haldnir í félagsheimilinu Skjólbrekku á morgun klukkan 20. Þar verða meðal annars flutt verk eftir Händel, Mozart, Schubert og Stravinskí ásamt innlendum og erlendum sönglögum.

Síðari tónleikarnir eru í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa klukkan 21. Þar tekur tónlistin mið af deginum og flutt verða verk eftir Bach og Mozart.

Aðgöngumiðasala verður við innganginn á hvorum tónleikastað.



# Smágerður ævintýraheimur

Myndlist ★★★

**Tilbúningur**

Harpa Dögg Kjartansdóttir og Ragnhildur Jóhannsdóttir

**Gallerí Ágúst**

Samsettar myndir, fundnar myndir, gamlar bækur, notaðar málningardósir. Gripir með fortíð birtast í umbreyttri mynd á sýningu þeirra Hörpu Daggar Kjartansdóttur og Ragnhildar Jóhannsdóttur sem nú stendur yfir í Gallerí Ágúst.

Harpa Dögg hefur um nokkurt skeið unnið fíngerðar klippimyndir, hér setur hún þær meðal annars fram á bakgrunni úr útflöttum málningardósum þar sem leifar málningar lifa enn. Á myndunum má sjá gróður og fólk, fíngerð form, skapa dálítið óræðan ævintýraheim. Myndirnar laða áhorfandann til sín.

Vinnuaðferðin er bæði gömul og ný, klippimyndir í sjálfu sér eiga sér langa sögu og áttu sér ákveðinn hápunkt hjá súrrealistum í Frakklandi í kringum 1920, ekki síst hjá Max Ernst. Samspil ólíkra og órökréttra þátta á myndfleti minnir einnig á vinnuaðferðir súrrealista, en útgangspunktur samtímalistamanns hlýtur þó að vera annar. Margir kannast við klippimynd og pennateikningu Muggs frá 1920, Sjöundi dagur í Paradís. Myndir Hörpu Daggar minna á málverk en eru þó hreinar klippimyndir.

Ragnhildur Jóhannsdóttir notar einnig vinnuaðferð sem súrrealistar og Dadaistar lögðu stund á, klippir út texta og setur saman á ný þannig að nýr texti verður til. Þetta er afar þekkt vinnuaðferð og hefur birst á margvíslegan máta í listum á síðustu öld. Ragnhildi tekst ágætlega upp, hún nær að skapa listhlut, objekt, úr klippiverkum sínum. Stórt veggverk er bæði heillandi og fráhrindandi í senn þar sem magn útklipptra setninga verður yfirþyrmandi, offlæði textans óþægilegt, aðferir listamannsins sem minna á óhugnanlega krufningu verða þráhyggjukenndar. Verkin sem Ragnhildur sýnir hér eru öll unnin með sömu aðferð.

Á sínum tíma voru vinnuaðferðir súrrealistanna nýjar af nálinni og hugmyndafræði þeirra nýstárleg. Klippimynd Muggs var tiltölulega einstök, á mörkum myndskreytinga og frjálsrar myndlistar, eins og mikið af hans list. Krafan um frumleika tilheyrir liðinni tíð, það er óþarfi að vera alltaf að finna upp hjólið og listamönnum að sjálfsögðu frjálst að sækja í smiðju liðins tíma og prjóna í kringum það sem fyrir er. Hér er útkoman áhugaverð, það er forvitnilegt að skoða skrúð fíngerðra klippimynda og lesa texta Ragnhildar. Mikið lengra ná verkin þó ekki.

Sýningin í Gallerí Ágúst er falleg, vandlega unnin, vel hugsuð. Niðurstaðan mætti þó vera áleitnari, skilja meira eftir sig. Það fer þó ekki milli mála að hér eru hæfileikaríkar listakonur á ferð sem eiga mikið inni og forvitnilegt verður að fylgjast með þróun verka þeirra á næstunni.

**Ragna Sigurðardóttir**

**Niðurstaða:** Heildin er helst til áferðarfalleg og gæti verið áleitnari. Engu að síður vönduð og vel unnin sýning, áhorfandinn nýtur þess að rýna í smágerðar myndir og lesa ljóð.






## KJÚKLINGABRINGUR MEÐ KÓRÍANDER OG LIME

*fyrir 4 að hætti Steingríms - vinotek.is*

4 kjúklingabringur, skinnlausar
1 límóna, safinn pressaður
1/2 búnt kóríander, saxað fínt

2 msk ólífuolía
1 msk akasíu-hunang
salt og pipar

Blandið saman lime-safanum, olíunni, kóríander, hunangi, salti og pipar. Veltið bringunum vel upp úr kryddleginum og látið þær marinerast í að minnsta kosti klukkustund, helst lengur. Steikið á pönnu eða grillið. Bringurnar þurfa um það bil 5 mínútur á hvorri hlið. Skerið bringurnar í sneiðar og berið fram með heitum tortillas, salsa, guacamole, hrísgrjónum og sýrðum rjóma.




**Úrbeinað og fyllt lambalæri**
að hætti Jóa Fel




**Hamborgarhryggur Hagkaups**
að hætti landsliðs matreiðslumeistara




**Veislulæri Hagkaups**
marinerað




**Lambasteikur - úrbeinað læri**
Skógarberja eða Marokkó kryddlegið

Jói FEL



**BRAUÐSALÖT JÓA FEL**
Gómsæt salöt á brauðið og kexið

























24 Hagkaup **OPIÐ** ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 25. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð

# Fólk

folk@frettabladid.is



28 *Ástralska fyrirsætan Miranda Kerr fyllir 28 árin í dag.*

## Breyttur bransi

**Ofurfyrirsætan Cindy Crawford telur fyrirsætubransann hafa breyst mikið frá því hún var á hátindi ferils síns. „Bransinn hefur breyst mikið. Ég sá CoverGirl auglýsingu með Taylor Swift og hugsaði með mér: „Vá, það er mun erfiðara fyrir fyrirsætur að verða sér úti um vinnu í dag. Þú verður að geta dansað og sungið ofan á allt annað.“ Þegar ég var uppi á mitt besta þótti eðlilegt að vera í fatastærð sex, núna þykir eðlilegt að vera í stærð tvö.“**



**HISSA** Fyrirsætan Cindy Crawford segir fyrirsætubransann hafa breyst mikið á síðustu árum. NORDICPHOTOS/GETTY



**NÝTT LAG** Hvanndalsbræður og Magni hafa gefið út lagið Frjáls.

## Gefa saman út lagið Frjáls

**Hljómsveitin Hvanndalsbræður og söngvarinn Magni Ásgeirsson hafa sent frá sér lagið Frjáls. Tvíeykið hefur unnið töluvert saman að undanförnu og þótti þeim tími kominn á að gefa út lag saman. Hvanndalsbræður hafa verið starfandi í níu ár og gáfu á síðasta ári út sína fimmtu plötu, sem fékk fínar viðtökur. Hljómsveitin hefur í nógu að snúast um páskana því fram undan eru böll á Græna hattinum, Spot, Logalandi og í Gamla kaupfélaginu á Akranesi.**



**OPNA VERSLUN** Systurnar Ása og Jóna Ottesen opna nýja vefverslun á næstu dögum. Verslunin hefur fengið nafnið Lakkalakk.

# Tískusystur opna vefverslun

**Ása og Jóna Ottesen opna vefverslunina Lakkalakk. Búðin á að sverja sig í ætt við NastyGal og Pixiemarket.**

> Jóna átti hugmyndina að þessu öllu saman og hefur verið að þeysast um New York til að finna falleg föt og ýmsa fylgihluti. Við höfum fulla trú á því að það sé markaður fyrir flotta vefverslun á Íslandi.
>
> **ÁSA OTTESEN** VERSLUNAREIGANDI

„Það má segja að við séum að leita aftur í ræturnar með að opna búð en við höfum báðar verið viðloðandi þennan verslunar- og tískubransa lengi,“ segir Ása Ottesen, einn vinsælasti tískubloggari landsins. Hún ætlar í samvinnu við systur sína, Jónu, að opna vefverslun stútfulla af nýjustu tísku á næstu dögum.

Ása hefur löngum staðið vaktina í tískuverslunum bæjarins og nú síðast í Gyllta kettinum þar sem hún starfaði sem verslunarstjóri og stílisti í nokkur ár. Jóna hefur einnig verið með annan fótinn í verslunarbransanum en hún er nú búsett í New York og hefur séð um flestöll innkaup fyrir búðina. „Jóna átti hugmyndina að þessu öllu saman og hefur verið að þeysast um New York til að finna falleg föt og ýmsa fylgihluti. Við höfum fulla trú á því að það sé markaður fyrir flotta vefverslun á Íslandi,“ segir Ása en fyrirmyndin fyrir búðinni eru vefbúðir á borð við NastyGal og Pixiemarket sem tískusinnaðir Íslendingar ættu að kannast við.

Búð þeirra systra hefur fengið nafnið Lakkalakk en það liggur skemmtileg saga á bak við nafnið. „Litla systir okkar var alltaf að biðja okkur um að naglalakka sig þegar hún var lítil nema hún sagði lakkalakk í staðinn fyrir naglalakk. Þetta nafn er því okkur kært og passar vel að okkar mati,“ segir Ása en vefurinn lakkalakk.com verður ekki bara sölusíða heldur ætla systurnar að halda úti tískubloggi og gera reglulega myndaþætti og vídeó með nýjustu vörunum. Nú þegar má fá smá forskot fyrir opnunina á Facebook-síðu Lakkalakk.

En er ekkert mál að opna búð? „Jú, það er sko mikið mál. Við eigum sem betur fer góða að sem hafa trú á okkur,“ segir Ása og bætir við að fyrsta sendingin hafi verið að koma í hús og að fatnaðurinn líti vel út. „Mig klæjar í puttana að fá mér eitthvað sjálf en við pöntuðum bara nokkur stykki af hverri flík til að byrja með og því verð ég að sitja á mér svo það verði eitthvað til fyrir viðskiptavinina,“ segir Ása og telur niður í opnun síðunnar lakkalakk.com 20. maí.

alfrun@frettabladid.is

## Feðgar spila í Litháen

**Feðgarnir Óskar og Pan Thorarensen sem skipa rafdúettinn Stereo Hypnosis spila á tónlistarhátíð í borginni Vilníus í Litháen 28. apríl. Hátíðin nefnist Jauna Muzika og er stærsta raftónlistarhátíð Eystrasaltsríkjanna. Þetta verður í fyrsta sinn sem þeir feðgar spila í Litháen en fyrir tveimur árum stigu þeir á svið í Eistlandi, Lettlandi og í Rússlandi. Síðasta sumar spiluðu þeir svo á þrennum tónleikum í Flórens á Ítalíu. Tvær EP-plötur eru væntanlegar frá Stereo Hypnosis á árinu. Önnur var tekin upp í Toscana-héraði á Ítalíu árið 2009 en hin á Hellissandi fyrir ári.**



**NÓG AÐ GERA** Kate Winslet viðurkennir að henni gangi ekki vel að slappa af heima fyrir og fái samviskubit þegar hún loks láti af því verða. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stöðugt samviskubit

**Leikkonan Kate Winslet segist í viðtali við breska blaðið Hello varla geta sest niður og slappað af án þess að fá samviskubit. Winslet er tveggja barna einstæð móðir og segist hafa látið sjálfa sig sitja á hakanum síðan hún varð móðir. „Ég var búin að gleyma því hvernig það var að setjast niður og lesa eða bara til að slappa af. Það er nóg um verkefni heima fyrir sem ég get frekar afgreitt en nú verð ég að skipa sjálfri mér að slappa af nokkrum sinnum á dag,“ segir Winslet, sem skildi við leikstjórann Sam Mendes fyrir ári.**






## FYRIR ALLA KRAKKA SEM ÆTLA AÐ SPRIKLA OG SPRELLA Í SUMAR

SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR BÖRNIN Í ÚTILÍF.



**VERÐ FRÁ 3.490 KR.**

**LEGGHLÍFAR.**
Vandaðar og sterkar fyrir alla verðandi fótboltakappa.



**VERÐ FRÁ 3.490 KR.**

**MARKMANNSHANSKAR.**
Mikið úrval af hönskum sem koma í veg fyrir markaregnið.



**TILBOÐ: 18.392 KR.**

**FALCON BLUSH.** 12" barnahjól.
Almennt verð: 22.990 kr.
Önnur barnahjól með 20% afslætti.



**TILBOÐ: 20.792 KR.**

**LASER 1.6.** 16" barnahjól.
Almennt verð: 25.990 kr.
Önnur barnahjól með 20% afslætti.



**VERÐ FRÁ 5.490 KR.**

**BADMINTONSETT.**
Ýmsar stærðir og gerðir. Það verður fjör í garðinum í sumar.



**VERÐ FRÁ 2.990 KR.**

**FÓTBOLTAR.**
Gott úrval af vönduðum og stórglæsilegum boltum sem bíða eftir hörkuskoti.



**VERÐ FRÁ 6.990 KR.**

**FÓTBOLTASKÓR.**
Ýmsar gerðir, ýmsar stærðir. Vandaðir skór sem komast örugglega í úrslit.



**VERÐ FRÁ 4.990 KR.**

**BAKPOKAR.**
Frábært úrval af bakpokum fyrir krakka sem ætla að sjá hvað er hinum megin við fjallið.



**VERÐ FRÁ 2.990 KR.**

**LÍTIÐ KÖRFUBOLTASETT.**
Nokkrar gerðir fyrir lágvaxna körfuboltakappa.



**VERÐ FRÁ 2.490 KR.**

Barnagötuskór í miklu úrvali. Vandaðir og fara vel með krakkafætur sem spretta úr spori. Skór á mynd kosta 6.990 kr.

**NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS UTI 54694 04/11




# RÚNAR KEPPIR Á CANNES

**Rúnar Rúnarsson virðist vera í miklum metum á kvikmyndahátíðinni í Cannes því kvikmynd hans Eldfjall hefur verið valin í tvo keppnisflokka. Þetta er í þriðja sinn sem Rúnar tekur þátt.**



**TIL CANNES** Rúnar Rúnarsson keppir í þriðja sinn á Cannes en í fyrsta skipti með kvikmynd í fullri lengd. Eldfjall kemur bæði til greina sem besta fyrsta mynd og í flokknum Directors' Fortnight. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þetta er eins gott og maður þorði að vona; þetta mun hjálpa myndinni að ná til breiðari og stærri hóps," segir Rúnar Rúnarsson kvikmyndagerðarmaður. Í gær var tilkynnt að kvikmynd Rúnars, Eldfjall, myndi keppa í tveimur flokkum á kvikmyndahátíðinni í Cannes. Annars vegar keppir hún í Directors' Fortnight, þar sem stór nöfn á borð við Martin Scorsese, Francis Ford Coppola og George Lucas komu fyrst fram á sjónarsviðið, og hins vegar um Camera d'Or eða fyrir bestu fyrstu kvikmynd leikstjóra. „Síðarnefndu verðlaunin eru hluti af aðalverðlaununum en Directors' Fortnight er flokkur sem franska leikstjórasambandið stendur fyrir," útskýrir Rúnar. Þetta er í fyrsta skipti sem íslensk kvikmynd keppir í flokki Directors' Fortnight síðan 1984, þegar Atómstöðin eftir Þorstein Jónsson keppti fyrir Íslands hönd.

Þetta er hins vegar ekki í fyrsta skipti sem Rúnar fer á Cannes með kvikmynd sína því hann hefur í tvígang keppt með stuttmyndir sínar. Rúnar á enn smókinginn sem framleiðslufyrirtækið ZikZak fjárfesti í handa honum fyrir þremur árum þegar Smáfuglarnir kepptu um aðalverðlaunin í stuttmyndaflokknum, en slíkur klæðnaður er staðalbúnaður við hátíðleg tilefni á frönsku Rivíerunni. „Ég held að hann passi ennþá og það sé í góðu lagi með hann. Ég hef allavega ekki verið að lenda mikið í slagsmálum í honum, þarf bara að fara með hann í hreinsun."

Eldfjall er þroskasaga manns sem er á leið á eftirlaun og þarf að takast á við nýtt hlutverk í lífinu. Með aðalhlutverkin fara þau Theódór Júlíusson og Margrét Helga Jóhannesdóttir en tónlistina gerði Kjartan Sveinsson, oftast kenndur við Sigur Rós.

Rúnar segir það einstaka upplifun að frumsýna kvikmynd á Cannes. „Það er virkilega gaman að vera í stóru kvikmyndahúsi og sjá eitthvað sem maður hefur séð þúsund sinnum en í öðrum aðstæðum. Þá er þetta bara eins og maður sé að sjá myndina í fyrsta skipti." Ekki hefur verið ákveðið hvenær myndin verður frumsýnd hér á landi en gert er ráð fyrir því að það verði í haust.

Rúnar er nú fluttur heim til Íslands eftir áralanga dvöl í Danmörku þar sem hann var við nám en segir að það sé fyrst núna sem hann átti sig á því hvar hann sé. „Konan mín og dóttir eru búnar að koma sér fyrir en ég hef náttúrlega verið á fullu að vinna myndina og er að átta mig á þessu hægt og rólega. Ég hef til að mynda verið að uppgötva að það eru engin kaffihús sem ég get reykt á né neinn bar og það var algjört kúltúrsjokk. Hins vegar er auðvitað gaman að vera kominn nálægt fjölskyldu og vinum."

freyrgigja@frettabladid.is

## Þriðja barn Knoxville



**Ólátabelgurinn Johnny Knoxville úr Jackass-myndunum á von á sínu þriðja barni með annarri eiginkonu sinni, Naomi Nelson. Þetta verður annað barn þeirra saman en fyrir eiga þau hinn sextán mánaða Rocko. „Ég og konan mín Naomi tilkynnum með mikilli ánægju að við eigum von á öðru barni í haust. Fimmtán ára dóttir mín Madison er mjög spennt yfir þessu og sextán mánaða bróðir hennar Rocko líka," skrifaði Knoxville á Facebook-síðu sína. Knoxville og fyrri eiginkona hans, Melanie Lynn Clapp, deila forræðinu yfir Madison.**

**ÞRIÐJA BARNIÐ** Johnny Knoxville á von á sínu þriðja barni með eiginkonu sinni Naomi Nelson.

## Hrósar Twitter

**Rapparinn og tónlistarmaðurinn Snoop Dogg hvetur kollega sína innan tónlistarbransans til að byrja að nota Twitter-samskiptavefinn ef þeir vilja ná árangri. „Að vera með persónulegt samband beint við aðdáendur hefur ekkert með plötufyrirtækið að gera heldur bara þig. Twitter býður upp á snilldarsamskipti," segir rapparinn og bætir við að varla sé hægt að ná árangri í dag nema vera virkur á Twitter og Facebook.**



# GLEÐILEGT SUMAR!

## FULL BÚÐ AF SKEMMTILEGUM SUMARGJÖFUM!





OPIÐ SUMARDAGINN FYRSTA



2.490

**NIKE GK JR GRIP / MATCH**
Markmannshanskar. Barnastærðir.



1.890

**NIKE PARK II GAME SOCKS**
Fótboltasokkar. Stærðir: 30-47.



8.990
(fullt verð 10.990)

**FIREFLY H40 JR**
Stækkanlegir línuskautar.
Stærðir: 29-32, 33-36, 37-40.




1.990

Fótbolti fylgir með öllum fótboltaskóm 20. - 23. apríl.

**PRO TOUCH INTERSPORT FORCE**
Fótbolti fylgir með öllum fótboltaskóm.



3.990

**HUMMEL TEAM SPIRIT WOVEN KNICKERS**
Fótboltabuxur. Barnastærðir.



6.990
(fullt verð 10.990)

**CRAZY CREEK SCOOTER ARROW**
Hlaupahjól fyrir börn allt að 50 kg.




4.690
(fullt verð 6.490)

**FIREFLY MCTWIST**
**FIREFLY ONE EYE JACK**
Hjólabretti fyrir börn allt að 50 kg.



6.990

**NIKE PARK II TF / FG JR**
Fótboltaskór á gras og gervigras.
Stærðir: 28-38,5.



7.990

**ADIDAS ORACLE K**
Götuskór úr leðri með slitsterkum sóla.
Hvítir: 28-36. Svartir: 28-40.



3.990

**CRAZY CREEK 3-DEL PRO JR**
Verndarhlífar fyrir hné, úlnlið og olnboga.
Barnastærðir.

EXPO • www.expo.is

INTERSPORT www.intersport.is

**AKUREYRI SÍMI 460 4890** OPIÐ: mið. 10 - 18. fim. 12 - 16. lau. 10 - 16 **BÍLDSHÖFÐA SÍMI 585 7220** OPIÐ: mið. 10 - 19. fim. 12 - 18. lau. 10 - 18 **LINDUM SÍMI 585 7260** OPIÐ: mið. 11 - 19. fim. 12 - 18. lau. 11 - 18
**SELFOSSI SÍMI 480 4611** OPIÐ: mið. 10 - 18. fim. 12 - 18. lau. 10 - 16 **SMÁRALIND SÍMI 585 7240** OPIÐ: mið. 11 - 19. fim. 13 - 18. lau. 11 - 18

# Frumsýna á föstudaginn langa

Leikfélagið Peðið frumsýnir leikritið Hlátur eftir Kristin Kristjánsson, fyrrverandi formann Hins íslenska glæpafélags, á föstudaginn langa. Leikritið gerist á hláturnámskeiði þar sem áhorfandinn fær innsýn í líf kennarans og þeirra sem námskeiðið sækja.

Hlátur vann leikritasamkeppni fyrir nokkrum árum en Kristni gafst ekki færi á að vinna nánar með verkið því hann féll frá stuttu síðar. Jón Benjamín Einarsson tók hins vegar við keflinu og þróaði verkið í samvinnu við Guðjón Sigvaldason leikstjóra. „Ég var góðkunningi Kristins og hafði jafnframt leikstýrt þessum leikhópi áður. Mér leist það vel á þetta handrit að mér þótti þess virði að vinna það áfram,“ útskýrir Guðjón.


**HLÁTUR** Á myndinni eru leikararnir Margrét Eymundardóttir, Gunnar Freyr Árnason, Guðrún Tómasdóttir og Halldór Sigurðsson.

Leikhópurinn hefur æft verkið undanfarnar sex vikur og segir Guðjón æfingar hafa gengið mjög vel. Verkið verður sýnt þrisvar sinnum yfir páskahátíðina og kveðst Guðjón ekki ætla að eyða páskafríinu í fjölskylduboðum. „Nei, við erum að sýna og skemmta öðrum þessa páskahátíð.“

Sýningar fara fram á Gallerí-Bar 46 við Hverfisgötu og er miðaverð 1.300 krónur. Hægt verður að kaupa miða á staðnum. **- sm**

# Átök innan tískubransans

**Linda Björg Árnadóttir segir að nám í fatahönnun sé fyrst og fremst listnám, ekki nám í vöruhönnun. Hún segir að fólk innan tískubransans sé ósammála um hvernig eigi að koma íslenskri fatahönnun á framfæri.**

Útskriftarsýning fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands fer fram í Hafnarhúsinu á skírdag og munu tveir erlendir prófdómarar dæma lokaverkefni nemenda. Dómararnir eru Emily Harris sem starfar hjá Sonia Rykiel og hin danska Rikke Ruhwald sem hefur meðal annars unnið hjá Rykiel og Lacroix.

Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar, telur mikilvægt að fá hingað hlutlausa aðila til að meta starfið sem fram fer við skólann. „Líkt og hjá öðrum hönnunarskólum er námið hjá okkur listnám og við erum að þjálfa fólk til að vinna á svokölluðu efsta stigi „prêt-à-porter“ hönnunar. Árlega fáum við til okkar gestadómara, sem allir eru starfandi hjá bestu hönnunarhúsunum, til að dæma útskriftarverkefnin,“ segir Linda Björg og bætir við að árgangurinn í ár sé sérstaklega sterkur.

Að hennar sögn er áberandi ágreiningur manna á milli innan íslenska tískubransans og fólk ósammála um hvernig eigi að koma íslenskri fatahönnun á framfæri. Því sé gott að fá hingað hlutlausa aðila til að dæma prófverkefni nemenda. „Ég hef meðal annars heyrt að nemendur okkar séu að hanna svo frumleg föt að það sé ekki hægt að ganga í þeim. Það fólk hefur greinilega litla þekkingu á fatahönnunarnámi því það er fyrst og fremst listnám og ekki nám í vöruframleiðslu. Þá þekkingu fá krakkarnir bæði í starfsnámi og starfi. Hér heima er mikið um að fólk hanni fatnað í „massaframleiðslu-gæðum“ en kynni hana sem „prêt-à-porter“, líkt og sumt af því sem sýnt var á RFF. Það má alls ekki rugla þessum tveimur mörkuðum saman, hönnun í „massaframleiðslu-gæðum“ á að kynna á öðrum stöðum og á annan hátt,“ útskýrir Linda Björg.


**FAGSTJÓRINN** Linda Björg Árnadóttir, fagstjóri fatahönnunardeildar LHÍ, segir menn greina á um hvernig koma eigi íslenskri fatahönnun á framfæri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Útskriftarsýningin fer fram klukkan 20.00 í Listasafni Reykjavíkur. **sara@frettabladid.is**





SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| SCREAM 4 Í LÚXUS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| HANNA Í LÚXUS | KL. 5.40 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (1050 KR) - 3.20 - 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL Í LÚXUS | KL. 1 - 3.20 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 3.20 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 1 (1050 KR) - 3.20 - 5.45 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 1 (750 kr) - 3.20 | L |
| LIMITLESS | KL. 8 - 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 (1050 KR) - 5.50 | L |
| RIO 2D ENSKT TAL | KL. 3.40 (750 kr) - 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| KURTEIST FÓLK | KL. 3.30 - 8 - 10.10 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 (750 kr) - 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| SCREAM 4 | KL. 8 - 10.10* KRAFTSÝNING | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075




Tilboð í bíó. Gildir á fyrstu sýningar dagsins.



LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | |
|---|---|
| SCREAM 4 | 8 og 10.20 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 2(950), 4 og 6 |
| YOUR HIGHNESS | 8 og 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 2(700), 4 og 6 |
| KURTEIST FÓLK | 4, 6 og 8 |
| NO STRINGS ATTACHED | 10 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |
| ARTHUR LUXUS VIP | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| MÖMMUR VANTAR Á MARS 3D M/ ísl. Tali | kl. 4 - 6 | L |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 6 - 8 | 7 |
| DREKABANARNIR ísl tal | kl. 4 - 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10:10 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 3.10 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| RIO 2D M/ ísl. Tali | kl. 3.20 - 5.40 | L |
| CHALET GIRL | kl. 3.20 - 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10.20 | 12 |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| ARTHUR | kl. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | kl. 4 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| BARNEY´S VERSION Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 | L |
| UNKNOWN Númeruð sæti | kl. 10:40 | 16 |
| ÆVINTÝRALEGUR FLÓTTI M/ ísl. Tali | kl. 3:20 | L |

tryggðu þér miða á www.sambio.is




BAR & CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 20:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:00 |
| DRAUMURINN UM VEGINN: 2. HLUTI | 22:00 |

BARA GÓÐAR MYNDIR WWW.BIOPARADIS.IS




MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS




# NIKE Fótboltadagur í JÓA ÚTHERJA

## NIKE FÓTBOLTASKÓ KYNNING

**KLUKKAN 14.00 - 18.30**

Tilboð á United, Barcelona og Arsenal fótboltabúningum, á meðan birgðir endast

## NIKE FÓTBOLTAHÆFILEIKAKEPPNI

**KLUKKAN 16.00 - 18.30**

Vegleg Nike verðlaun fyrir besta trikkið (bestu gabbhreyfinguna og/eða mestu hæfnina)
Besta stelpan og besti strákurinn fá verðlaun.
Dómari: Árni Ingi Pjetursson fótboltasérfræðingur frá Nike.

Jói útherji
KNATTSPYRNUVERSLUN

sport

sport@frettabladid.is



**RHEIN-NECKAR LÖWEN** komst upp að hlið Kiel í öðru sæti þýsku úrvalsdeildarinnar í handknattleik í gær er Íslendingaliðið vann fínan útisigur á Grosswallstadt, 24-34. Löwen og Kiel eru bæði með 47 stig í öðru sæti. Íslendingarnir í liði Löwen voru áberandi í gær en Róbert Gunnarsson skoraði sex mörk, Guðjón Valur Sigurðsson fimm og Ólafur Stefánsson eitt.

## ÚRSLIT

*Iceland Express-deild karla:*

**Stjarnan-KR 95-109**

Stjarnan: Jovan Zdravevski 20, Renato Lindmets 20/13 fráköst, Marvin Valdimarsson 14/4 fráköst, Justin Shouse 12/6 stoðsendingar, Kjartan Atli Kjartansson 10/4 fráköst, Fannar Freyr Helgason 9/4 fráköst, Guðjón Lárusson 5, Daníel G. Guðmundsson 3, Dagur Kár Jónsson 2.

KR: Marcus Walker 40/6 fráköst/6 stoðsendingar/8 stolnir, Finnur Atli Magnússon 20, Brynjar Þór Björnsson 12, Pavel Ermolinskij 11/13 fráköst/9 stoðsendingar, Hreggviður Magnússon 9/7 fráköst, Skarphéðinn Freyr Ingason 7, Jón Orri Kristjánsson 4/6 fráköst, Ólafur Már Ægisson 4, Fannar Ólafsson 2.



**HREGGVIÐUR** Kom í KR fyrir tímabilið og sér líklega ekki eftir því. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreggviður Magnússon:

## Ég er í sæluvímu

**KÖRFUBOLTI** Hreggviður Magnússon kom til KR frá ÍR fyrir tímabilið og fagnaði fyrsta Íslandsmeistaratitlinum á ferlinum í gær.

„Þetta er búin að vera löng bið og tilfinningin er sykursæt. Það er erfitt að útskýra þetta en ég er í sæluvímu,“ segir Hreggviður.

„Við erum búnir að vera að stefna að þessu í allan vetur. Við vissum að við vorum með besta liðið, það gekk á ýmsu fyrir jól en eftir jól þá small þetta saman hjá okkur. Þá var þetta bara spurning um að komast í úrslitakeppnina og standa við stóru orðin. Það gerðum við.“

„Okkar aðalsmerki er sterk vörn og svo hraðinn. Þeir reyndu að stilla upp og hægja á sókninni en það gekk ekki upp nema í leik númer tvö,“ segir Hreggviður sem var í nýju hlutverki í vetur og var ekki mikið í byrjunarliðinu. „Þetta var öðruvísi en ég var vanur. Það er öðruvísi að byrja ekki og vera ekki drifkraftur í sókn og vörn. Ég þurfti svolítið að finna mitt hlutverk í liðinu og það gekk á ýmsu fyrir jól. Við náðum að slípa okkur saman og ég fann mitt hlutverk,“ segir Hreggviður.

- óój

Teitur Örlygsson:

## Við áttum ekki möguleika

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, var daufur í leikslok en hann er enn á ný búinn að endurskrifa sögu körfuboltans í Garðabæ.

„Við áttum ekki möguleika því KR-ingarnir voru rosalega góðir í dag. Þeir hittu alveg svakalega og þá er alveg vonlaust að eiga við þetta. Við náðum að gera áhlaup nokkrum sinnum og þá gerðum við okkur seka um nokkur fáránleg mistök. Þeir voru það góðir í dag að þeir létu ekki bjóða sér það tvisvar,“ sagði Teitur.

„Marcus Walker var kannski gæfumunurinn í þessu því við vorum ekki með mann til þess að dekka hann frekar en önnur lið og hann varð bara betri og betri,“ sagði Teitur.

„Við tókum stórt skref í vetur og næsta skref er bara Íslandsmeistaratitillinn.“

- óój

# Hrafninn flýgur hátt í Vesturbænum

**Hrafn Kristjánsson gerði KR ekki bara að Íslandsmeisturum á sínu fyrsta tímabili með liðið því hann varð fyrsti þjálfari KR í 20 ár til að gera liðið að bikarmeisturum og fyrsti þjálfari KR í 32 ár til þess að vinna tvöfalt með liðið. KR-ingar innsigluðu Íslandsmeistaratitilinn með sannfærandi sigri á Stjörnumönnum.**

**KÖRFUBOLTI** KR-ingar eru Íslandsmeistarar í körfubolta karla í þriðja sinn á fjórum árum og í tólfta sinn frá upphafi eftir sannfærandi fjórtán stiga sigur á Stjörnunni, 109-95, í fjórða leik liðanna í úrslitaeinvígi Iceland Express-deildar karla í Garðabænum í gær. KR hlupu yfir Stjörnumenn í þessu einvígi og allir þrír sigrarnir voru eins sannfærandi og þeir gerast.

Bandaríski bakvörðurinn í KR-liðinu, Marcus Walker, var hreinlega óstöðvandi eins og oft áður í þessari úrslitakeppni og sá til þess að Garðbæingar áttu aldrei möguleika í kvöld. Marcus skoraði 18 af 40 stigum sínum í þriðja leikhlutanum þegar KR-liðið stakk einu sem oftar af og var auk stiganna með 8 stolna bolta, 6 stoðsendingar og 6 fráköst.

Hrafni Kristjánssyni, þjálfara KR-liðsins, tókst á fyrsta ári að gera KR að tvöföldum meisturum sem er eitthvað sem hefur ekki gerst í 32 ár hjá KR.

„Ég er búinn að rífa upp fjölskylduna einu sinni til tvisvar og hef haft miklar áhyggjur við og við. Ég hef alltaf fengið þann skilning að fá að elta drauminn sinn. Ég fékk síðan það traust frá Palla, Bödda og stjórninni í KR að fá að stýra uppeldisliðinu mínu í bestu umgjörð á Íslandi og það eru einstök forréttindi. Það er unaðsleg tilfinning að hafa náð að skila titlinum heim,“ sagði Hrafn sigurreifur í leikslok. Þegar hann gerði KR að bikarmeisturum í febrúar hafði KR ekki unnið bikarinn síðan 1991.

„Ég er eitthvað leiðbeinandi afl í þessu en það eru leikmennirnir sem vinna titlana. Þessir strákar eru búnir að vera ótrúlega einbeittir,“ sagði Hrafn hógvær.

Hann lagði upp með að keyra upp hraðann og það vafðist fyrir engum sem sáu úrslitaeinvígið að Stjörnuliðið átti enga möguleika á því að stöðva KR-hraðlestina sem skoraði sem dæmi 38 hraðaupphlaupsstig í leiknum í gær.

„Við vorum að vinna í því allt tímabilið að ná okkur á þennan hraða,“ sagði Hrafn og eitt af lykilatriðinu í velgengni liðsins var að finna Bandaríkjamanninn Marcus Walker.

Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, var stóryrtur fyrir tímabilið en hann stóð við stóru orðin. „Mér fannst ekki vera þörf á því að fela okkar markmið í september. Við tókum það strax fram að við ætluðum að vinna báða stóru titlana. Við horfðum bara á hvernig lið við vorum með, frábæran íslenskan hóp og svo þurftum við bara að bæta við sæmilegum Kana. Við duttum aldeilis í lukkupottinn þar. Við horfðum á það að finna einhvern varnarmann sem gæti stoppað bakkarana á Íslandi en hann gerði nú aðeins meira en það,“ sagði Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, í léttum tón.

„Hrafni tókst að púsla saman þessum risastóru egóum sem eru í þessu liði og tókst að búa til svona frábæra liðsheild. Það eru allir með eitt markmið og það markmið er að vinna titla. Hrafn er einn besti þjálfari sem ég hef haft. Hann er frábær þjálfari,“ sagði Fannar sem hefur kynnst mörgum góðum á löngum og sigursælum ferli.

„KR hefur gert það áður að fá KR-ingana aftur heim. Það hjálpaði svo mikið til að Hrafn er uppalinn í KR og hann þekkir félagið og pressuna. Það var ekkert vesen fyrir hann að labba þarna inn og hemja þessi egó. Ég held að ég, Hreggviður og Brynjar sjáum um egóið fyrir alla deildina. Ég tek því hattinn ofan fyrir Hrafni því þetta var frábært tímabil hjá honum,“ sagði Fannar sem hefur nú orðið Íslandsmeistari í öll fimm skiptin sem hann hefur komist í lokaúrslitin og var að lyfta Íslandsbikarnum í þriðja sinn frá og með árinu 2007.

ooj@frettabladid.is



**MEISTARAR** KR varð Íslandsmeistari í gær á sannfærandi hátt. KR er besta körfuknattleikslið Íslands í dag og vann báða stóru titlana í ár. Hrafn Kristjánsson þjálfari vann einstakt afrek líkt og leikmennirnir. KR-ingar fögnuðu innilega í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Bandaríkjamaðurinn Marcus Walker var kosinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppninnar:

# Ég reyni bara að vera góð manneskja

**KÖRFUBOLTI** Marcus Walker átti ótrúlega leiktíð með KR og krónaði hana með því að skora 40 stig þegar liðið tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í Ásgarði í gær. Það kom fáum á óvart að hann var valinn maður úrslitakeppninnar, eða „MVP“ eins og tíðkast í körfuboltaheiminum.

Walker skilaði ótrúlegum tölum í gær og rétt að tíunda þær sérstaklega hér. 40 stig, átta stolnir boltar, sjö fiskaðar villur, sex fráköst, sex stoðsendingar og aðeins einn tapaður bolti á tæpum 37 mínútum. Hann nýtti öll fimm skotin sín utan þriggja stiga línunnar.

Sjálfur sagði hann eftir leik langt síðan honum leið jafn vel og eftir að titillinn var í höfn.

„Reynslan mín af háskólaboltanum var frábær en það gekk þó á ýmsu hjá mér, bæði gott og slæmt. Ég hef því ekki upplifað annað eins í langan tíma. Það er sérstaklega gaman að fá að upplifa þetta með KR, lið sem er með ríka hefð og sögu – líklega þá bestu á Íslandi.“

Hann segir að tímabilið hafi verið frábært og hrósaði liðsfélögunum sínum. „Þeir hafa verið frábærir, rétt eins og félagið sjálft þar sem staðið er sérstaklega vel að öllu því sem þarf að hlúa að.“

Fyrsti leikur hans með KR í deildinni var einmitt gegn Stjörnunni. Þá átti hann ekkert sérstakan leik – skoraði innan við tíu stig og fékk fimm villur. En síðan þá, jafnt og þétt, hefur hann bætt sinn leik.

„Ég er Kaninn og verð að skila mínu. Mitt hlutverk er að gera það sem þarf að gera til að liðið vinni – annars verð ég sendur heim. Það er það sem hvetur mig áfram.“

Því hefur verið fleygt að hann sé einhver besti Bandaríkjamaður sem hefur spilað á Íslandi og honum þykir vænt um að heyra það. „Maður má ekki láta sitt eftir liggja. En ég reyni fyrst og fremst að vera góð manneskja. Körfuboltinn er bara ákveðinn hluti af lífinu en ég vil bara vera góð manneskja.“

- esá



**FRÁBÆR** Fannar Ólafsson, fyrirliði KR, var að vonum ánægður með Walker eftir leik í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Barcelona og Real Madrid mætast í úrslitum spænsku bikarkeppninnar:

# Fyrsti stóri titill ársins í boði



**STJÓRARNIR** Pep Guardiola og José Mourinho heilsast fyrir leik Barcelona og Real Madrid um helgina. NORDICPHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Barcelona og Real Madrid eigast við í úrslitaleik spænsku bikarkeppninnar á Mestalla-vellinum í Valencia í kvöld. Um risaslag er að ræða, eins og ávallt þegar þessi tvö lið eiga í hlut. Þau mættust í spænsku úrvalsdeildinni um helgina og skildu þá jöfn, 1-1. Þess má svo geta að þau mætast tvívegis í undanúrslitum Meistaradeildarinnar á næstu vikum.

Barcelona er svo gott sem búið að tryggja sér spænska meistaratitilinn enda með átta stiga forystu á Real. Það er því kappsmál fyrir Madrídinga að láta þennan titil sér ekki úr greipum renna og það til erkifjenda sinna.

„Það getur allt gerst í þessum leik og stemningin verður sjálfsagt hátíðleg,“ sagði Pep Guardiola, stjóri Barcelona. „Við verðum fyrst og fremst að hvetja okkar menn áfram en bera samt virðingu fyrir andstæðingnum.“

Hann sagði að sínir menn væru búnir að skoða leik helgarinnar vel. „Við þurfum að spila betur, skapa fleiri færi og láta boltann ganga hraðar á milli okkar.“

Barcelona varð síðast bikarmeistari árið 2009 og fór úrslitaleikurinn þá einnig fram á sama stað. Bið Madrídinga er talsvert lengri, en liðið varð síðast meistari árið 1993. Iker Casillas, sem hefur staðið vaktina í marki Real síðan 2000, hefur unnið alla titla sem í boði eru nema þennan.

José Mourinho, stjóri Real, hefur unnið bikarmeistaratitil í öllum þeim þremur löndum þar sem hann hefur þjálfað hingað til og getur bætt þeim fjórða í safnið í kvöld. - esá

Lokaúrslit í N1-deild karla:

## Rimman hefst á þriðjudaginn

**HANDBOLTI Úrslitarimma Akureyrar og FH um Íslandsmeistaratitilinn í handbolta hefst á þriðjudaginn næstkomandi. Fyrsti leikurinn verður á Akureyri og hefst klukkan 19.30.**

**Þrjá sigra þarf til að tryggja sér titilinn og skiptast liðin á að spila á heimavelli þar til úrslitin liggja fyrir. Næsti leikur á eftir verður í Kaplakrika föstudaginn 29. apríl og svo aftur á Akureyri sunnudaginn 1. maí.**

**Ef þörf verður á fjórða og fimmta leiknum fara þeir fram dagana 4. og 6. maí. - esá**



**ALFREÐ** Reiknar ekki með öðru en að Hamburg verði þýskur meistari í vor. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Alfreð Gíslason:

## Hamburg búið að vinna titilinn

**HANDBOLTI** Kiel og Hamburg munu eigast við í risaslag í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í kvöld en oftar en ekki hefur titilbaráttan ráðist í leikjum þessara liða í þýsku úrvalsdeildinni.

Svo gæti einnig farið nú, þó svo að spennan sé talsvert minni. Hamburg er í kjörstöðu á toppnum – með fimm stiga forystu á næstu lið og á leik til góða.

„Hamburg er búið að tryggja sér þetta, það liggur ljóst fyrir,“ sagði Alfreð Gíslason, þjálfari Kiel, við þýska fjölmiðla. „Hjá okkur snýst þetta um að tryggja okkur annað sæti deildarinnar.“ Aron Pálmarsson leikur með Kiel. - esá






## ÚRSLIT

*Enska úrvalsdeildin:*

Newcastle-Man. Utd 0-0

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **ManUnited** | **33** | **20** | **10** | **3** | **70-32** | **70** |
| Arsenal | 32 | 18 | 9 | 5 | 63-31 | 63 |
| **Chelsea** | **32** | **18** | **7** | **7** | **58-26** | **61** |
| Man City | 32 | 16 | 8 | 8 | 50-30 | 56 |
| **Tottenham** | **31** | **14** | **11** | **6** | **44-36** | **53** |
| Liverpool | 33 | 14 | 7 | 12 | 46-39 | 49 |
| **Everton** | **33** | **11** | **14** | **8** | **47-41** | **47** |
| Bolton | 32 | 11 | 10 | 11 | 46-43 | 43 |
| **Aston Villa** | **33** | **10** | **10** | **13** | **42-54** | **40** |
| Newcastle | 33 | 10 | 10 | 13 | 48-47 | 40 |
| **WBA** | **33** | **10** | **9** | **14** | **47-62** | **39** |
| Fulham | 32 | 8 | 14 | 10 | 36-35 | 38 |
| **Stoke City** | **32** | **11** | **5** | **16** | **39-42** | **38** |
| Birmingham | 32 | 8 | 14 | 10 | 33-43 | 38 |
| **Sunderland** | **33** | **9** | **11** | **13** | **35-47** | **38** |
| Blackburn | 33 | 9 | 8 | 16 | 40-54 | 35 |
| **Wigan** | **33** | **7** | **13** | **13** | **32-53** | **34** |
| Blackpool | 33 | 9 | 6 | 18 | 47-69 | 33 |
| **West Ham** | **33** | **7** | **11** | **15** | **39-58** | **32** |
| Wolves | 32 | 9 | 5 | 18 | 36-56 | 32 |

Gylfi og félagar í Hoffenheim:

## Fá nýjan þjálfara í sumar

**FÓTBOLTI** Þýska úrvalsdeildarfélagið Hoffenheim hefur ráðið sér nýjan þjálfara því Holger Stanislawski mun hætta með St. Pauli og tekur þess í stað við liði Hoffenheim í sumar.

Nú er að sjá hvort hinn 41 árs gamli Stanislawski gefi Gylfa Þór Sigurðssyni fleiri tækifæri en núverandi þjálfari liðsins. Stanislawski hefur stýrt St. Pauli frá 2006, en hann lék á sínum tíma 257 leiki fyrir félagið og var þá í stöðu varnarmanns.

Marco Pezzaiuoli tók við Hoffenheim á miðju tímabili þegar Ralf Rangnick hætti með liðið en Rangnick hefur síðan tekið við liði Schalke. - óój

# Newcastle kveikti von fyrir Arsenal

**Man. Utd varð af mikilvægum stigum í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar í gær er liðið gerði markalaust jafntefli gegn Newcastle á útivelli. Þrátt fyrir mikla pressu tókst Man. Utd ekki að skora í leiknum.**



**RÁÐALAUS** Ryan Giggs og félagar í Man. Utd náðu ekki að koma inn marki hjá Newcastle í gær og opnuðu toppbaráttuna upp á gátt í leiðinni. United vildi fá víti í lokin en fékk ekki frá dómaranum. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

**FÓTBOLTI** Arsenal er aftur komið á fullt í toppbaráttu ensku úrvalsdeildarinnar eftir að Man. Utd missteig sig í Newcastle. Þetta voru önnur vonbrigði fyrir lið Man. Utd á nokkrum dögum því liðið tapaði fyrir Man. City í undanúrslitum ensku bikarkeppninnar um síðustu helgi.

Forskot Man. Utd á toppnum er nú sjö stig en liðið hefur leikið einum leik meira en Arsenal. Vinni Arsenal leikinn sem það á inni verður munurinn aðeins fjögur stig og enn fimm leikir eftir í deildinni.

Fyrri hálfleikur var virkilega líflegur og byrjaði með látum. Það voru tæpar tvær mínútur liðnar af leiknum þegar Wayne Rooney átti magnaða sendingu inn í teiginn á Javier Hernandez sem var í opnu færi. Tim Krul, markvörður Newcastle, átti aftur á móti frábært úthlaup og varði skot Hernandez.

Heimamenn í Newcastle báru enga virðingu fyrir toppliðinu og sóttu af nokkrum krafti. Þeir gerðu United oft lífið leitt með snörpum sóknum og það var nokkuð að gera hjá hinum aldna Edwin van der Sar í marki Man. Utd. Bæði lið áttu sína spretti en þrátt fyrir það var ekkert skorað í fyrri hálfleiknum.

Man. Utd herti róðurinn nokkuð í síðari hálfleik og pressan að marki Newcastle þyngdist eftir því sem leið á hálfleikinn.

Rúmum 20 mínútum fyrir leikslok fékk Ryan Giggs algjört dauðafæri. Fékk boltann einn og óvaldaður í miðjum teig Newcastle en skot hans fór fram hjá markinu. Þar fór Giggs illa með úrvalsfæri til þess að koma United yfir.

Það var alveg sama hvað Man. Utd reyndi, boltinn vildi ekki í netið. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, skipti bæði Antonio Valencia og Michael Owen inn af bekknum en allt kom fyrir ekki.

Gestirnir vildu fá víti í lokin þegar Danny Simpson virtist brjóta á Hernandez. Líklegast var rétt hjá dómaranum að flauta ekki. „Mér fannst ég ekki koma við hann. Ég fann ekki fyrir neinni snertingu. Mér fannst hann fara auðveldlega niður,“ sagði Simpson um atvikið en Ferguson sagði það vera hneyksli hjá dómaranum að gefa Hernandez spjald.

„Þetta var klárt víti og móðgun hjá dómaranum að spjalda hann. Dómarinn átti góðan dag en olli sjálfum sér vonbrigðum með þessu spjaldi,“ sagði Ferguson pirraður.

„Newcastle spilaði annars vel í þessum leik og gerði okkur erfitt fyrir. Við komum okkur í fínar stöður en náðum ekki að láta markvörðinn þeirra hafa fyrir hlutunum. Ég held við séum samt í fínni stöðu enda einum leik færra eftir.“

Alan Pardew, stjóri Newcastle, sagði dómarann hafa gert rétt með því að dæma ekki víti. „Danny setti fótinn út sem er alltaf hættulegt. Hann snerti samt ekki Hernandez sem lét sig falla. Ég tek ofan fyrir dómaranum að falla ekki í gildruna því þetta var ekki auðveld ákvörðun,“ sagði Pardew.

henry@frettabladid.is

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
10 ÁRA 2001-2011

Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




Allt sem þú þarft...



**ÁHUGI VÍÐA** Félög víða í Evrópu hafa sýnt Hreiðari Levý áhuga. Hann er hér í leik með Emsdetten.

Hreiðar Levý er líklega á förum frá Emsdetten:

## Hreiðar með tilboð frá liði í Hvíta-Rússlandi

**HANDBOLTI** Landsliðsmarkvörðurinn Hreiðar Levý Guðmundsson mun líklega hafa vistaskipti í sumar en samningur hans við þýska B-deildarfélagið Emsdetten rennur þá út. Félagið hefur ekkert rætt við Hreiðar um nýjan samning og því er hann farinn að líta í kringum sig.

„Það eru margir leikmenn að renna út á samningi hjá félaginu en þeir vilja ekkert ræða málin fyrr en í sumar,“ segir Hreiðar Levý en útskýringin á því er líklega sú að félagið veit ekki fyrr en í sumar hver rekstrargrundvöllurinn verður fyrir næsta vetur.

Markvörðurinn hefur ekki hug á því að bíða endalaust eftir tilboði frá félaginu.

„Framtíðin er óráðin hjá mér en það eru þreifingar víða. Ég hef fengið fyrirspurnir frá liðum í Þýskalandi, Danmörku og Noregi og svo kom eitt óvænt frá Hvíta-Rússlandi frá liði sem Gintaras Savykunas er að þjálfa,“ sagði Hreiðar og bætti við að eitthvað mikið þyrfti að gerast til að hann tæki tilboði frá Hvíta-Rússlandi.

„Það er mjög líklegt að ég fari frá Emsdetten og ég er að skoða mín mál í rólegheitum. Það þarf að vega og meta öll tilboð sem koma. Þetta hefur gengið hægt síðustu vikur en virðist vera að taka smá kipp núna,“ sagði Hreiðar, sem vill eðlilega ganga frá sínum málum sem fyrst.

„Ég þarf að losa íbúðina mína hér 1. júní og það væri óneitanlega skemmtilegra að vita hvert ég ætti að fara í kjölfarið,“ sagði Hreiðar kíminn.

Hjá Emsdetten eru einnig þeir Fannar Þór Friðgeirsson og Sigfús Sigurðsson. Patrekur Jóhannesson þjálfar liðið en hann hefur lýst því yfir að hann sé á leið heim. - hbg

besta sætið

# MAGNAÐASTI ÚRSLITALEIKUR SÍÐARI TÍMA

Tvö af bestu liðum heims berjast til þrautar í hreinum draumaúrslitaleik um spænska konungsbikarinn. Misstu ekki af öðru einvíginu af fjórum á Stöð 2 Sport!

## BARCELONA
## REAL MADRID

Í kvöld kl. 19:20



VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## > Freida Pinto

„Ég vildi alltaf læra leiklist, en það er erfitt á Indlandi. Maður þarf að vera barn leikara eða eiga guðföður.

***Freida Pinto leikur í verðlaunakvikmyndinni Slumdog Millionaire, en myndin fjallar um hinn 18 ára Jamal sem er munaðarleysingi og ákveður að taka þátt í indversku útgáfunni af Viltu vinna milljón? með ótrúlegu gengi og er myndin á Stöð 2 Bíói kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ SIGRÍÐUR BJÖRG TÓMASDÓTTIR VARÐ FYRIR VONBRIGÐUM MEÐ PRESSU**

## *Afkáraleg saga úr samtímanum*



Önnur þáttaröð Pressu hóf göngu sína fyrir nokkrum vikum. Ég fylgdist með fyrri þáttaröðinni á sínum tíma og var því kunnug helstu persónum á dagblaðinu Póstinum og nokkuð spennt að endurnýja kynnin við þær. Aðalsöguhetjan Lára er að ljúka fæðingarorlofi í upphafi þáttaraðarinnar nýju. Hún er ekki komin aftur til starfa þegar viðskiptajöfur í vanda, Hrafn Jósefsson, leitar til hennar um aðstoð við að upplýsa morð á stúlku sem hann er sakaður um. Lára situr uppi með skuld vegna meiðyrðamáls í kjölfar fréttar sem hún skrifaði og fellst á að vinna fyrir Hrafn. Margt og mikið gerist í framhaldinu og það má segja að það góða við þáttaröðina sé að það gengur mikið á, nú þegar einn þáttur er eftir eru margir lausir endar sem verður fróðlegt að sjá hvernig verða hnýttir í lokaþættinum.

Söguþráður þáttaraðarinnar er þó heilt yfir slakur, plottið frekar ótrúverðugt, aðstæður og karakterar sömuleiðis. Sem dæmi má nefna samskipti Láru og sambýlismanns hennar sem fer að því er virðist án nokkurs aðdraganda til Kanada. Allar samræður þeirra á milli eru í besta falli vandræðalegar, Lára er eins og unglingur og nennir aldrei að tala við manninn. Hikar þó ekki við að senda barn þeirra með honum til Kanada og sömuleiðis eldri dóttur sína. Smábarnið tekur hún líka óhikað með sér á slóðir glæpamanna þegar hún er að þvælast með það með sér í vinnunni. Ég ætlast ekki til þess að spennuþáttaröð gefi raunsanna mynd af lífinu á ritstjórn dagblaðs, en allar senur sem sýna samskiptin þar eru afkáralega úr hófi fram.

Þættirnir eru heldur ekki sérlega vel leiknir, en leikararnir fá svo sem ekki úr miklu að moða. Það er synd að meiri vinna hafi ekki verið lögð í handrit þáttanna, ekki síst í ljósi þess að þegar var búið að skapa helstu persónur í fyrri þáttaröðinni sem hefði átt að gefa svigrúm til að vinna betur plott og samtöl.

### RÚV

**12.00 Prinsessuvernd** (e)
**13.30 Martin læknir** (3:8) (e)
**14.20 Á meðan ég man** (3:8) (e)
**14.50 Stephen Fry í Ameríku** (3:6) (e)
**15.50 Návígi** (e)
**16.20 Lífið – Fuglar** (5:10) (e)
**17.10 Lífið á tökustað** (5:10)
**17.20 Reiðskólinn** (4:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (30:42)
**18.30 Fínni kostur** (9:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.20 Læknamiðstöðin** (48:53) (Private Practice)
**21.05 Rafmögnuð Reykjavík** Heimildamynd eftir Arnar Jónasson um raftónlist í Reykjavík.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Ólafur Elíasson** (Ólafur Elíasson: Space Is Process)
**23.35 Svo fann hún mig** (Then She Found Me) (e)
**01.15 Landinn** (e)
**01.45 Kastljós** (e)
**02.25 Fréttir** (e)
**02.35 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**08.00 Baby Mama**
**10.00 Mr. Deeds**
**12.00 Shark Bait**
**14.00 Baby Mama**
**16.00 Mr. Deeds**
**18.00 Shark Bait**
**20.00 Slumdog Millionaire**
**22.00 Impulse**
**00.00 10.000 BC**
**02.00 Glastonbury**
**04.15 Impulse**
**06.00 Bride Wars**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (12:22)
**11.00 Cold Case** (14:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (1:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (11:24)
**13.25 Chuck** (3:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (11:22)
**15.00 iCarly** (9:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (3:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (5:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (11:17)
**20.10 Hamingjan sanna** (6:8) Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**20.55 Ghost Whisperer** (6:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**21.40 Stieg Larsson þríleikurinn** Fyrsta myndin í ógleymanlegum þríleik sem byggður er á bókum Stiegs Larsson. Nú kynnumst við blaðamanninum Mikael Blomkvist sem tekur sér frí frá blaðamennsku eftir að hafa verið dæmdur fyrir meiðyrði í garð viðskiptajöfurs. Henrik Vanger, fyrrverandi forstjóri hinnar voldugu Vanger-samsteypu, ræður hann til að skrifa sögu fjölskyldunnar.
**00.10 Steindinn okkar** (2:8)
**00.40 The Devil's Mistress**
**02.10 The Devil's Mistress**
**03.45 NCIS** (10:24)
**04.30 Fringe** (10:22)
**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

### 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Iceland Express-deildin 2011**
**17.35 Iceland Express-deildin 2011**
**19.20 Barcelona - Real Madrid** Bein útsending frá úrslitaleik spænska konungsbikarsins (Copa del Rey). Það eru stórlið Barcelona og Real Madrid sem mætast á Mestallaleikvanginum í Valencia.
**21.30 Þýski handboltinn: Kiel - Hamburg** Útsending frá leik Kiel og HSV Hamburg í þýska handboltanum. Leikurinn fór fram fyrr í kvöld.
**23.00 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**23.30 Barcelona - Real Madrid** Útsending frá leik Barcelona og Real Madrid í úrslitaleik spænska konungsbikarsins.

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Newcastle - Man. Utd.**
**13.40 Blackpool - Wigan** Útsending frá leik Blackpool og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.
**15.25 Birmingham - Sunderland** Útsending frá leik Birmingham City og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.
**17.10 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.05 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**18.35 Tottenham - Arsenal** Bein útsending frá leik Tottenham og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Maradona** Að þessu sinni verður fjallað um Diego Maradona sem er talinn besti knattspyrnumaður allra tima að margra mati.
**21.10 Chelsea - Birmingham**
**22.55 Tottenham - Arsenal**
**00.40 Sunnudagsmessan**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (4:7) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (4:7) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit/ útlit** (7:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (10:12) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos** (30:46) (e)
**19.25 Will & Grace** (22:24)
**19.50 Spjallið með Sölva** (10:16)
**20.30 Blue Bloods** (12:22)
**21.20 America's Next Top Model** (4:13)
**22.10 Rabbit Fall** (4:8) Kanadísk spennuþáttaröð. Lögreglukonan Tara Wheaton tekur að sér löggæslu í yfirnáttúrulega smábænum Rabbit Fall. Tara og Zoe ganga fram á lík ungrar stúlku á heilögum stað þar sem myrk öfl hafa ráðið ríkjum.
**22.40 Jay Leno**
**23.25 Hawaii Five-0** (7:24) (e)
**00.10 Law & Order: Los Angeles** (4:22) (e)
**00.55 Heroes** (8:19) (e)
**01.35 Will & Grace** (22:24) (e)
**01.55 Blue Bloods** (12:22) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**08.10 Valero Texas Open** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 Valero Texas Open** (2:4)
**16.00 Ryder Cup Official Film 2002**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (15:42)
**19.20 LPGA Highlights** (4:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights** (7:25)
**21.35 Inside the PGA Tour** (16:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (14:45)
**23.45 ESPN America**

### 2 EXTRA

**19.25 The Doctors**
**20.10 Falcon Crest** (23:28)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Bones** (4:23)
**22.40 Hung** (2:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri og stendur á rækilegum tímamótum í lífi sínu og allt gengur á afturfótunum.
**23.15 Eastbound and Down** (2:6) Ný gamanþáttaröð með Danny McBride í aðalhlutverki. Kenny Powers var stjarna í hafnabolta þar til sjálfselska hans og hegðun urðu til þess að honum var hent út úr meistaradeildinni.
**23.45 Daily Show: Global Edition** Spjallþáttur með Jon Stewart þar sem engum er hlíft og allir eru tilbúnir að mæta í þáttinn og svara fáránlegum en furðulega viðeigandi spurningum Stewarts.
**00.10 Falcon Crest** (23:28)
**01.00 The Doctors**
**01.40 Fréttir Stöðvar 2**
**02.30 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

### N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

### ÍNN

**20.00 Björn Bjarnason** Sigríður Andersen lögmaður.
**20.30 Eitt fjall á viku** Útvist að hætti Ferðafélags Íslands og Péturs Steingrímssonar.
**21.00 Eitt fjall á viku** Útvist að hætti Ferðafélags Íslands og Péturs Steingrímssonar.
**21.30 Bubbi og Lobbi** Sigurður G. og Guðmundur og kjarni málsins.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 22.15**

### Karlar sem hata konur

Fyrsta myndin af þremur sem byggðar eru á metsölubókum sænska rithöfundarins Stiegs Larsson. Önnur myndin, Stúlkan sem lék sér að eldinum, er á dagskrá annað kvöld og sú þriðja, Loftkastalinn sem hrundi, nk. mánudag.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó 11.00 Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Sögur af peningum **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Kamala, saga frá Indlandi **15.28** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **18.58** Tónlist í dymbilviku **20.00** Leynifélagið **20.30** Jónas Hallgrímsson og íslensk ljóðhefð **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**11.15** Keeping Up Appearances **11.45** ,Allo ,Allo! **12.30** A Bit of Fry and Laurie **13.00** The Inspector Lynley Mysteries **13.50** The Inspector Lynley Mysteries **14.35** Deal or No Deal **15.10** Deal or No Deal **15.45** Keeping Up Appearances **16.15** ,Allo ,Allo! **17.00** A Bit of Fry and Laurie **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.00** EastEnders **23.30** New Tricks **00.20** New Tricks **01.10** Top Gear

### DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.35** Grøn glæde **11.00** Så er der pakket **11.30** Saras køkken **12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Humf **14.05** Timmy-tid **14.15** Kasper & Lise **14.30** Skæg med tal **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Det sidste stik **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Smag på Norden **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** 40 Year Old Virgin **21.20** Onsdags Lotto **21.25** Man on Fire

### NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.15** Poirot **12.10** Dallas **13.00** NRK nyheter **13.10** Dallas **14.00** Den nordiske smaken **14.30** Ut i naturen **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.30** Påskenøtter **17.45** Prøvetid **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.30** Kriminalsjef Foyle **21.15** Løsning påskenøtter **21.20** Kveldsnytt **21.35** Concorde - superflyet som styrtet

### svt1

**10.05** Huset fullt av hundar **11.05** Vinnarna **11.35** Georgy - en ploygirl **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Simma lugnt, Larry! **21.25** Mästarnas mästare **22.25** Rapport



## Ostabakki - antipasti

Grillaðar paprikur, sól- eða ofnþurrkaðir tómatar, grillað eggaldin, hráskinka og þurrkaðar pylsur. Gullostur, gráðaostur með ferskri peru, blár Kastali.

Steyptur villisveppaostur skorinn út í litla hringi. Maribóostur með kúmeni. Kryddað apríkósumauk. Baguette-brauð.

Uppskriftina að kryddaða apríkósumaukinu má finna á vefnum www.ostur.is




### Gullostur

Hvítmygluostur. Hvítmyglan er einnig inni í ostinum. Áhugaverður ostur með mildu bragði sem gott er að njóta í lok góðrar máltíðar. Þessi ostur er einn af flaggskipunum í ostafjölskylduni frá MS.

# OSTAVEISLA FRÁ MS



## Heilbakaður Gullostur með timjan og hvítlauk

Vefjið smjörpappír utan um ostinn, pikkið átta göt ofan í ostinn og stingið ögn af timjan ásamt þunnum sneiðum af hvítlauk ofan í götin. Dreypið örlítilli ólífuolíu yfir. Pakkið ostinum aftur inn í bréfið sem var utan um hann og bakið hann í 30 mínútur við 160°C. Berið ostinn fram með grilluðu hvítlauksbrauði.

Osta er hægt að bera fram með ýmsum hætti, það má t.d. borða Gullostinn með góðu ávaxtamauki, eða með hnetum og hella síðan góðu hunangi yfir eða setja í hann fyllingu úr þurrkuðum ávöxtum s.s. apríkósum og fíkjum og skreyta hann að ofan með þurrkuðum trönuberjum og hlynsírópi. Búa til litlar og fallegar ostasamlokur eða ostasnittur.

*Kynntu þér fleiri góðar hugmyndir og uppskriftir á heimasíðunni: www.ostur.is*

MJÓLKURSAMSALAN




512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég sé sérlega eftir stillimyndinni á RÚV sem hefur nú verið dömpað eftir áratuga stabíla þjónustu við landsmenn. Maður varð aldrei fyrir vonbrigðum með hana. Fín íslensk dagskrárgerð.“*

Einar Tönsberg tónlistarmaður.

# Helga Braga útskrifuð flugfreyja

Iceland Express getur væntanlega státað af fyndnasta flugfreyjuhópi landsins því á mánudag útskrifaðist Helga Braga Jónsdóttir úr flugfreyjuskóla flugfélagsins. Helga Braga mun hitta fyrir Eddu Björgvinsdóttur, sem kláraði skólann í fyrra. „Eða eins og einhver sagði við mig: Edda og Helga Braga? Hvenær byrjar eiginlega Laddi?“ segir Helga í samtali við Fréttablaðið.

Liðlega 1.500 umsóknir bárust um flugfreyjustörfin en sá hópur var skorinn rækilega niður og aðeins 33 útskrifuðust á mánudaginn. Helga segist alltaf hafa verið tengd ferðaþjónustubransanum, hún hafi unnið á ferðaskrifstofu sjö sumur og svo sé hún mikill sígauni í sér. „Ég sá í fyrra að Iceland Express var að leita eftir starfskröftum en svo breyttust plönin hjá mér og ég benti Eddu á að sækja um. Og hún fékk,“ segir Helga. Síðan hafi þær stöllur hist og Edda talað um hvað þetta væri svo ógeðslega gaman. „Og þegar ég sá auglýsingu kom ekkert annað til greina en að láta slag standa.“

Flugfreyjuskólinn er síður en svo auðveldur, þetta er fimm vikna kúrs, kennt alla daga vikunnar. „Og þar sem Iceland Express er með flugvélar frá Astraeus þurftum að við að kunna á vélarnar þeirra. Þetta voru alveg rosalega strembin próf, mikill utanbókarlærdómur þar sem sjónminnið kom sér vel.“ **- fgg**





**FLÝGUR UM LOFTIN BLÁ** Helga Braga Jónsdóttir flaug í gegnum flugfreyjuskóla Iceland Express. Hún segir starfið henta sér vel, sígauninn sem hún sé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Stórsöngvarinn **Björgvin Halldórsson** er að taka upp nýja plötu með hljómsveit sinni Hjartagosunum, eins og Fréttablaðið greindi frá í gær, og er gripurinn væntanlegur í búðir í sumar. Björgvin, sem fagnaði sextugsafmæli sínu um helgina, ætlar að fljúga til Los Angeles að upptökunum loknum og heimsækja dóttur sína Svölu. Þar hefur hún dvalið undanfarin misseri við að koma sér og hljómsveit sinni, Steed Lord, á framfæri í hörðum heimi tónlistarbransans.



Sá skemmtilegi atburður gerist í kvöld að feðgar spila saman á Blúshátíð í Reykjavík. Um er að ræða þá **Jóhann Ásmundsson**, bassaleikara Mezzoforte, og 24 ára son hans Ásmund, sem hefur spilað á trommur með hljómsveitinni Perlu. Tónleikarnir verða á Hótel Nordica og þessi nýja hljómsveit þeirra nefnist Breiðfjörð og Blúströllin. Forsprakki hennar er söngvarinn Þór Breiðfjörð Kristinsson, sem er nýfluttur til Íslands eftir fjórtán ára búsetu erlendis. **- fb**







**ÓLI GEIR:** ÞAÐ ERU BARA FAGMENN SEM LÁTA SJÁ SIG Á DIRTY NIGHT

# Simmi og Jói löðrandi sveittir í steggjun á Selfossi

„Það eru bara fagmenn sem láta sjá sig á Dirty Night,“ segir gleðipinninn Óli Geir.

Hann stjórnaði sínu fyrsta Dirty Night kvöldi á 800 Bar á Selfossi í heilt ár um síðustu helgi og á meðal gesta var tvöfalda tvíeykið Simmi og Jói og Auddi og Sveppi. Heimsókn þeirra á 800 Bar var hluti af steggjun Jóa sem var haldin á laugardaginn en Jói ætlar að ganga upp að altarinu í sumar.

„Þeir voru þarna í góðum gír. Ég var náttúrlega að spila sjálfur en á meðan það var verið að loka og henda öllum út sá ég að það voru allir utan í þeim og vildu fá myndir,“ segir Óli Geir. „Staðurinn var alveg troðfullur og þetta kvöld heppnaðist ótrúlega vel.“

Dirty Night kvöld Óla Geirs hafa vakið mikla athygli í gegnum tíðina. Meðal annars sýna þar ungar meyjar undirföt, auk þess sem gestir geta keypt af þeim tekílaskot og sleikt saltið af brjóstunum á þeim. Á meðan á þessu stendur þeytir Óli Geir skífum af miklum þrótti.

Eiður Birgisson, eigandi 800 Bar, tók á móti Jóa og félögum: „Það var gríðarleg stemning í húsinu og barinn var löðrandi sveittur,“ segir hann. Steggjahópurinn samanstóð af átján manns en ekki mættu þó allir á Dirty Night, enda klukkan orðin ansi margt. „Þeir allra hörðustu komu til mín.“

Steggjunin hófst í miðjum útvarpsþætti Simma og Jóa á Bylgjunni á laugardagsmorgun. Vinir hans ruddust þá inn í stúdíóið og drógu Jóa í burtu. Á meðal þess sem tók við var hin svokallaða „Stjórnun“ Audda og Sveppa, þar sem Jóa var stjórnað í Kringlunni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var einnig komið í kring fundi með Jóa og kraftajötninum Jóni stóra. Þeir voru látnir klæðast eins fötum og þóttist Jón síður en svo vera ánægður með klæðaburð Jóa og tuskaði hamborgaradrenginn lítillega til. Eftir að hafa drukkið sérmerktan Jóa-bjór var steggjunum í framhaldinu ekið á rútu í sumarbústað í Úthlíð þar sem fjörið hélt áfram. Þaðan var síðan förinni heitið á 800 Bar, þar sem þeir hörðustu skemmtu sér fram á rauða nótt, eins og áður kom fram.

Ekki náðist í Jóa í gær en Simmi vinur hans vildi lítið tjá sig um steggjunina. Þó sagði hann að í stuttu máli að um þrautakóng hefði verið að ræða þar sem hinar ýmsu þrautir voru leystar. „Ef þú hugsar um Hangover [gamanmyndina] má segja að við höfum upplifað Hangover 3 nema að enginn missti tönn og það var ekkert lifandi tígrisdýr.“ **freyr@frettabladid.is**



**SIMMI OG JÓI** Jói var steggjaður um síðustu helgi og gekk ýmislegt á. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**GÓÐ STEMNING** Óli Geir hélt uppi góðri stemningu á Dirty Night á laugardagskvöld.

# Gnarr sýnd á Tribeca-hátíðinni

„Það er mjög gleðilegt að komast inn á svona stóra og flotta hátíð. Þetta verður ofsalega gaman,“ segir leikstjórinn Gaukur Úlfarsson.

Heimildarmynd hans, Gnarr, verður sýnd þrívegis á kvikmyndahátíðinni Tribeca í New York um páskana og verður frumsýningin á föstudaginn langa. Myndin fjallar um ævintýralega leið Besta flokksins í borgarstjórn með Jón Gnarr fremstan í flokki. Gaukur, Jón, Heiða Kristín Helgadóttir, framkvæmdastjóri Besta flokksins, og framleiðendur myndarinnar verða viðstödd hátíðina og munu þau dvelja í fimm daga í Stóra eplinu.

Tribeca er ein stærsta kvikmyndahátíð heims og á hverju ári stendur valið á milli þúsunda heimildarmynda. Aðeins um fimmtíu eru valdar á hátíðina og er því um mikinn heiður að ræða fyrir Gauk og félaga. „Ef þú ert ekki að gera Hollywood-stórmynd er þetta leiðin til að fanga athyglina. Því betri sem hátíðin er, þeim mun meiri athygli fær myndin,“ segir hann.

Gaukur og Jón Gnarr munu sitja fyrir svörum á laugardaginn á uppákomu á vegum fyrirtækisins Apple, sem öllum er boðið á. Aðrir leikstjórar og leikarar sem sitja fyrir svörum síðar á hátíðinni eru Will Ferrell, Ed Burns og Eva Mendes.

Að Tribeca-hátíðinni lokinni verður Gnarr sýnd á stærstu heimildarmyndahátíð Norður-Ameríku, Short Docs, í Toronto í Kanda. Íslenska heimildarmyndin Feathered Cocaine, sem fjallar um fálkasmygl, var einmitt sýnd bæði á þeirri hátíð og á Tribeca rétt eins og Gnarr. Sú mynd vakti verulega athygli og hver veit nema Gnarr eigi eftir að njóta sömu hylli. **- fb**



**Á LEIÐ TIL NEW YORK** Gaukur Úlfarsson (til vinstri) og annar af framleiðendum myndarinnar, Sigvaldi J. Kárason, ætla á Tribeca-hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

FLUGURNAR FÆRÐU HÉR Flugan.is

# VORTILBOÐ

DAM
Dam Taslan nælonvöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-

DAM
DAM neopren-vöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
13.995,-

SCIERRA
CC3 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.900,-

SCIERRA
CC4 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
49.900,-

SCIERRA
CC6 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
59.900,-

SIMMS
Freestone öndunarvöðlur og skór.
PAKKAVERÐ AÐEINS
49.900,-

RON THOMPSON
Hydrowave öndunarvöðlur og skór.
PAKKAVERÐ AÐEINS
24.900,-

MAD
MAD neopren-vöðlur í felulitum.
VORTILBOÐ AÐEINS
16.995,-

RON THOMPSON
Ron Tompson neoprenvöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
11.995,-

RON THOMPSON
Ron Thompson nælonvöðlur í barnastærðum.
Fyrir börn!
VERÐ AÐEINS
6.995,-

SCIERRA
TX2+, ný fluguhjól.
VORTILBOÐ AÐEINS
27.995,-

SCIERRA
XDP+ Casette, ný fluguhjól frá Scierra með þrem aukaspólum og tösku.
VORTILBOÐ AÐEINS
21.995,-

okuma
Airframe fluguhjól
3 aukaspólur og taska.
VORTILBOÐ AÐEINS
9.995,-

SCIERRA
Aquatex Pro veiðijakki
Vatnsheldur jakki með útöndun.
VORTILBOÐ AÐEINS
23.995,-

PROLOGIC
Felugalli Jakki og smekkbuxur.
VORTILBOÐ AÐEINS
25.900,-

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR!

DAM FLUGUSTÖNG Í FJÓRUM HLUTUM.
Hólkur fylgir. Okuma „large arbour" hjól.
Fjórar spólur, taska og flotlína.
FRÁBÆRT VERÐ. AÐEINS
29.900,-

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 5 - SÍMI 517 8050

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU
Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060




## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Örn Bárður sigrar hjá Vantrú

Trúleysingjasamtökin Vantrú standa árlega fyrir svokölluðum Ágústínusar-verðlaunum en þau eru veitt þeim sem þykja hafa ofboðið réttlætiskennd samtakanna með yfirlýsingum sínum. Samtökin eru óvenjuseint á ferðinni með verðlaunin þetta árið en sigurvegarinn reyndist vera **séra Örn Bárður Jónsson**. Samkvæmt vefsíðu samtakanna vann presturinn kosninguna með yfirburðum og fær páskaegg að launum en í öðru sæti hafnaði fyrrverandi sóknarpresturinn Ólafur Þ. Hallgrímsson og í því þriðja varð Þórey Guðmundsdóttir.



### Þingmaður með bílpróf

Mitt í umræðunni um það hvaða menntun stjórnmálamenn hafa kveður Ólafsfirðingurinn **Björn Valur Gíslason**, þingmaður Vinstri grænna, sér hljóðs. Hann bloggar um málið undir fyrirsögninni „Ræfillinn ég“. Pistillinn hefst svona: „Ég gekk í Barnaskóla Ólafsfjarðar og síðan Gagnfræðaskóla Ólafsfjarðar en lauk svo skyldunámi endanlega frá Siglufirði árið 1976 (það voru einhverjir samstarfserfiðleikar milli mín og skólayfirvalda í Ólafsfirði á þessum tíma). Tók bílpróf 17 ára – en missti það fljótlega aftur tímabundið vegna umferðalagabrota. Hef haldið því síðan.“ - fgg, sh



## Mest lesið vísir

1. Segir Dani verða að framselja Múhameðsteiknara
2. Heppnir höfuðborgarbúar 60 milljónum ríkari
3. Konur fá að fjúka frá borginni
4. Segja stjórnsýslulegt stórslys í vændum
5. Svona verður sameiningin í skólakerfinu
6. Tveir skipverjar á litlum fiskibáti hætt komnir




